

TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • NÓVEMBER 2009

Skuldauppgjör í skjaldborgum

~ Viðtalið ~

Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri
í fjármálaráðuneytinu

Eignir og skuldir
Íslendinga

KVÓTINN
Gull í greipum Ægis



Skilvísir skattgreiðendur

Fyrir allnokkru síðan komst kunnur Bandaríkjamaður svo að orði: „skattar eru það sem menn greiða fyrir síðað samfélag“. Sá er svo mælti var Oliver Wendell Holmes jr. dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna. Til þessara orða hefur á þessum vettvangi fyrr verið vísað af Indriða H. Þorlákssyni fyrrv. ríkisskattstjóra er fjallaði oftsinnis um nauðsyn þess að siðþrýði væri viðhöfð við gerð skattframtala en hlaut fyrir það ákúður ýmissa. Það er e.t.v. ástæða til að staldra við tilvitnuð orð Holmes við þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku samfélagi. Ljóst er orðið að á síðustu árum stóðu útrásarvíkingar hinir síðari og ýmsar fjármálastofnanir að stofnun mikils fjölda eignarhaldsfélaga sem virðast alloft hafa haft þann tilgang að komast hjá greiðslu skatta eða að leyna eignarhaldi, nema hvort tveggja hafi verið. Spyrja má hvort þeir sem hafa komið sér hjá að greiða skatta vilji þannig vera í öðru samfélagi, og þá ósiðuðu. Og í ljósi atburða í íslensku samfélagi er einnig ástæða til að velta fyrir sér hvort orð Holmes séu öfugmæli eða sýn hans eigi við um einhver önnur þjóðfélög en Ísland og þá væntanlega á allt öðru menningarstigi.

Öll skattheimta byggist í eðli sínu á skilvísir skattgreiðenda. Tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga grundvallast á því að réttir skattar séu álagðir og innheimtir. Langflestir Íslendingar eru heiðarlegir skattgreiðendur sem vilja hafa öll skattskil með réttum hætti og hafa ekkert að fela. Ekki er við þá að sakast, sem hafa þannig staðið réttilega skil á sínu framlagi, þótt skatttekjur hafi rýrnað. Ljóst er að við þær aðstæður sem nú ríkja eru það skilvísir skattgreiðendur sem bera uppi þjóðfélagið og jafnöruggt að ólíðandi er að hinir skilvísu standi einir undir rekstri þess. Þannig er það mikill meirihluti framteljenda sem vill halda sig við hið fornkveðna – að rétt skuli vera rétt. Allir þeir framteljendur sem halda fast við heiðarleika og eigin trúverðugleika tryggja grundvöll samfélagsins með hinum gömlu gildum. Með því að heiðra reglurnar sem þjóðfélagið byggist á skipa þeir sér af sjálfsdáðum í hóp síðaðra manna.

Þeir sem ekkert hafa að fela munu þannig standa upp úr á meðan lítil minnihluti þjóðarinnar hefur kosið að halda sig í skugganum og leggja eigin byrðar á samborgara sína en kjósa samt að telja sig í hópi síðaðra manna. Og hvernig er með sómakæra skattgreiðendur? Er þeim þökkun skilvísir og heiðarleikinn? Alltof lítið er gert af því að virða þá skattgreiðendur sem standa traustir og stöðugir og skila staðfastir sínu framlagi til sameiginlegra sjóða og stuðla þannig að siðuðu samfélagi. Þeirra er heiðurinn en verk efnið er skattfirvalda að sjá til þess að öðrum verði sömuleiðis gert að greiða skatt af tekjum sínum.

Eðli máls samkvæmt líður lunginn af þjóðinni fyrir undanskotin. Hversu oft hafa ekki hrekkláusir skattgreiðendur þurft að sæta athugasemdum þeirra sem brjóta af sér enda var það iðulega þannig að þeir sem mest bárust á hældust um af skattleysi sínu og þökkðu slíkt gjarnan eigin hyggjuviti eða snjallri ráðgjöf. Nú er þjóðfélagið breytt og það mun ekki lengur vera tíska að stæra sig af lögbrotum. Ópolinmóður og svekktur almenningur mun ekki líða slíkt lengur við núverandi aðstæður og horfir nú til þeirra sem beint eða óbeint hafa látið greipar sópa í sameiginlegum sjóðum landsmanna. Almenn fordæming á gerendum hrunsins hefur einnig beinst að þeim sem skammta sér lúsarlaus og greiddu það sem kallað var vinnukonuútsvar. Hvort að á því verði breyting á komandi árum er viðfangsefni skattfirvalda. Þar verður án efa af nógu að taka, hinir skattsáru munu margir hverjir ugglaut taka upp fyrri iðju jafnskjótt og þeir telja sig geta, verði ekki spornað við slíku með virkum aðgerðum.

Aukin skattbyrði á þessu ári og komandi árum er ótvíráð greiðsla fyrir hrúnið og athafnir útrásarvíkinga svo og siðleysi þeirra sem skotið hafa undan tekjum á liðnum árum gagnstætt því sem hin merka tilvitnun gefur fyrirheit um. Réttast væri að kalla skatta-hækkarnir undanfarna mánuði réttum nöfnum – útrásarskatta – lagða á þá sem ekki tóku þátt. Það er engu að síður eftirtektarvert að hinir siðfirtu hafa þó alla jafna kosið að búa í okkar siðaða þjóðfélagi enda eru skattar þar greiddir af öðrum sem hafa þá rótfestu sem gefur þeim styrk til að hlaupast ekki undan sameiginlegum skyldum.

Það hefur sannast á undanföllum árum að virkt skatteftirlit hefur skilað ríki og sveitarfélögum miklum fjármunum í hækkuðum opinberum gjöldum á þá sem reynt hafa að koma sér undan réttmætum skattgreiðslum. Þar hafa endurákvæðir skattar numið mörgum milljörðum króna. Það er ein sönnun þess að skattframtöl vissra aðila muni þurfa nákvæmari skoðun en unnin er við yfirferð í frumálagningu. Hert skatteftirlit mun einnig stuðla að auknu gagnsæi við greiningu á eignarhaldi innlendra sem erlendra eignarhaldsfélaga í eigu Íslendinga, þ.m.t. þeirra sem hafa flutt fjármuni og eignir til aflandsríkja.

Íslensk skattfirvöld þurfa á komandi árum að herða mjög allt skatteftirlit í ljósi þeirra aðstæðna sem nú ríkja. Ekki til að endur-reikna skatta hjá venjulegum Jónum og Gunnunum, heldur til að elta hraðar uppi þá sem stofnuðu leyndarfélög í aflandsríkjum til að fela tekjur sínar og eignir svo og aðra í svipaðri stöðu. Almennri hækkan skatta og gjalda til að mæta framtíðarútgjöldum má ekki eingöngu beina að þeim sem telja rétt fram og greiða þá

EFNI BLAÐSINS

Leiðarinn	2
Víðtalið - Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri	4
Erlend samskipti	9
Skuldauppgjör í skjaldborgum	12
KVÓTINN - Gull í greipum Ægis	14
Sparnaður og hagræðing í rekstri ríkisstofnana	16

TÍUND

BLAÐ NR. 52. - 3. TÖLUBLAÐ · 23. ÁRGANGUR

Útgefandi: RÍKISSKATTSTJÓRI

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir

Ljósmyndir: Logi Halldórsson o.fl.

skatta sem lagðir eru á vöru og þjónustu heldur er skattalögum ætíð ætlað að taka til allra. Vantaldar tekjur og offærðir frádráttarliðir hafa verið hefðbundin viðfangsefni skatteftirlits en ný verkefni hafa bæst við hin síðustu ár. Þannig munu skattyfirvöld nú í auknum mæli kljást við þá sem hafa rangt við með rangtúlkunum lagaákvæða og reikningskilareglna. Hin nýju úrlausnarefni eru m.a. flutningur eigna og skulda yfir í skuggafélög, oft með aðstoð kunnáttumanna, til að hagræða skattskilum á grundvelli sýndarviðskipta. Kortlagning ríkisskattstjóra á athafnasemi þeirra sem víða hafa farið með óskattlagða fjármuni sína hefur leitt í ljós hóp aðila sem virðist lítt um það gefið að greina frá aflandsferðum sínum og hafa aukinheldur við þá iðju haft uppi ótrúlega tilburði við að villa skattyfirvöldum og öðrum stjórnvöldum sýn.

Til að geta sinnt því mikilvæga og óhjákvæmilega verkefni að herða skatteftirlit án þess að auknar fjárveitingar komi til eru skattyfirvöld að breyta starfsáherslum sínum til að geta staðið undir því. Með nýrri upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja verða allar upplýsingar um inneignir og skuldir færðar rafrænt inn á skattframtöl en það gefur skattyfirvöldum betra yfirlit um eignamyndun og beinn aðgangur að slíkum upplýsingum veitir skattgreiðendum aðhald og tryggir réttari skattskil. Með bættum skilum á lögboðnum upplýsingum er þannig unnt að breyta vinnubrögðum skattyfirvalda með því að auka vélræna yfirferð skattframtala einstaklinga. Mannauður skattyfirvalda verður í þess stað nýttur í auknið eftirlit með framtölum stærri fyrirtækja og annarra sem stunda atvinnurekstur, hvort heldur undir eigin auðkenni eða hatti einkahlutafélags, að ekki sé talað um félagakeðjur. Rekja þarf af gaumgæfni fjármálaumsvif þeirra sem mest bærust á áður en hrúnið varð enda er að mörgu að hyggja við meðferð aðila þar sem flókið eignarhald er sviðsett án þess að nokkrir raunverulegir viðskiptahagsmunir virðist þar búa að baki.

Í lagalegu tilliti er brýnt að skattyfirvöldum verði búin nauðsynleg umgjörð til að unnt sé að gera eftirlitsaðgerðir bæði hagkvæmar og skilvirkar. Sömuleiðis þarf löggjafinn að huga að leiðum til að tryggja jafnræði framteljenda í skattalegu tilliti. Þar má nefna að draga úr mismun á skattlagningu einstaklinga og einkahlutafélaga, frádrætti arðs og söluhagnaðar frá atvinnutekjum og sitt hvað fleira.

Þegar staðreyndir liggja fyrir fer fram endurákvörðun opinberra gjalda að gættum öllum formreglum. Raunar er það svo að formreglurnar eru tíðast helsta viðbáran, þegar tekið er til varna við að hamla því að viðkomandi taki afleiðingum af upplýstum og sönnuðum gjörðum sínum. Athafnir skattleysingjanna eru þann-



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

ig að öllu jöfnu gerðar ívið flóknari en þegar íslenskir almúgamenn stunduðu snærisþjófnað frá dönskum kaupmönnum til að hafa í færi við að afla sér nauðþurfta. Þó nokkurrar samúðar gæti í sögubókum í garð slíkra ógæfumanna þá verður sú samúð seint yfirfærð á þá sem telja að ekkert smærra en milljarðar dugi til einkaneyslu.

Hugmyndaauðgi þeirra er komið hafa sér hjá skattgreiðslum, svo og ráðgjafa þeirra, hefur lítt þorrið síðustu ár og raunar hið gagnstæða. Fjarstæðukenndar hugmyndir um ráðstafanir og túlkun lagaákvæða á skjön við alla skynsemi eru birtingarmynd ýmissa ráðgjafa þeirra sem í fylgsnum halda sig. Ýmsum væri nú hollt að horfa um öxl á þá ábyrgðarlausu starfsemi sem átti sér stað í stað þess að hamast linnulítið við að fela eigin slóðir. Þeir hinir sömu ættu einnig að hafa í huga orð Holmes.

Þeir sem skotið hafa undan greiðslum ættu að sjá sóma sinn í því að snúa til betri vegar og standa nú skil á greiðslu undanskotinna skatta með því að leiðréttu skattskil sín og koma sér í hóp skilvísra skattgreiðenda. Þannig myndu þeir taka þátt í að rétta samfélagið úr þeirri alvarlegu kreppu sem nú ríkir sem þeir sjálfir áttu þátt í að valda. Ekki er svo sem líklegt að alikálfinum verði slátrað eins og í sögunni sem sögð var fyrir 2000 árum en örugglega myndu einhverjir hugsa að batnandi mönnum væri best að lifa.

Eignir og skuldir Íslendinga	18
Þróun virðisaukaskatts	23
Upplýsingastefna ríkisskattstjóra	24
Gjörðir skattsins tíundaðar	26
Hagræðing eða skattasniðganga	28
IOTA - alþjóðleg samtök skattyfirvalda	30

Hverju skilar skatteftirlit?	32
Álagning einstaklinga 2009	34
Fólkið á vaktinni	42
Úrskurðir	44
Dómar	47



~ Viðtalið ~
Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri
í fjármálaráðuneytinu

Mikilvægast er að horfa á verkefni stjórnarsýslunnar en ekki endilega hvar þau eru unnin

Það hafa verið hræringar í stjórnarsýslunni síðustu misseri. Fjármálaráðuneytið hefur ekki farið varhluta af þeim breytingum. Ný ríkisstjórn var skipuð 1. febrúar 2009 og þá tók Steingrímur J. Sigfússon við embætti fjármálaráðherra. Stuttu síðar urðu breytingar á yfirstjórn embættismannahluta ráðuneytisins þegar Indriði H. Þorláksson varð ráðuneytisstjóri í stað Baldurs Guðlaugssonar og enn urðu breytingar 11. júní sl. Þegar Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu var fenginn til að taka við embætti ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, fyrst tímabundið til áramóta en síðan var flutningurinn gerður varanlegur.

Guðmundur Árnason er 46 ára Eskfirðingur en á einnig ættir að rekja víðar af Austfjörðum. Hann varð stúdent frá MH en fór síðan til Bretlands þar sem hann lauk BA gráðu í stjórnmálafræðum og síðar MA prófi í sama fagi. Hann kom til starfa í forsætisráðuneytinu á árinu 1991 og varð skrifstofustjóri þar, vann um tveggja ára skeið sem ráðgjafi við Norræna þróunarsjóðinn í Helsinki en tók síðan við ráðuneytisstjórastarfinu í menntamálaráðuneytinu árið 2003 þar sem hann starfaði að mestu óslitið þar til hann tók við embætti ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu.

Löngum hefur það verið sagt að ráðuneytisstjórastaðan í fjármálaráðuneytinu sé eitt annasamasta embættið í stjórnarsýslunni. Og hafi annirnar verið miklar hér á árum áður hafa atburðir í íslensku samfélagi síðustu misseri aukið mjög á það ástand. Það var heldur ekki auðvelt fyrir Tíund að ná tali af Guðmundi enda viðfangsefni ráðuneytisins ærin síðustu mánuði.

Hvernig var fyrir þig að koma úr gjörólíku umhverfi mennta- og menningarmála inn í ráðuneyti fjármála á þeim tímum sem nú ríkja?

Það má með vissum sannni segja að starfið í menntamálaráðuneytinu hafi ekki verið svo frábrugðið því sem við tók í fjármálaráðuneytinu. Viðfangsefnin eru vissulega af öðrum toga og ólík, en þegar horft er á þetta í samhengi þá eru það svipuð lögmál

sem gilda á báðum stöðum. Að stýra ráðuneyti, hvort heldur það fer með mennta- og menningarmál eða fjármál, snýst um að reyna að hafa glögga yfirsýn, að samhæfa aðgerðir og sjá til þess að ráðuneytið sem stjórnarsýslueining skili þeim verkefnum sem því er ætlað. Ráðuneytin mótast

”

*... það getur ekki gengið til
lengdar að reka ríkissjóð með
þeim mikla halla sem nú er gert.
Það verður viðfangsefni okkar
á næstu árum að laga
ríkisreksturinn að breyttum
forsendum*

eðlilega af þeim sem þar starfa og þeim samskiptum sem þau eiga í og hinum eiginlegu viðfangsefnum og þar er vissulega munur á. Vitaskuld hefur meira verið um að vera í fjármálaráðuneytinu þessa mánuði en var að jafnaði í menntamálaráðuneytinu, en það hafa svo sem ekki verið sérstök rölegheit þar á bæ heldur á síðustu árum. Mestu skiptir að í báðum ráðuneytum er hæft og ósérhlífið starfsfólk sem ber starfsemina uppi.

Hvernig hafa verkefni fjármálaráðuneytisins breyst við núverandi aðstæður?

Það hefur margt breyst við hrun fjármála kerfisins og fjármálaráðuneytið glímir við ýmis viðfangsefni sem tengjast hruninu og eftirmálum þess. Eitt er að nú er gjörbreytt staða í ríkisfjármálum frá því sem var fyrir hrunið. Skuldirnar hafa vaxið en gæfa okkar var sú að þær voru litlar fyrir. Við höfum farið frá því að vera með allra skuldminnstu ríkjum í það að þurfa á næstu árum að nota umtalsverðan hluta tekna ríkisins til að borga afborganir og vexti af lánnum. Nettó skuldir ríkissjóðs eru hins vegar ekki hærrí en gerist meðal þeirra þjóða í Evrópu sem við miðum okkur gjarnan við.

Viðfangsefnið núna og á komandi misserum er að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og þar þarf að horfa til bæði tekju- og gjaldahliðanna. Það liggur í augum uppi að það getur ekki gengið til lengdar að reka ríkissjóð með þeim mikla halla sem nú er gert. Það verður viðfangsefni okkar á næstu árum að laga ríkisreksturinn að breyttum forsendum. Annað verkefni sem fjármálaráðuneytið glímir við er endurskipulagning fjármálastarfseminnar í landinu. Ráðuneytið hefur farið fyrir samningum milli nýju og gömlu bankanna, skilaneftanna, og verið leiðandi um breytingar á eignarhaldi á nýju bönkunum. Þar hafa náðst góðir áfangar á síðustu misserum. Í raun er verið að

leggja grunn að nýju kerfi fjármálastofnana – margar stofnanir eru horfnar, nýjar stofnanir komnar fram á sviðið - og það er mikilvægt að hér verði til fjármálakerfi sem þjónar vel íslensku samfélagi. Vinnan við þessa endurskipulagningu hefur að mörgu leyti gengið afar vel þótt ýmslegt sé óunnið.

Það fór fram ákveðin stefnumótun í menntamálaráðuneytinu. Hvað viltu segja um hana?

Jú, það hefur á síðustu árum verið lögð mikil áhersla á stefnumótun á sviði menntamála og á skömmum tíma er búið að endurskoða meginþætti nánast allrar löggjafar um menntamál með skipulegum hætti. Að mínu mati er nú miklu betri samfélla í löggjöfinni en áður var. Lagaramm-inn fyrir t.a.m. háskólastarfsemina er held ég að megi segja nútímalegri en víðast hvar í Evrópu og skapar skólunum góð og sveigjanleg starfsskilyrði.

Um þessar mundir er verið að fást við vandasöm og krefjandi verkefni við að innleiða ný lög á sviði menntamála og undirbúa hina eiginlegu framkvæmd. Þar skiptir miklu að vel takist til. Ég held að við búum vel. Menntakerfið hefur verið að styrkjast og það gildir um öll skólastig og sú þróun á að geta haldið áfram. Það er víða verið að vinna afar gott starf í skólum landsins.

Kannski má segja að hrun fjármálakerfisins kalli á að við gerum okkur betur grein fyrir því hverju við viljum að þeir fjármunir sem veitt er til mennta-, rannsókn-, og menningarmála skili samfélaginu. Á þessum sviðum öllum er enginn skortur á viðfangsefnum, ég held

t.a.m. að það sé orðið aðkallandi að skoða betur þau kerfi sem ætlað er að styðja við lista- og menningarstarfsemina í landinu. Þar hefur skort á skýra almenna og heildstæða nálgun en stefnumótun ráðuneytisins hefur miðast við að ráða bót á því.

Mikil lækkun ríkisútgjalda stendur fyrir dyrum og fjármálaráðuneytið hefur kynnt aðgerðir til að halda aftur af ýmsum kostnaði, m.a. er stefnt að launalækkun opinberra starfsmanna. Hvaða áhrif mun þetta hafa á stjórnsýsluna?

Það liggur fyrir pólitísk ákvörðun um að lækka laun í stjórnarráðinu og eftir atviki- um hjá öðrum ríkisstarfsmönnum. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að kjör á

”

... tryggt verði að þegar fer að ára betur í íslensku efnahagslífi missi ríkið ekki frá sér hæfa starfsmenn. Því þarf að hugsa vel fyrir því að ríkið verði samkeppnishæft um laun þegar staðan batnar og skilyrði skapast fyrir því að bæta kjörin

almennum vinnumarkaði hafa breyst til hins verra og fólk þurft að sæta tekjuskerðingu og jafnvel uppsögnum. Við verðum að horfast í augu við það að tekjur ríkisins hafa dregist snögglega og hastarlega saman

og það þarf að lækka útgjöld ríkisins. Það verður ekki gert nema að draga saman í launakostnaði. Launaútgjöldin geta lækkað með tvennum hætti; að þeir sem deila lægri launasummu fái minna hver um sig, eða að launasumman deilist á færri einstaklinga sem er ekki góður kostur á tímum atvinnuleysis. Það er hins vegar ekki sama hvernig að lækkun launa ríkisstarfsmanna er staðið. Það þarf að gæta að mörgu og hópar ríkisstarfsmanna eru misvel settir.

Fjármálaráðuneytið hefur haft ákvæðna forystu um útfærslu þessara ráðstafana og lögð hefur verið áhersla á að framkvæmdin verði á ábyrgð einstakra ráðuneyta og forstöðumanna stofnana en að ákveðins samræmis sé gætt. Við höfum lagt áherslu á virkt samráð við starfsmenn og að framkvæmdin verði í senn sveigjanleg og sanngjörn. Það sem skiptir einnig máli í þessu – og gerir málið erfiðara – er að á sama tíma og unnið er að launalækkun hafa annir hjá mörgum ráðuneytum og stofnunum aukist mikið. Við þær aðstæður er auðvitað erfiðara að draga saman í launagreiðslum. Það hefur hins vegar sýnt sig að ríkisstarfsmenn hafa skilning á því við hvað er að etja og menn hafa sýnt ríka ábyrgðarkennd.

Ég held að til lengri tíma litið skipti það miklu að þróun launakjara hjá ríkinu verði í takt við þróunina á almennum vinnumarkaði. Það er þó afar mikilvægt að tryggt verði að þegar fer að ára betur í íslensku efnahagslífi missi ríkið ekki frá sér hæfa starfsmenn. Því þarf að hugsa vel fyrir því að ríkið verði samkeppnishæft um laun þegar staðan batnar og skilyrði skapast fyrir því að bæta kjörin. Það er enginn vafi á því að almenni vinnumarkaðurinn, eða réttara sagt ákveðinn hluti hans, bauð hér fyrr á árum kjör sem ekki var hægt að keppa við.

Með hinum mikla niðurskurði á útgjöldum ríkisins virðist að fækka þurfi starfsmönnum þess. Hver eru viðhorf ráðuneytisins hvað það varðar?

Um þetta er það að segja að fyrir liggur stefnumörkun sem grundvallast á því að reynt verði að komast hjá uppsögnum eftir því sem nokkur kostur er. Það segir sig sjálft að þar sem meginuppistaða rekstrarútgjalda felst í launaútgjöldum, er líklegt að horft verði til sparnaðar á þessu sviði og uppsagnir verða óhjákvæmilegar í vissum

Fjármálaráðuneytið Arnarhvoli við Lindargötu.





tilvikum. Mikilvægt er í þessu samhengi að forstöðumenn stofnana sýni sveigjanleika eftir því sem hægt er og kanni aðrar leiðir en uppsagnir ef þess er nokkur kostur. Það þarf að draga að endurráða í störf sem losna, draga úr yfirvinnu og nýta þann sveigjanleika sem ríkisreksturinn býr yfir og er miklu meiri en margur hefði ætlað.

Samstarf stofnana og ráðuneyta hefur löngum verið einn hornsteinn stjórnsýslunnar. Einn fyrirrennari þinn í ráðuneytisstjórnastarfi, Magnús Pétursson, hefur sagt að ráðuneyti eigi að notfæra sér í meiri mæli þekkingu stofnana í faglegum málum frekar en að sjá ofsjónum yfir þekkingunni – hver er þín skoðun á þessu?

Ég hef alltaf litið svo á að starfsemi ráðuneyta og stofnana eigi að miða að sama markmiði; að þjóna samfélaginu og leysa þau verkefni sem þeim er ætlað að leysa, saman eða sitt í hvoru lagi. Og það þarf ekki að hafa um það mörg orð að fjöldi viðfangsefna er þess eðlis, að þau verða best leyst í samstarfi þar sem hver leggur það fram sem máli skiptir hverju sinni. Þróunin í stjórnsýslu ríkisins síðustu ár og áratugi hefur verið á þá leið að stofnanakerfið hefur verið að eflast og stofnanirnar eru oftast en ekki burðarásarnir í hinna eiginlegu opinberu þjónustu.

Auðvitað á að virkja og nýta þá þekkingu og sérhæfingu sem stofnanirnar búa yfir, og það á raunar líka að hvetja til þess að sú geta sem fólk býr yfir víða í stofnunum fái notið sín, að stofnanirnar búi við skilyrði þar sem hvatt er til frumkvæðis sem miðar að því að leysa viðfangsefnin sem best af hendi. Það er lykilatriði – og reyndar sjálfsagður hlutur – að ráðuneytin eigi að leggja áherslu á náin og jákvæð tengsl við stofnanir.

Í mörgum tilvikum geta ráðuneytin einfaldlega ekki rækt skyldur sínar nema með liðsinni stofnana og það er líka mikilvægt að ráðuneytin styðji stofnanirnar, og til að geta gert það þarf bæði góðan vilja og að ráðuneytin séu vel upplýst um starfsemi þeirra.

Starfsmannalögin, einkum viss ákvæði þeirra, hafa að margra mati virkað hamlandi fyrir möguleika stofnana og ráðuneyta á að hagræða og breyta í rekstri stofnana. Hver eru þín sjónarmið og er eitthvað að döfinni hvað þetta varðar?

Það er rétt að það hefur verið uppi um alllangt skeið töluverð gagnrýni á það að ekki hafi verið nægjanlegur sveigjanleiki í starfsmannalögunum og þau standi í vegi fyrir því að starfsemi stofnana geti þróast með eðlilegum hætti. Á móti hafa sumir reyndar viljað meina það að lögin feli

alls ekki í sér slíkar takmarkanir heldur sé vandamálið fyrst og fremst að menn hafi ekki kunnað að fara eftir þeim, því að í þeim sé að finna úrræði sem almennt eigi að vera fullnægjandi til að halda úti eðlilegri starfsemi stofnana.

Mín skoðun er sú að fara þurfi einhvern milliveg í þessum málum eins og gert hefur verið. Eðlilegt sé að starfsmönnum verði tryggð réttindi og vernd, en á sama tíma þá þurfi að gæta að því að starfsemin geti tekið breytingum og þróast á eðlilegan hátt, þar með talið starfsmannahaldið eins og aðrir þættir starfseminnar. Nú hefur verið ákveðið að hefja endurskoðun á lögunum um Stjórnarráð Íslands og að sú endurskoðun taki til annarra laga svo sem þörf verður á. Vafalaust þarf að huga að einhverjum þáttum í starfsmannalögunum í því samhengi.

Ýmsar framkvæmdir hafa verið nefndar til að koma atvinnulífinu af stað, svo sem bygging nýs spítala, lagning Suðurlandsvegur o.fl. Er unnt að koma slíkri skuldbindingu á án þess að afstaða AGS til aukinna skuldbindinga ríkissjóðs verði neikvæð?

Stjórnvöld hafa sett sér ákveðin markmið í samstarfsáætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þau lúta m.a. að því hvernig komið verði á jafnvægi í ríkisfjármálum.



Guðmundur Árnason tók við stöðu ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins þann 11. júní sl.

Því jafnvægi þarf að ná burtséð frá samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er vitanlega svo að ef markmið um jöfnuð í ríkisfjármálum eiga að nást verður að reisa skorður við fjárhagsskuldbindingum og hallarekstri. Þau verkefni sem þú nefnir eru fjárfrek og stjórnvöld þurfa að meta hvenær ráðast skuli í slíkar arðbærar og atvinnuskapandi aðgerðir án þess að markmiðum um jöfnuð sé teflt í tvísýnu.

Hugmyndir um skattlagningu á orku hafa vakið töluverð viðbrögð atvinnulífsins og ýmsir varað við þessum áformum. Hvað vilt þú segja um þetta?

Viðfangsefni þetta er í eðli sínu pólitískt en það er sjálfsagt að hafa það í huga að það er viðfangsefni stjórnmalanna að ákveða

hvernig byrðunum skal deilt hverju sinni. Burtséð frá öllu öðru er eðlilegt að menn séu ekki áfjádír í það að gjalda meira í skatt á tímum almenns samdráttar en þeir gera nú þegar. Auknar skatttekjur eru hins vegar nauðsyn ef okkur á að takast að koma ríkissjóði á réttan kjöl á ný og með einhverjum hætti þarf að deila þessum byrðum þannig að um það geti orðið sæmileg sátt.

Stjórnsýslan á Íslandi hefur löngum verið talin ein sú fremsta í heiminum að mati OECD og fleiri alþjóðastofnana. Óttast þú að efnahagshrunið muni að einhverju leyti breyta því viðhorfi?

Ég held að þetta sé rétt; að stjórnsýslan hér á Íslandi hafi um margt verið í fremstu röð og að hún sé víða mjög skilvirk í sam-

anburði við önnur lönd – skattkerfið er gott dæmi þar um. Þar skiptir mestu að okkar stjórnsýslukerfi er smátt í sniðum í samanburði við önnur en þarf þó að leysa flest þau meginverkefni sem stærri stjórnsýslukerfi eiga kannski auðveldara með að takast á við í krafti stærðar og sérhæfingar. Smæðin á að auðvelda okkur að ná yfirsýn og greina betur samhengi hlutanna. Þetta þurfum við að færa okkur í nyt, eftirleiðis sem hingað til.

Af hruninu sl. haust leiðir að minna fé verður til skipta til samneyslunnar, mikilvægara verður að forgangsraða og skýra hver stefnumálin eru. Mitt mat er það að efnahagshrunið leiði til þess að svo verði enda er mikil þekking og reynsla innan stjórnsýslunnar sem við búum að við þessar aðstæður og mun

skila okkur ávinningi. Tekjur ríkissjóðs hafa farið vaxandi á síðustu árum og við slíkar aðstæður er hætt á þenslu, þ.e. að fjármunum sé varið í verkefni sem ekki væri horft til ef tekjurnar væru minni. Eins að margskyns vandi sé einfaldlega leystur með auknum fjárframlögum.

Að sumu leyti höfum við gott af því að staldra við og endurmeta forgangsröðunina, á hverju við höfum ráð og á hverju síður eða alls ekki. Það mun skila okkur ávinningi að skoða hvernig við náum betri árangri fyrir minna fé. Svarið við spurningunni er því að við munum koma sterkari út á endanum, jafnt útávið sem innávið.

Sameiningar stofnana og færsla verkefna á milli stofnana hafa verið mikið til umræðu síðustu mánuði. Hver eru þín viðhorf?

Við eigum sífellt að meta þörf fyrir breytingar og hvort að fyrirkomulag hverrar starfsemi sé endilega það sem henti best þeim markmiðum sem starfseminni er ætlað að þjóna. Í okkar ágæta ríkiskerfi er víða mikil tregða gegn breytingum og íhaldssemi er víða ríkjandi. Það er skiljanlegt að menn séu ekki reiðubúnir að kasta því sem þeir hafa og þekkja, og einhverju sem virkar, fyrir eitthvað sem þeir vita ekki hvað verður, en í sumum tilvikum eru einstaklingar einfaldlega að verja sitt áhrifsvæði.

Það er hins vegar flest breytingum undirorpið, umhverfið er kvíkt og við sjáum hvernig almennir samfélagshættir og atvinnulíf hafa breyst á undanförunum árum. Það er eðlilegt að stjórnsýslan lagi sig að breyttu umhverfi og að ríkið hafi forystu í því að innleiða skynsamlegar breytingar. Mikið af þeim breytingum sem verið er að kynna þessar vikurnar – sem raunar flestar eru til komnar af þörf til að bregðast við samdrætti á fjárheimildum – eru í sjálfu sér jákvæðar og fela í sér áskorun um að finna leiðir til að endurmeta starfsemi ríkisins þannig að við nýtum betur það fé sem við höfum úr að spila. Horfa þarf á verkefni og hvernig við leysum þau best, en ekki endilega hvernig hlutir hafi einhvern tíma eða alltaf verið framkvæmdir.

Hluti af nútímalegri stjórnsýslu og framkvæmd hennar er að sleppa gömlum viðhorfum og aðferðum – hugsa hluti út frá gagnsemi og árangri. Það þarf að vera viðmið allra stjórnenda, ekki síst þeirra sem stýra nýtingu skattfjár og þjónustu við borgarana.

Frá því var greint fyrir skömmu að stefnt væri að því að gera landið að einu skattumdæmi. Hverjar eru forsendur þessa og hver var aðdragandinn að því að ráðuneytið ákveður að leggja þetta til?

Það er rétt að stefnt er að því að landið verði gert að einu skattumdæmi. Aðdragandinn var e.t.v. ekki mjög langur en þessar hugmyndir hafa þó verið ræddar af og til undanfarna áratugi ekki síst í ljósi þeirra tæknibreytinga við framtalsskil sem hrint hefur verið í framkvæmd undanförunum áratug.

Í frumvarpi til fjárlaga kemur fram að mikill niðurskurður þarf að verða á fjárveitingum til rekstrar stjórnsýslu og stofnana. Skattyfirvöld munu ekki fara varhluta af því og fjárveitingar munu lækka til stofnana skattkerfisins. Að auki má reikna með að áframhaldandi niðurskurður geti orðið á árinu 2011. Fjár-

”

Hluti af nútímalegri stjórnsýslu og framkvæmd hennar er að sleppa gömlum viðhorfum og aðferðum – hugsa hluti út frá gagnsemi og árangri. Það þarf að vera viðmið allra stjórnenda, ekki síst þeirra sem stýra nýtingu skattfjár og þjónustu við borgarana

málaráðherra setti á fót starfshóp sem ég leiddi til að fara yfir þetta mál og niðurstaða starfshópsins var að leggja til að skattstofur yrðu sameinaðar og landið gert að einu skattumdæmi. Samhliða eru lagðar til breytingar á starfsháttum og að verkefni verði færð á milli skattstofa.

Með þessum hætti er augljóst að það geta náðst mikil samlegðaráhrif og þannig á að geta náðst betri nýting fjármuna. Það er sérstök ástæða til að taka fram að það er ekki verið að leggja til fækkun starfsfólks við þessi störf á landsbyggðinni og raunar lagt upp með að ef til fækkunar kæmi, verði hlutfallsfækkun ekki meiri á landsbyggðinni en á höf-

uðborgarsvæðinu. Okkar von er að ekki muni þurfa að segja upp fólki og við kerfisbreytinguna mun öllum skattstjórum og starfsfólki skattstofanna verða tryggð áframhaldandi störf.

Ráðuneytið hefur mikla trú á þessum tillögum og telur að með þessum breytingum munum við bæði sjá skilvirkari skattframkvæmd og betri nýtingu fjármuna. Hér gildir hins vegar að sá veldur sem á heldur og það þarf að gæta vel að öllum undirbúningi og eiga raunverulegt samráð við þá sem að eiga að koma.

Nýlega var greint frá breytingum á skipulagi fjármálaráðuneytisins, m.a. með nýju skipuriti og breyttri verkaskiptingu, hvað viltu segja um það?

Þetta eru ekki miklar breytingar í sjálfu sér. Við höfum einsett okkur að koma á skipulagi sem er þjálpt og skilvirkt. Verkefnatilflutningur hefur verið á milli nokkurra ráðuneyta á síðustu misserum; efnahagsskrifstofa ráðuneytisins hvarf sem slík þegar ráðuneyti efnahags- og viðskiptamála kom til sögunnar í haust og það kallaði á endurskoðun og vissa uppstokkun. Við ákváðum að skipta upp tekju- og lagaskrifstofu ráðuneytisins.

Til varð ný skrifstofa tekju- og skattamála og síðan nýtt lögfræðisvið sem er skrifstofa í skilningi stjórnarráðs laganna. Þannig getum við nálgast mál með skýrari hætti. Tekjuöflun ríkisins verður vel afmörkuð á sérstakri skrifstofu, bæði í lagalegu- og ekki síður í hagrænu tilliti. Nýtt lögfræðisvið á síðan að ganga þvert á aðrar skipulagseiningar ráðuneytisins og styrkja það sem heild.

Eitt er svo skipulagið en annað er hvernig menn vinna með það og slíkt á við um alla svona starfsemi. Það er til lítills að koma á góðu skipulagi ef það virkar svo ekki almennilega. Það sem máli skiptir fyrir ráðuneytið er að horft sé heildstætt á starfsemi þess, að það samanstandi af einingum sem vinna saman og hafa stuðning hver af annarri. Ráðuneytið þarf að vera heilsteypt til að geta mætt þeim kröfum sem gerðar eru til þess. Mitt starf og allra sem í ráðuneytinu starfa er að tryggja að svo geti orðið.

Milliverðlagning og tvísköttunarsamningar á breyttum tímum

Á síðustu árum hefur ríkisskattstjóri lagt áherslu á að vera virkur í alþjóðlegu samstarfi og samskiptum á sviði skattamála. Í september sl. var haldin ráðstefna á vegum OECD um milliverðlagningu og tvísköttunarsamninga og sendi ríkisskattstjóri fulltrúa á ráðstefnuna. Fjármálaráðherra hefur skipað starfshóp til að kanna hvort þörf sé á því að taka upp sérstakar milliverðlagsreglur og gera tillögu að slíkum reglum ef sú verður niðurstaðan. Öldurótið í stjórnmálum og efnahagsmálum hefur gert það að verkum að starf starfshópsins hefur legið niðri en um leið og um hægist má gera ráð fyrir að hann taki til starfa á ný.



Guðrún Jenny
Jónsdóttir

Ráðstefnan byrjaði á sameiginlegum fundi þar sem farið var yfir hvernig ríki ættu að haga milliverðlagsleiðréttingum í skattskilum. Ákvæði 7., 9. og 25. gr. tvísköttunarsamningsfyrirmyndar OECD voru skýrð og rædd en 9. gr. hefur einmitt að geyma armlengdarregluna svokölluðu sem er grundvallarregla sem fara ber eftir þegar verið er að ákvarða hvaða tekjur tilheyra fastri starfsstöð sbr. 7. gr. Ákvæði 25. gr. samningsfyrirmyndarinnar hafa svo að geyma úrræði fyrir skattaðila sem telur að aðgerðir annars eða beggja samningsríkja leiði til þess að skattlagning verði ekki í samræmi við ákvæði tvísköttunarsamningsins sem um ræðir. Getur skattaðilinn þá farið þess á leit við bætt stjórnvald í sínu heimaríki að það taki upp viðræður við hitt ríkið í þeim tilgangi að komast að gagnkvæmu samkomulagi um hvernig koma megri í veg fyrir tvísköttun. Orðalag 25. gr. er þó ekki þannig að það leggi skyldur á ríkin til að komast að samkomulagi heldur eingöngu skyldu til að reyna að komast að samkomulagi. Skattaðilinn sjálfur er hvorki aðili að viðræðunum sem fram fara milli ríkjanna né því samkomulagi sem ríkin mögulega komast að.

Þá var fjallað um frádráttarbærni vaxta þegar vaxtagreiðslur fara á milli tengdra aðila og hvaða áhrif 7. og 9. gr. tvísköttunarsamningsfyrirmyndar OECD geta haft á beitingu innanlandsákvæða um frádráttarbærni. Mörg ríki hafa farið þá leið

”

Ef vel er fylgst með því sem er að gerast í skattamálum erlendra ríkja er unnt að nýta þær leiðir sem þar hafa verið farnar og þar með koma í veg fyrir að við séum að finna upp hjólið þegar takast þarf á við breytingar í íslenskri skattalöggjöf

að setja svokallaðar „thin capitalization“ reglur sem takmarka rétt til að draga vaxtagjöld frá skattskyldum tekjum þegar um er að ræða lán á milli tengdra aðila. Sett var upp eftirfarandi dæmi um ríki S sem er aðili að þéttriðnu neti tvísköttunarsamninga sem allir byggja á OECD samningsfyrirmyndinni.

Skattyfirvöld þar ákváðu nýlega að breyta stefnu sinni um afdráttarskatta á vexti og eru nú tilbúin til að semja

þannig um skattlagningu vaxta að heimilisfestarríki móttakanda eigi einkarétt á skattlagningu – ekki verði þannig um að ræða afdráttarskatt á vexti sem greiddir verða úr landi til aðila sem njóta verndar tvísköttunarsamninga. Skattyfirvöld eru þó uggandi yfir að afnám afdráttarskatta af vöxtum leiði til þess að tengdir aðilar hagi viðskiptum sín í milli þannig að fjármunir verði færðir frá skattlagningu í ríki S með því að greiddir vextir úr landinu verði hærrí en gerist milli ótengdra aðila. Ríki S stendur þannig frammi fyrir nokkrum valkostum:

- Gera engar breytingar á innanlandslöggjöf en treysta á almennar milliverðlagsreglur sem í gildi eru.
- Setja reglur um að litíð verði á greiðslur milli tengdra aðila sem arð þegar hlutfall skulda og eigin fjár lögáðilans sem innir greiðsluna af hendi fer yfir 1,5:1. Þessi regla myndi þó ekki eiga við ef aðilar gætu sýnt fram á að viðskiptin séu eðlileg eins og þau hefðu átt sér stað milli óskyldra aðila.
- Setja reglur sem útiloka frádráttarbærni vaxtagjalda sem greidd eru til tengds aðila þegar hlutfall skulda og eigin fjár skuldarans fer yfir 1,5:1.
- Setja reglur sem útiloka frádráttarbærni vaxtagjalda fari þau yfir 1.000.000 og 30% af hagnaði af rekstri eins og hann reiknast án vaxtagjalda, fyrninga og skatta.

Þátttakendur í pallborði ræddu kosti og galla framangreindra leiða.

Einn liður í ráðstefnunni fjallaði um hvernig ákvarða beri tekjur fastrar starfsstöðvar sbr. 7. gr. samningsfyrirmyndarinnar en viðræður standa yfir um breytingar á ákvæðinu. Breytingarnar miða að því að skýra betur að aðeins tekjur sem tilheyra fastri starfsstöð skuli skattleggjast í því ríki þar sem starfsstöðin er staðsett. Þá er fyrirhugað að kveða skýrar á um að tekjurnar beri að ákvarða eins og fasta starfsstöðin væri sjálfstætt

fyrirtæki. Fyrirhugaðar breytingar eiga þannig að gefa armslengdarreglunni meira vægi en áður.

Nýleg dómsniðurstaða frá Kanada var reifuð. Málavextir voru þeir að Volvo í Svíþjóð og Henley Group í Bretlandi stofnuðu eignarhaldsfélag í Hollandi (BV félag). Eignarhaldsfélagið átti svo að fullu Prevost Car Inc. í Kanada. Kanadíska félagið greiddi arð til BV félagsins í Hollandi og hélt eftir 5% afdráttarskatti af arðinum í samræmi við gildandi tvísköttunarsamning milli Kanada og Hollands. BV félagið greiddi svo sínum hluthöfum í Svíþjóð og Bretland arð án nokkurs afdráttarskatts í samræmi við gildandi tvísköttunarsamninga Hollands við Svíþjóð og Bretland.

Kanadísk skattifyrvöld töldu að líta bæri framhjá eignarhaldsfélaginu í Hollandi og skattleggja hefði átt arðinn sem greiddur var frá Kanada í samræmi við tvísköttunarsamninga milli Kanada og Svíþjóðar annars vegar og Kanada og Bretlands hins vegar, en þeir samningar kváðu á um 15% og 10% afdráttarskatt af arði. Kanadísk skattifyrvöld bentu á að eignarhaldsfélagið hefði enga starfsmenn og að félagið færi ekki með eignarhald á neinum öðrum hlutabréfum en í Prevost Car Inc. Kanadísk skattifyrvöld töpuðu málinu á báðum dómstigum.

Í forsendum dómanna kom fram að skýra bæri hugtakið réttur eigandi (e. beneficial owner) þannig að það væri sá aðili sem væri móttakandi arðsins til eigin ráðstöfunar og bæri áhættuna af þeirri fjárfestingu sem arðurinn stafar frá. Þá kom einnig fram að svo að unnt væri að líta framhjá eða í gegnum löglega skráðan og stofnsettan lögaðila yrði;

- móttakandi arðsins að vera milliliður fyrir þriðja mann og hafa ekkert vald á því hvernig ráðstafa beri greiðslum sem hann móttekur, eða;
- móttakandi arðsins að hafa samþykkt að koma fram fyrir þriðja mann án þess að hafa nokkurn rétt á því að víkja frá fyrirmælum sem hann hefur fengið.

Í því máli sem hér um ræðir töldu kanadískir dómstólar ekki unnt að líta svo á að hollenska eignarhaldsfélagið væri umboðsmaður eða milliliður. Eignarhaldsfélagið var ekki aðili að samkomulagi sem hluthafar þess (Volvo og Henley Group) höfðu gert um útgreiðslu á arði úr eignarhaldsfélaginu og bar engin skylda samkvæmt samþykktum til að greiða út arð til

hlutahafa. Þá var eignarhaldsfélagið skráður eigandi hlutafjárins í kanadíska félaginu og réttur móttakandi arðsins. Kröfuhafar eignarhaldsfélagsins gátu þannig gengið að mótteknum arði uns eignarhaldsfélagið úthlutaði arði til sinna hlutahafa.

Ennfremur var reifað nýtt bindandi álit frá Indlandi þar sem málavextir voru þeir að CW-NI í Indlandi, sem er fjarskiptafyrirtæki, gerði gagnkvæman þjónustusamning við CW-UK þess efnis að milliríkjasímtöl viðskiptavina CW-NI yrðu þjónustuð af CW-UK. Spurt var hvort að greiðslur fyrir þessa þjónustu féllu undir ákvæði 13. gr. tvísköttunarsamningsins milli Indlands og Bretlands en sú grein fjallar um skattlagningu á greiðslum fyrir tækniþjónustu og þóknunum. Þá var einnig spurt hvort að CW-UK teldist hafa fasta starfsstöð í Indlandi.

Indversk skattifyrvöld komust að þeirri niðurstöðu að sú þjónusta sem CW-UK veitti væri ekki tækniþjónusta, um væri að ræða venjulega símaþjónustu sem ekki væri tæknileg í eðli sínu – CW-UK veitti enga tækniráðgjöf eða því um líkt og hafði enga starfsmenn á Ind-

landi. Þá komust skattifyrvöld að því að ekki væri um þóknana greiðslur að ræða þar sem CW-NI hefði engan rétt á að nota símanet eða tæki í eigu CW-UK. Ekki væri því um að ræða greiðslu fyrir einkaleyfi, know-how eða því um líkt. Hvað varðar spurninguna um hvort CW-UK ræki fasta starfsstöð á Indlandi þá svöruðu indversk skattifyrvöld því til að svo væri ekki. CW-NI gerði samning við indverska viðskiptavina sína. Sú þjónusta sem veitt er byggist þannig ekki á samningssambandi milli CW-UK og indverskra notenda. Þá vísuðu indversk skattifyrvöld að auki til þess að CW-UK hefðu hvorki tækjabúnað né starfsmenn á Indlandi.

Síðasti hluti ráðstefnunnar var eingöngu fyrir fulltrúa frá skattifyrvöldum. Þar skýrðu hollenskir og breskir fulltrúar frá því hvernig skipulagningu milliverðlagsteyma var og er háttað í þessum ríkjum og hvaða kosti og galla hver útfærsluleið fyrir sig hefur. Afar fróðlegt var að heyra reynslusögur frá þessum aðilum enda er raunveruleikinn allt annar en sá sem íslensk skattifyrvöld búa við þegar kemur að fjölda mála og starfsmanna sem koma að milliverðlagsmálum.





Skuldauppgjör

í skjaldborgum

Um þessar mundir ber mikið á aðilum sem kenna sig við skjaldborg heimilanna. Þeir boða t.d. skattfrjálsar niðurfellingar á skuldum einstaklinga og jafnvel lögaðila. Þegar betur er að gáð verður ekki betur séð en að þeir sem njóti mests skjóls í þessum tillögum séu sjálfstöku- og óreiðumenn sem kenndir voru við útrásina.



Aðalsteinn
Hákonarson

Í fjármálageiranum tíðkaðist að stjórnendur gætu keypt hlutabréf í fyrirtækinu sem þeir störfuðu hjá á kjörum sem almenningi stóðu ekki til boða. Fyrirtækin sjálf veittu þeim eingreiðslulán til nokkurra ára eða útveguðu þeim slík lán til kaupanna. Til viðbótar veittu þessi fyrirtæki stjórnendum sínum ókeypis sölu-rétt á hlutabréfunum sem tryggði að þeir gætu sagt sig frá kaupunum ef lækkun yrði á verðmæti bréfanna þannig að þeir

myndu ekki tapa. Einhverjir fengu svona fyrirgreiðslu í gegnum einkahlutafélög sem þeir áttu sjálfir og þannig gátu þeir mögulega sótt sér skattahagræði umfram aðra. Sumir græddu á þessu fjárhæðir sem voru hærri en ævitekjur velflestra Íslendinga en aðrir lentu í hruninu og sátu uppi með skuldir og verðlitar eða verðlausar eignir eða jafnvel fluttu eignir sínar yfir á nöfn ættingja eða vina.

Lánin sem fyrirtækin í fjármálageiranum veittu til kaupa á eigin hlutabréfum voru jafnan uppá tugi eða hundruð milljóna króna og gengu undir nafninu lánsamningur. Slík lán var ekki að finna í þjónustuframboði bankanna og því stóðu þau almenningi ekki til boða, enda menn oft að semja við sjálfa sig. Einkenni á þessum lánnum var að vextir af þeim voru að jafnaði lægri en vextir á þeim lánnum sem bankarnir buðu fram til almennra

viðskiptavina sinna. Lántökukostnaður var oft enginn en stundum 5.000 kr. jafnvel þótt lánin næmu hundruð milljónum króna. Ákveðið var af stjórnendum fyrirtækjanna að stimpilgjöld skyldu ekki greidd af þessum lánsamningum þótt ekki verði ráðið af lögum um stimpilgjald að slík lán séu undanþegin gjaldinu. Loks voru svo vaxtakjörin betri en lánakjör bankanna almennt. Svokallaðir millibankavextir eða millibankavextir með lítills háttar álagi voru algengir í þessum lánsamningum og eins sáust dæmi um 6% fasta óverðtryggða vexti. Þrátt fyrir að þessi kjör hafi í samanburði við önnur lánakjör verið mjög hagstæð þá ganga nú lögmenn, ráðgjafar og stjórnámálmenn fram fyrir skjöldu til að fá þessi lán felld niður án þess að komi til skattskyldu.

Annað dæmi sem mjög er sérkennilegt og algert stílbrot í íslenskum skattarétti

er krafan um að fella niður lán hjá lög- aðilum án þess að niðurfellingin teljist til skattskyldra tekna þótt lögaðilinn sjálfur sé skattskyldur. Sú regla hefur verið und- antekningarlaus að allar innleystar tekjur teljist til skattskyldra tekna í rekstri skatt- skyldra lögaðila að teknu tilliti til heimils frádráttar. Þannig hafa tekjur eins lög- aðila jafnan verið gjöld annars lögaðila í viðskiptum slíkra aðila. Jafnvel vinning- ar í skattfrjálsum happdrættum hafa ekki verið undanþegnir skattskyldu hafi skatt- skyldur lögaðili fengið slíkan vinning. Ef ákvæði af þessu tagi komast inn í lög má með sanni segja að upp sé komin sú staða að menn geti valið sér skattstofna eftir pöntun. Tengdir aðilar munu fella niður og endurvekja skuldir eftir þörfum til að stjórna skattgreiðslum sínum og bankar og önnur fjármálafyrirtæki munu eins og reynslan sýnir liðka fyrir slíkum aðgerð- um. En hvers vegna skyldi nú sú staða vera komin upp að forystumenn í þjóð- félaginu halda því blákalt fram að fyr- irtæki standi ekki undir skattgreiðslum vegna eftirgefina skulda? Á því eru tvær hliðar sem við skulum skoða nánar.

Hvernig má það vera að niðurfelld- ar skuldir skapi skattskyldar tekjur hjá atvinnulífinu? Ef allt væri með felldu hefðu eignir átt að standa á móti skuld- unum og því ekki að vera þörf á að fella

þær niður. Hafi eignirnar tapast eða fyr- irtækin verið í taprekstri ættu þau að eiga skattalegt tap sem hægt væri að jafna á móti tekjunum sem til yrðu vegna skulda- niðurfellingarinnar. Ástæðan fyrir því að það gerist ekki er fyrirtækin hafa verið skuldsett til að greiða út arð til hluthafa sem ekki var raunveruleg innistæða fyrir eða eignirnar voru þess eðlis að tap þeirra veitti ekki skattalegan frádrátt. Og hvaða

að debet og kredit stæðust á. Sú leið var jú farin að færa upp eign sem kölluð var viðskiptavild.

Nú standa menn frammi fyrir því að engar innstæður eru fyrir slíkum eignum og þær afskrifast í milljarðavis án þess að nokkur skattafrádráttur fái út á þær af- skriftir. Ef skuldirnar afskrifast líka mynd- ast skattskyldar tekjur hjá fyrirtækjunum sem þau þurfa að greiða 15% tekjuskatt af -

”

Það er ótrúlegt hvernig hægt er að koma þessum málum í búning sem kenndur er við skjaldborg um fólkið, heimilin og fyrirtækin. Er ekki komið nóg af rugli í þessu þjóðfélagi?

eignir skyldu það nú vera? Það er þessi margrómaða viðskiptavild sem skreytti efnahagsreikninga fjölda fyrirtækja á uppgangstíma útrásarinnar. Bankar og forystumenn í atvinnulífinu notuðu þá aðferð, sem kennd hefur verið við skuld- settar yfirtökur og öfugan samruna, að skuldsetja fyrirtækin til kaupa á sjálfum sér. Þegar slíkar skuldir voru færðar inn í fyrirtækin þurfti annað hvort að skerða eigið fé eða færa upp eign á móti til þess

er það hátt? Manni verður ósjálfrátt hugs- að til mannsins sem af skammsýni naut í fyrstu ylsins af því að míga í skóinn sinn. Líklega var viðskiptavildin ekkert annað en frostmíga sem virkaði vel í byrjun upp- gangans en ekki eftir það.

Það er ótrúlegt hvernig hægt er að koma þessum málum í búning sem kenndur er við skjaldborg um fólkið, heimilin og fyrirtækin. Er ekki komið nóg af rugli í þessu þjóðfélagi?



KVÓTINN

Gull í greipum Ægis



Elin Alma
Arthursdóttir

Almennt

Um það bil aldarfjórðungur er nú liðinn frá því að komið var á því fiskveiðistjórnunarkerfi á Íslandi sem enn er við lýði - að teknu tilliti til ýmissa breytinga sem á því hafa verið gerðar en geta þó ekki talist grundvallarbreytingar. Mikið hefur verið skrafað og skeggrætt á þessum árum um kosti og galla kerfisins en um það verður ekki fjölyrt hér heldur fyrst og fremst rífuð upp skattahlíð málsins og reynt að rýna örlítið í þær fjárhæðir sem um er að tefla.

Veiðileyfi

Öll skip sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni þurfa til þess veiðileyfi og sér Fiskistofa um útgáfu þeirra. Án veiðileyfis er óheimilt að stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland. Almenn veiðileyfi skiptast í aflamarksleyfi og krókaaflamarksleyfi. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Fiskistofu eru að jafnaði um 1.500 skip og bátar með almenn leyfi til veiða í atvinnuskyni. Þeir bátar sem fá leyfi til veiða með krókaaflamarki eru undir 15 tonnum og einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Auk almenns veiðileyfis gefur Fiskistofa út leyfi til sérstakra veiða, s.s. dragnótaveiða, veiða á innfjarðarækju og veiða í lögsögu annarra ríkja. Ekki þarf veiðileyfi til að stunda tómstundaveiðar til eigin neyslu. Þær veiðar má þó einungis stunda með handfærum án sjálfvirkni-búnaðar og óheimilt er að selja aflann eða fénýta á annan hátt.

Aflahlutdeild - aflamark

Þeir bátar og skip sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni fá úthlutað annars vegar aflamarki og hins vegar krókaaflamarki árlega í takt við þá aflahlutdeild sem um ræðir. Úthlutun aflahlutdeildar tók upphaflega mið af aflamagni hvers skips á tilteknu tímabili og var óheimilt að færa

hana á milli skipa. Áður var jafnframt við lýði sóknardagakerfi fyrir smærri báta en frá því var fallið 1. september 2004.

Árið 1988 var heimilað að sameina aflahlutdeild skipa ef annað þeirra var úrelt og var á þann hátt tekið út úr rekstri. Premur árum síðar, árið 1991, var frjálst framsal aflahlutdeildar heimilað. Framsalsheimildir varðandi aflamark hafa hins vegar verið með allt öðrum hætti, enda er í því tilviki um að ræða tímabundnar ráðstafanir innan viðkomandi fiskveiðiárs.

Aflahlutdeild svarar til þess hlutfalls sem hverju skipi er úthlutað af leyfðum heildarafla í hverri fisktegund sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Hverju skipi er úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar og helst aflahlutdeildin óbreytt milli ára nema annað komi til. Heildarafla hvers

”

Með greindum lagabreytingum voru tekin af öll tvímæli um að óheimilt er að fyrna stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar

fiskveiðiárs, sem stendur frá 1. september til 31. ágúst, er háður breytingum samkvæmt ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Hafrannsóknarstofnunar. Þannig ákvarðað magn sem heimilt er að veiða árlega nefnist aflamark og er það breytilegt á milli ára. Veiðiheimplir hvers skips eru þannig annars vegar byggðar á þeirri aflahlutdeild sem fyrir hendi er og hins vegar aflamarki hvers fiskveiðiárs fyrir sig.

Skattaleg meðferð

Aflamark

Lítill ágreiningur hefur verið uppi um skattalega meðferð viðskipta með aflamark, enda er þar í raun um að ræða leigu og færast fengnar greiðslur vegna selds aflamarks því til tekna og greiddar til gjalda eftir almennum reglum þar um. Nokkrir úr-

skurðir yfirsattanefndar hafa þó fjallað um ágreining um meðferð aflamarks þegar skip og bátar hafa gengið kaupum og solum og sá afli sem óveiddur var innan fiskveiðiársins fylgdi með í kaupunum, sbr. t.d. úrskurð nr. 218/2006 sem birtur er á heimasíðu nefndarinnar, yskn.is. Var niðurstaða nefndarinnar sú að líta bæri svo á að við slíkar aðstæður fylgdi aflamark með í framsali aflahlutdeildar, svo sem nánar er rakið í úrskurðinum.

Forsaga - aflahlutdeild

Eins og fram er komið var framsal aflahlutdeildar í upphafi óheimilt en hófst árið 1988 með því að leyfilegt var að hún flyttist á milli skipa eða báta og annað fleyði úrelt á sama tíma. Þessi viðskipti gengu oftast þannig fyrir sig að útgerðir keyptu eldri skip og smábáta og fluttu aflahlutdeild þeirra á önnur skip í sinni eigu en úreltu hin keyptu fley. Niðurstaða ríkisskattstjóra á þeim tíma varðandi skattalega meðferð þessara viðskipta var að heimilt væri að eignfæra og fyrna keypta aflahlutdeild á sama hátt og skipin sjálf, enda væru réttindin tengd skipunum. Um þetta var ekki einhugur. Vildu eigendur fiskiskipa gjarnan annað hvort gjaldfæra kaup á aflahlutdeild á kaupári eða fyrna herra hlutfalli en farkostina.

Ágreiningi um meðferð keyptrar veiðiheimpla milli útgerðarinnar Hrannar hf. á Ísafirði og skattstjóra var skotið til ríkisskattanefndar og varð niðurstaða nefndarinnar að heimilt hefði verið að gjaldfæra kaupverðið sem rekstrarkostnað, svo sem nánar var rökstutt í úrskurðinum nr. 545/1992, sem birtur er í úrskurðarsafni kveðnum upp af ríkisskattanefnd á árunum 1990, 1991 og 1992.

Úrskurði ríkisskattanefndar var skotið til dómstóla af hálfu ríkisins. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að jafna skyldi kaupum á aflahlutdeild við kaup á réttindum samkvæmt þágildandi 4. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og fyrna í samræmi við 7. tölul. 38. gr. laganna um 20% á því ári sem um ræddi. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands af hálfu beggja málssaðila og komst meiri hluti dómsins að þeirri niðurstöðu að umrædd réttindi væru eðlislík réttindum samkvæmt 4. og

5. tölul. 32. gr. skattalaga. Var niðurstaða héraðsdóms um 20% fyrningarhlutfall staðfest, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 18. nóvember 1993 í málinu nr. 291/1993: Hrönn hf. gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og gagnsök (H 1993:2061). Fékkst þannig niðurstaða um skattalega meðferð keyptrar aflahlutdeildar sem gilti tekju-árin 1988 til og með árinu 1997 en eftir það var lögum um tekjuskatt og eignarskatt breytt.

Lagabreytingar


Með lögum nr. 118/1997, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, voru lögfest ákvæði um meðferð varanlegrar aflahlutdeildar og sambærilegra réttinda í skattskilum, þ.m.t. ákvörðun og meðferð hagnaðar af sölu slíkra réttinda. Við tekjuskattslögin bættist ný lagagrein nr. 50 A jafnframt því sem gerðar voru breytingar á 74. gr. og 14. gr. þeirra laga. Eftir þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 118/1997 hefur fyrrgreindur dómur Hæstaréttar Íslands í máli Hrannar hf. ekki þýðingu.

Núverandi staða - aflahlutdeild

Með greindum lagabreytingum voru tekin af öll tvímæli um að óheimilt er að fyrna stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar. Til stofnkostnaðar í þessu sambandi telst m.a. keyptur réttur til nýtingar á náttúruauðæfum, svo sem kaup á varanlegri aflahlutdeild og sambærilegum réttindum. Þó er heimilt að telja keypt leyfi til veiða í atvinnuskyni til stofnkostnaðar með því skipi sem það er tengt og fer þá um fyrningar þess á sama hátt og skipsins. Í athugasemdum með einstökum greinum frumvarpsins sem varð að lögum nr. 118/1997 kemur fram að þetta frávik frá hinni almennu reglu varði svokölluð rúmmálsréttindi. Regla þessi tekur mið af ákvæðum 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, áður en henni var breytt í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands frá 3. desember 1998 í málinu nr. 145/1998: Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu (H 1998:4076). Breytingarnar miðuðu að því að afnema þær reglur sem gilt höfðu allt frá árinu 1983 varðandi takmarkanir á stærð fiskiskipafлотans, m.a. varð úrelting skipa sem fyrir voru í flotanum ekki lengur forsenda fyrir því að skip fengju veiði-

leyfi. Samkvæmt þessu verður ekki séð að umrætt ákvæði um heimild til fyrningar vegna kaupa á veiðileyfi hafi í raun neina þýðingu lengur.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur m.a. fram að lítil rök standi til þess að ætla að verðmæti aflahlutdeildar rýrni við notkun og almennt hafi þróunin orðið sú að verð aflahlutdeildar hafi farið hækkandi og verðmætið þannig ekki rýrnað heldur vaxið. Tekið var fram að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum virtist það vera meginregla í þeim löndum þar sem veiðiheimildir væru framseljanlegar að óheimilt væri að fyrna stofnkostnað vegna þeirra. Voru í þessu sambandi nefnd til sögunnar þrjú lönd Noregur, Bretland og Nýja-Sjáland. Í eðli sínu væri ekki um að ræða verðmætarrýrnun vegna notkunar eða aldurs líkt og fram kæmi í skilgreiningu tekjuskattslaga varðandi fyrnanlegar eignir og enn síður sé með kaupum á aflahlutdeild verið að leggja út í kostnað sem geti talist til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar. Samkvæmt þessu tók löggjafinn af skarið um það að keypta aflahlutdeild væri hvorki heimilt að fyrna né gjaldfæra.



Undantekning frá þessu er þó að gjaldfærsla var heimiluð ef réttindi falla niður eða skerðast verulega.

Sérstök ákvæði voru í 4. gr. laganna um skattalega meðferð aflahlutdeildar sem keypt var fyrir gildistöku þeirra, þ.e. í síðasta lagi tekjuárið 1997, skattframtal 1998. Heimilt var að fyrna keypta aflahlutdeild um allt að 20% tekjuárið 1998, um allt að 15% tekjuárið 1999 og um allt að 10% tekjuárið 2000 og færa stofnverð niður um þær fyrningar og fyrri fyrningar, þó ekki lengur en í fimm ár frá og með kaupári. Var tekið fram í athugasemdum með frumvarpinu að sanngjarnt væri að taka tillit til þess að þeir sem fest hefðu kaup á aflahlutdeild á síðustu árum kynnu að hafa litið til þess að þeir mundu eiga þess kost að draga kaupverðið frá rekstrartekjum.

Þá var einnig tekið af skarið um að eignfæra bæri keypta aflahlutdeild á stofnverði, þ.e. kostnaðarverði, og hvernig fara skyldi með hagnað af sölu hennar. Telst hagnaður að fullu til tekna á söluári og reiknast sem mismunur á söluverði og kaupverði að teknu tilliti til fyrninga og niðurfærslu. Lögfest var sérstök heimild til niðurfærslu á móti tekjufærðum söluhagnaði vegna sölu aflahlutdeildar og tekið fram að með því væri reynt að koma í veg fyrir að reglur um tekjufærslu söluhagnaðar virkuðu hamlandi á framsal aflahlutdeildar milli útgerðaraðila sem gert væri í eðlilegum rekstrartilgangi. Þannig væri gert ráð fyrir að aðilar gætu skipst á sambærilegri aflahlutdeild án þess að það leiddi til skattlagningar.

Upplýsingar úr skattframtölum

Þegar rýnt er í skattframtöl árið 2008 kemur fram að á milli 1.800 og 1.900 gjaldendur hafa eignfært keyptar veiðiheimildir í skattskilum sínum. Er þar bæði átt við lögaðila og einstaklinga í rekstri. Um er að ræða alla eignfærða aflahlutdeild, grásleppuleyfi, sóknardaga o.fl. eftir því sem áritun í skattframtöl ber með sér. Heildar-kaupverð samkvæmt skattframtölunum nemur u.þ.b. 80 milljörðum en tekið skal skýrt fram að það er miðað við verð á hverju kaupári fyrir sig og endurspeglar ekki það verðmæti sem um er að ræða samkvæmt markaðsvirði í dag. Þá liggur ekki fyrir nein greining á því hvort kaupverð hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli

en reglan um verðbólguleiðréttingu var afnumin með lögum nr. 133/2001. Hækkun eigna samkvæmt verðbreytingarstuðli á samkvæmt því ekki við um rekstrarárið 2001 og síðar. Þegar einungis er horft til fjárhæða hefur u.þ.b. 20% af kaupverði fallið til fyrir tekjuárið 2001 og 80% á tekjuárunum 2001 til og með 2007, þar af u.þ.b. 27% síðastgreinda árið. Engar upplýsingar liggja fyrir við ritun þessarar greinar um þróun á verði veiðiheimilda og á engan hátt verður ráðið af fyrirliggjandi upplýsingum hvernig þessi skipting er að því er varðar veiðimagn. Öllum þessum fjárhæðum þarf því að taka með fyrirvara.

Að lokum

Margt hefur verið skrafað og skeggrætt um ágæti þess fiskveiðistjórnunarkerfis sem við búum við. Sýnist þar sitt hverjum. Á það er enginn dómur lagður hér.

Sparnaður og hagræðing í rekstri ríkisstofnana

Róttækustu breytingatillögurnar lúta að því að breyta fyrirkomulagi álagningarvinnslu einstaklinga með það fyrir augum að ná meiri hagkvæmni, betri þjónustu við framteljendur og tryggja samhliða betri skattskil

Vegna þess ástands sem ríkir í íslensku þjóðfélagi um þessar mundir þarf embætti ríkisskattstjóra, líkt og flestar aðrar stofnanir ríkisins, að sæta niðurskurði í fjárheimildum. Boðaður niðurskurður á árinu 2010 sem embættinu er gert að brúa á sér engar hliðstæður í sögu stofnunarinnar. Sömuleiðis má reikna með að niðurskurður á árinu 2011 verði mikill og jafnvel svipaður og á árinu 2010.

Undanfarið ár hefur álag aukist hjá ríkisskattstjóra þar sem bæði einstaklingar og fyrirtæki eiga í erfiðleikum, en fjöldi fólks hefur leitað til embættisins og óskað eftir liðsinni af ýmsu tagi. Að auki hafa margir lykilstarfsmenn verið bundnir um lengri og skemmri tíma við að aðstoða ráðuneyti og Alþingi við undirbúning lagasetningar. Búið er við að álagið aukist enn frekar á komandi vetri þar sem ívilnanir munu fá meira vægi, fjölga mun spurningum um skattalegar ráðstafanir og allskyns flóknari álitamál koma til afgreiðslu. Jafnframt er búið við breytingum á skattalöggjöfinni, jafnvel nýir skattar, sem kalla á mikið starf starfsmanna ríkisskattstjóra bæði lagalegs eðlis og tæknivinnu. Við aðstæður sem þessar er nauðsynlegt að fara varlega þegar kemur að því að skera niður fjármuni þar sem niðurskurðurinn má ekki skerða um of þá þjónustu sem skattyfirvöld veita og einstaklingar og fyrirtæki þurfa á að halda.

Á undanförunum misserum hefur ríkisskattstjóri lagt á það ríka áherslu að virkja starfsmenn til að koma með hugmyndir að hagræðingu og er það vel enda nauðsynlegt að þeir séu með í ráðum. Á stefnumótunarfundi embættisins sl. vetur var t.d. sérstakur hópur er fjallaði um hagræðingarmál og á starfsmannafundum á þessu ári voru starfsmenn einnig hvattir til að koma með hugmyndir að aukinni hagræðingu. Í lok sumars skipaði ríkisskattstjóri starfshóp þriggja starfsmanna sem fékk það verkefni að koma með tillögum að hagræðingu innan stofnunarinnar. Tillögunum var skilað í lok september.

Strax var ákveðið að endurskoða alla verk-

ferla allra deilda og sviða embættisins. Í raun var allt undir og ekkert undanskilið. Skoða þyrfti t.a.m. hvort æskilegt væri að:

- breyta fastmótuðum vinnubrögðum
- einfalda tiltekna ferla
- færa til verkefni
- endurmeta áherslur
- auka kostnaðarvitund og almennt aðhald
- auka rafrænar vinnslur
- breyta póstuþsendingum
- auka sjálfvirkni
- auka stöðlun í samskiptum
- stytta fundartíma og fækka vinnufundum
- samnýta sérfræðimenntaða starfsmenn
- auka rafræn samskipti við framteljendur
- endurmeta þjónustuþörf
- breyta skipulagi stofnunarinnar

Starfsmönnum hefur verið uppálagt að kryfja öll álitamál afgang frá grunni og láta ekki tæknilegar hindranir takmarka sig. Með því er hægt að hugsa út fyrir hefðbundinn ramma og eftir atvikum leggja til lagabreytingar ef ástæða er til. Allir starfsmenn hafa verið hvattir til aðgerða og að skila hugmyndum eða tillögum, annað hvort til síns yfirmanns eða beint til hópsins. Starfshópurinn hefur fundað með öllum millistjórnendum embættisins í því skyni að virkja starfsmenn í þessu mikilvæga verkefni.

Óhætt er að segja að margar afar áhugaverðar hugmyndir hafi litið dagsins ljós, allt frá mjög einföldum aðgerðum til flókinna kerfisbreytinga. Sumum er hægt að hrinda í framkvæmd strax á meðan að aðrar krefjast lengri undirbúnings, lagabreytinga og víðtækrar umræðu og samráðs. Sem dæmi má nefna að unnt er að spara fjármuni með því að breyta stillingum á öllum prenturum og lækka breytilegan rekstrarkostnað svo tekið sé dæmi af einfaldri en skynsamlegri aðgerð. Miklum árangri má ná við breyting-





Starfsemi ríkisskattstjóra er til húsa að Laugavegi 166.

ar á dreifingu gagna og útsendingu fjöl-
pósts. Róttækustu breytingatillögurnar
lúta að því að breyta fyrirkomulagi álag-
ningarvinnslu einstaklinga með það fyr-
ir augum að ná meiri hagkvæmni, betri
þjónustu fyrir framteljendur og tryggja
samhliða betri skattskil.

Vonir standa til að endurhugsun
verkferla muni skila töluverðum fjárhæð-
um í virkan sparnað. Margar stofnanir
eru í þeirri stöðu að geta farið yfir allan
rekstrarkostnað sinn til að lækka hann.
Þótt þetta sé að sumu leyti óskemmtilegt
verk er þó kosturinn ótvírætt sá að allir
fara þannig yfir fyrirliggjandi verkefni og
endurmeta um leið þörf þeirra.

JJ




Jóhannes Jónsson, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir og Esther Sigurðardóttir skipuðu starfshóp um hagræðingu hjá embættinu.

EIGNIR OG

SKULDIR

ÍSLENDINGA

Í kjölfar örs vaxtar banka- og fjármálastarfsemi fylgdi hrún fjármálakerfisins. Þessar sviptingar höfðu, með einum eða öðrum hætti, mikil áhrif á hagi flestra landsmanna. Fjölskyldur í landinu voru mis vel í stakk búnar að takast á við þau áföll sem dunið hafa á þjóðinni síðastliðið ár. Þó að ýmsir hafi spennt bogann hátt og séu nú að kikna undan skuldaklafanum eru þó enn margir sem eru langt frá því að vera á flæðiskeri staddir.



Páll
Kolbeins

Á undanförunum árum hafa eignir og skuldir einstaklinga aukist gríðarlega. Árið 2000 töldu einstaklingar fram 415,2 milljarða kr. í skuldir á skattframtölum. Síðan þá hafa skuldir einstaklinga meira en fjórfaldast en þær voru 1.683,2 milljarðar kr. skv. skattframtölum ársins 2009. Aukinn aðgangur einstaklinga að lánsfé í kjölfar þess að bankarnir voru seldir í hendur einkaaðilum leiddi til aukinnar eftirspurnar sem hækkaði eignaverð, fasteignir og hlutabréf, sem aftur jók veðhæfi eigna sem hægt var að nota til að taka aukin lán. Þá jukust tekjur landsmanna ár frá ári sem gerði þeim kleift að auka skuldir sínar enn frekar. Skuldir landsmanna jukust þannig í takt við eignir, hraðar en eignir, en þó aldrei meira en eignir, fyrr en nú. Frá árslokum 2007 til ársloka 2008 hækkuðu skuldir einstaklinga um 335,1 milljarð kr. eða 24,9%. Á sama tíma jukust eignir

um 276,8 milljarða kr. eða 8,2%. Skuldir jukust þannig um 58,3 milljarða kr. umfram eignir. Þetta hljóta að teljast tíðindi, sérstaklega í ljósi þess að bankainnstæður voru nú í fyrsta skipti áritaðar á framtöl einstaklinga. Augljós vanhöld hafa verið á því að einstaklingar hafi hirt um að telja fram innstæður í bönkum, sem sést á því að aðeins 72.396 fjölskyldur töldu fram bankainnstæður á framtali ársins 2008, saman borið við 168.693 við álagningu ársins 2009. Innstæður einstaklinga hækkuðu um 369,7 milljarða kr. á milli ára, eða 139,3%. Í ljósi þess að eignir hafa í gegnum árin verið vantaldar og þeirra sviptinga sem verið hafa á eignamörkuðum er erfitt að meta hversu mikið eignir jukust í raun á milli framtalsáranna 2008 og 2009. Háir vextir hafa verið á verðtrygðum innlánsreikningum sem eru tryggðir af ríkinu og því er ekki ólíklegt að þeir sem einhvern pata höfðu af aðsteðjandi erfiðleikum, eða nægilega forsjálni til að bera, hafi selt eignir fyrir hrún og lagt andvirði sólunnar á innlánsreikninga. Þá hafa fjárhæðir á gengisreikningum hækkað mikið við fall krónunnar. Á sama tíma hafa skuldir hækkað sem aldrei fyrr. Margar fjölskyldur skulda mikið, hvort heldur miðað er við eignir eða tekjur, og eru af þeim sökum berskjaldaðar fyrir hvers konar áföllum. Þá bera

skuldirnar vexti og verðbætur sem leggjast mánaðarlega við höfuðstólinn en eignirnar eru iðulega bundnar í fasteign sem skilar engum tekjum og erfitt er að selja.

Margir enn í álnum

Eins og gefur að skilja er eignum og skuldum ekki jafnt skipt á milli landsmanna og fjölskyldur í landinu því misvel í stakk búnar að takast á við þau áföll sem dunið hafa á landsmönnum síðastliðið ár. Margir hafa færst of mikið í fang og eru við það að kikna undan skuldum sem stofnað var til í góðri trú þegar betur horfði. Aðrir eru í góðum efnunum, vel stæðir, og enn aðrir sterkefnaðir og þurfa engu að kvíða. Í árslok 2008 voru 181.755 fjölskyldur í landinu en hér er um að ræða bæði hjón og einhleypinga. Einhleypingar telja alla þá sem urðu 16 ára eða eldri á tekjuári en það er ljóst að stór hluti ungmenna býr í foreldrahúsum fram eftir aldri og því er ekki um að ræða sjálfstæðar fjölskyldur í eiginlegum skilningi þess orðs. Þetta eru þó fullveðja einstaklingar sem telja fram eignir og skuldir á skattframtali og þurfa að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar eins og aðrir og eru þeir því taldir sem sjálfstæðar fjölskyldur.

Ef öllum fjölskyldum, hjónum og einhleypingum, er skipt í hópa og raðað eftir

eignum kemur í ljós að langstærsti hópurinn telur fram minna en fimm milljónir kr. í eignir. Þessi hópur samanstendur aðallega af einhleypingum og öldruðum en af þeim 81.492 fjölskyldum sem áttu minna en fimm milljónir kr. í árslok 2008 voru 75.803 einhleypingar. Flestar fjölskyldur töldu fram eignir sem metnar voru á bilinu frá 10 til 40 milljónir kr. í árslok 2008 og af þessum hópi áttu flestar á bilinu 15 til 25 milljónir kr.

Það vekur athygli að hópurinn sem á minnst er jafnframt skuldugur, en eftir því sem eignirnar aukast þá vega skuldirnar minna samanborið við eignir. Þeir 76.344 einstaklingar sem töldu fram eignir, en þó minna en 10 milljónir kr., áttu samanlagðar eignir sem metnar voru á 115 milljarða kr. Á móti þessum eignum stóðu skuldir upp á 108 milljarða kr. eða sem nemur 94% eignanna. Hópurinn sem taldi fram eignir á bilinu 10 til 20 milljónir kr. áttu samanlagðar eignir að verðmæti 387 milljarða kr. Á móti eignum stóðu skuldir upp á 301 milljarð kr., eða 77,7% af eignum. Hér er um að ræða 25.011 fjölskyldur. Þær 26.504 fjölskyldur sem áttu eignir á bilinu 20 til 30 milljónir kr. áttu samanlagðar eignir að verðmæti 653 milljarða kr. en á móti stóðu skuldir upp á 420 milljarða kr. sem er 64,3% af eignum.

Skýringa á því af hverju þeir sem eiga lítill skulda mikið er sjálfsagt að leita í því að hópurinn sem á minnst, þ.e. þeir sem töldu fram minna en fimm milljónir kr., hafi tekið lán til þess að kaupa bifreiðir eða annað slíkt sem hefur fallið í verði á sama tíma og lánin hafa hækkað.

Bróðurpartur skulda almennings er vegna húsnæðiskaupa. Þeir sem keypt hafa fasteign á allra síðustu árum hafa ekki notið góðs af hækkun fasteignaverðs líkt og þeir sem keyptu áður en íbúðaverð tók að hækka. Skuldirnar hafa hins vegar hækkað ár frá ári á meðan verðmæti eigna hefur staðið í stað eða jafnvel lækkað. Þetta sést þegar skoðað er hversu mikið fólk skuldar í fasteignunum sínum. Þeir sem eiga eignir á bilinu 5 til 10 milljónir kr. skulda 80,1% af matsverði fasteignarinnar, þeir sem eiga fasteignir sem metnar eru á 10 til 15 milljónir kr. skulda 75,2% af verðmæti fasteignarinnar. Skuldir vegna húsnæðiskaupa voru 60,3% af fasteignamati hjá þeim sem töldu fram eignir upp á 20 til 25 milljónir kr. og svo koll af kolli. Þeir sem áttu 60-65 milljónir kr. skulduðu að jafnaði 29,3% í fasteignunum sem þeir áttu. Það er rétt að áréttast að hér er um matsverð eigna að ræða sem gæti verið nokkuð annað en raunverulegt markaðsvirði. Það er kunnara en frá þurfi að greina að erfitt hefur verið að selja


eignir eftir að bankakerfið hrundi í fyrra haust og því er erfitt að dæma um hvert raunverulegt söliverðmæti eigna landsmanna er.

Það eru ekki allir á flæðiskeri staddir. Hópur efnamanna sker sig nokkuð úr. Hér er um að ræða 1.381 fjölskyldu sem taldi fram eignir sem metnar voru á meira en 150 milljónir kr. Samanlagðar eignir þessara fjölskyldna voru metnar á rúma 468 milljarða kr. en á móti eignum stóðu skuldir upp á 60 milljarða kr., eða 12,7% af eignum. Þessar fjölskyldur, sem telja 0,8% fjölskyldna í landinu, áttu 12,8% eigna og 3,5% skulda.


Eignasamsetning hópanna er einnig nokkuð mismunandi. Eins og gefur að skilja telur sá hópur sem minnst á yfirleitt ekki fram fasteignir á skattframtali. Þó eru einhverjir sem telja fram sumarþústaði, landspildur eða eignarhlut í húsnæði. Fasteignir eru þannig aðeins um fimm prósent af eignum hópsins sem taldi fram minna en fimm milljónir kr. í eignir. Hann taldi fram eignir upp á rúma 58 milljarða kr. en skuldaði hins vegar 61 milljarð kr. Hér er aðallega um að ræða ungmenni sem telja fram bifreiðir og aðrar eignir sem eru keyptar með láni og skulduga námsmenn sem eru með námslán á bakinu og hafa ekki enn náð að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Eignir og skuldir einstaklinga


1993 til 2009



Eignir og skuldir einstaklinga raðað eftir heildareignum



Sundurliðun eigna og skulda einstaklinga raðað eftir heildareignum



Fasteignir eru um 80% eigna þeirra sem telja fram eignir á bilinu frá 10 til 50 milljónir kr. en hér er um að ræða 76.199 fjölskyldur eða tæp 41,9% fjölskyldna í landinu. Þegar eignirnar aukast skipa fasteignir æ veigaminni sess í eignasafni landsmanna. Fasteignir voru þannig rúm-ur helmingur eigna þeirra sem áttu um 100 milljónir kr. en hjá þeim sem áttu meira en 150 milljónir kr. vógu fasteignir rétt um fimmtung í samanlögðu eignasafni á móti öðrum eignum, innstæðum, verðbréfum og hlutabréfum. Þessi hópur framteljenda sem töldu fram meira en 150 milljónir í eignir átti rúman fjórðung innstæðna í bönkum, eða tæpa 168,7 milljarða kr. af rúmlega 661,5 milljörðum kr. sem skráðir voru á framtölum landsmanna. Þeir áttu

42,3 milljarða kr. af þeim 94,4 milljörðum kr. sem landsmenn áttu í hlutabréfum. Þetta er 44,8%. Þá áttu þeir 134,1 milljarð kr. í verðbréfum eða 63,7% af þeim 210,7 milljörðum sem landsmenn áttu í verðbréfum árslok 2009.

Sumir á flæðiskeri staddir

Ef framteljendum er raðað eftir því hversu mikið þeir skulda sést að langflestir skulda lítið eða ekkert. Mjög margir skulda frá 5 til 35 milljónir kr. en bróðurpartur skulda einstaklinga liggur hjá þessum hópi. Það eru tiltölulega fáir sem skulda meira en 50 milljónir kr. og þá er hópur sem skuldar meira en 150 milljónir kr. Það er athyglisvert að eftir því sem skuldirnar aukast verður minna um eignir á móti skuld-

unum. Þannig er ákveðinn hópur einstaklinga sem er mjög skuldugur. Sem fyrr segir voru 181.755 fjölskyldur í landinu sem skildu skattframtali árið 2009. Af þessum fjölskyldum töldu 79.149 ekki fram neinar skuldir, þar af voru 67.433 einhleypingar og 11.706 hjón. Þessar fjölskyldur töldu hins vegar fram samanlagðar eignir sem metnar voru á rúma 845 milljarða kr. Fjölskyldur sem skulduðu þó minna en fimm milljónir kr. voru 30.825 en þessar fjölskyldur skulduðu samtals rúma 63 milljarða kr. Á móti skuldunum stóðu hins vegar eignir upp á 490 milljarða kr. og þannig voru skuldir hópsins ekki nema 12,8% af eignum. Í árslok 2008 skulduðu 41.535 fjölskyldur á bilinu 5 til 20 milljónir kr. en samanlagðar skuldir þeirra voru rúm 500 milljarðar kr. Á móti þessum skuldum stóðu eignir upp á 1.089 milljarða kr. Þá skulduðu 20.149 fjölskyldur á bilinu 20 til 35 milljónir og voru samanlagðar skuldir þeirra 523 milljarðar kr. Á móti þessum skuldum stóðu eignir sem metnar voru á 649 milljarða kr. þannig að 80,6% eigna var í skuld. Þá er nokkur hópur framteljenda sem skuldar meira en 45 milljónir kr. Þessi hópur samanstendur af 5.462 fjölskyldum sem töldu fram 415 milljarða kr. í skuldir en á móti skuldunum stóðu eignir upp á 385 milljarða kr. Þessir framteljendur skulduðu þannig að jafnaði rétt tæplega 8% meira en þeir áttu.

Hópur skuldunauta sem skulda meira en 150 milljónir kr. vekur sérstaka athygli. Þessar 244 fjölskyldur skulduðu 77 milljarða kr. en töldu hins vegar fram eignir á móti skuldum sem metnar voru á 72 milljarða kr. í árslok 2008. Eins og gefur að skilja hafa margir þeirra sem skulda mikið tekið lán til kaupa á hlutabréfum sem eru talin fram á nafnvirði. Það er því ekki gott að segja til um það hversu mikils virði þessi hlutabréf eru í dag eða hversu miklar tekjur þessir einstaklingar hafa, eða hafa haft, af eignunum.

Eiga minna en ekki neitt

Það skiptist nokkuð í tvö horn hvað varðar eignir og skuldir einstaklinga. Stór hópur framteljenda skuldar meira en hann á. Nokkur hópur telur hvorki fram eignir né skuldir, og þá eru nokkrir sem skulda ekkert en telja fram umtalsverðar eignir. Flestir sem telja fram eignir eiga minna en tíu milljónir kr. í eignir að frádregnum skuldum, þ.e. hreina eign. Hér er um að ræða 78.586 fjölskyldur sem töldu fram rúma 165 milljarða kr. í eignir umfram skuldir.

Þennan hóp skipa allar tegundir framteljenda, allt frá unglingum sem eru með launareikning og eiga óverulegar banka-




innstæður upp í fólk sem telur fram miklar eignir en skuldar jafnframt mikið. Stór hópur einstaklinga á eignir umfram skuldir á bilinu 10 til 40 milljónir kr. Hér er um að ræða 38.197 fjölskyldur sem töldu fram 837 milljarða kr. í eignir umfram skuldir. Í árslok 2008 áttu 2.366 fjölskyldur meira en 100 milljónir kr. í hreina eign en þessar fjölskyldur töldu fram eignir sem voru samtals 543 milljarðar kr. umfram skuldir. Þá áttu 1.166 fjölskyldur meira en 150 milljónir kr. umfram skuldir en samtals töldu þessir framteljendur fram 399 milljarða kr. í eignir umfram skuldir. Það er þannig nokkuð stór hópur landsmanna sem, þrátt fyrir ástandið, virðist vera í nokkuð góðum eignum.

En það eru ekki aðeins eignamenn í landinu því 37.320 fjölskyldur skulda meira en þær eiga. Eins og gefur að skilja standa iðulega eignir að baki skuldum. Lán eru tekin til þess að fjárfesta og þess vegna skulda frekar fáar fjölskyldur meira en þær eiga. Hér er þó rétt að árétta að hlutabréf eru talin fram á nafnvirði og 500 þús. kr. eignarhlutur í fyrirtæki getur verið mun meira virði á markaði en þegar hann er talinn fram á skattframtali eignandans. Milljarða eign getur þannig staðið á bak við eignarhlut í einkahlutafélagi með 500 þús. kr. hlutafé. Það þarf því ekki endilega að vera raunin að einstaklingur sem telur fram miklar skuldir eigi ekki eignir á móti sem hann getur selt ef á reynir til að greiða upp skuldirnar.

Í árslok í fyrra töldu 30.609 fjölskyldur fram skuldir sem voru frá 0 til 10 milljónir kr. umfram eignir. Þessar 30.609 fjölskyldur skulduðu rúma 93 milljarða kr. umfram eignir. Sem fyrr segir er óvenjulegt að fólk skuldi mun meira en það á en þó er 441 fjölskylda sem skuldar meira en 50 milljónum kr. meira en hún á. Þessar fjölskyldur skulduðu 54 milljarða umfram eignir í árslok 2008 en þar af voru einhverjar 170 fjölskyldur sem skulduðu meira en 100 milljónum kr. meira en þær áttu, 59 fjölskyldur skulduðu meira en 150 milljónum kr. meira en þær áttu. Þessar fjölskyldur skulduðu rúma 24 milljarða kr. umfram eignir. Þær töldu fram skuldir upp á 31,2 milljarða kr. en á móti skuldum stóðu hins vegar eignir sem metnar voru á rúma 7 milljarða kr.


Vextir og tekjur

Þó svo að margir skuldi mjög mikið skiptir auðvitað höfuðmáli hvort einstaklingar geti staðið við þær skuldbindingar sem þeir hafa gengist undir. Ef framteljendum er ráðað eftir því hversu stór hluti tekna fer



Vaxtagjöld einstaklinga

raðað eftir hlutfalli vaxtagjalda af heildartekjum



í að greiða vaxtagjöld sjáum við að 1.365 fjölskyldur af þeim 181.755 sem skila eignasíðu með framtali töldu ekki fram neinar tekjur á síðasta ári.

Hluti þessara framteljenda var þó með vaxtagjöld. Hér er vafalaust aðallega um að ræða rekstraraðila sem mega ekki reikna sér endurgjald vegna afkomu fyrirtækisins og unglunga sem eru á framfæri foreldra sinna en hafa þó haft tækifæri til að taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar. Þá skipa þennan hóp einnig aldraðir á öldrunarstofnunun sem og þeir sem fallið hafa frá á árinu. Af þessum 181.755 fjölskyldum greiddu 82.039 enga vexti árið 2008, 48.756 greiddu minna en tíu prósent af heildartekjum í vexti, 29.909 greiddu 10 til 20 prósent af tekjum og 10.454 fjölskyldur greiddu 20 til 30 prósent af brúttótekjum í vexti.

Það vekur nokkra athygli að stór hópur landsmanna greiðir meira en þriðjung brúttótækna í vexti og afborganir af lánum. Hér er um að ræða 9.232 einhleypinga og hjón en sumir þessara framteljenda, 225 hjón og 972 einhleypingar eða alls 1.197 heimili, töldu fram hærri vaxtagreiðslur en sem nam framtöldum brúttótekjum á árinu 2008. Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir því að menn telja fram hærri vaxtagjöld en tekjur. Sumir

telja fram mjög háar tekjur sem duga þó ekki fyrir vaxtagjöldum. Þá eru aðrir sem telja fram óverulegar tekjur og vaxtagjöld. Svona er hátt að með flesta þá sem greiða meira en 150% tekna í vexti. Enn aðrir telja fram mjög há vaxtagjöld en óverulegar tekjur sem augljóslega duga hvergi nærri fyrir framfærslu. Hér þarf að hafa í huga að einstaklingar geta staðið undir vaxtagreiðslum með því að selja eignir og því getur verið að menn fjármagni vaxtagreiðslunnar með þeim hætti. En þetta þarf að skoða sérstaklega.

Það má heldur ekki gleyma því að framtöl kunna að vera rangt út fyllt. Einnhverjir kunna að hafa greitt upp skuldir sínar og talið uppgreiðslu höfuðstóls til vaxtagjalda. Það er því rétt að taka fram að þó svo að framtalsupplýsingar gefi yfirleitt nokkuð góða mynd af framtöldum tekjum og eignum þarf ávallt að gæta varúðar við túlkun þeirra. Engu að síður vekur það nokkra athygli að þeir sem greiddu meira en 20% af tekjum ársins 2008 í vaxtagreiðslur töldu að jafnaði fram hærri skuldir en eignir, og því duga eignirnar ekki fyrir skuldum sem gefur vísbendingu um að þeir 19.686 einhleypingar og hjón sem standa að baki þessum tölum eigi að öllum líkindum við nokkurn vanda að etja.

Það er ljóst að á undanförunum árum hefur stór hópur fjölskyldna í landinu spennt bogann hátt. Fasteignir hafa hækkað í verði sem aldrei fyrr og margir hafa tekist á herðar miklar fjárhagslegar skuldbindingar til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Aðrir höfðu mjög rúman aðgang að lánsfé og hafa fengið gríðarlegar fjárhæðir að láni fyrir kaupum á hlutabréfum eða öðrum verðbréfum í þeirri von að hagnast á verðsveiflum.

Svo voru þeir sem eiga lítið en hafa þó steypt sér í skuldir, tekið lán til að sjá sér farborða í námi, keypt bíl með bílaláni, eru með yfirdráttarlán eða önnur neyslulán. Stærstur hluti landsmanna er hins vegar nokkuð vel settur í þessu tilliti og hluti landsmanna er til þess að gera vel stæður, á miklar eignir og ætti því að eiga auðvelt með að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum.

Enn aðrir eiga miklar skuldlausar eignir, ríkistryggðar innstæður og verðbréf. Þessi hópur ætti að verar nokkuð vel í stakk búinn til að takast á við þau áföll sem dunið hafa á þjóðinni.

Þróun virðisaukaskatts



Jón Guðmundsson

Virðisaukaskatti er skilað á tvennan hátt í ríkissjóð. Annars vegar með greiðslu skattsins samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum sem byggja á viðskiptum innanlands. Hins vegar með greiðslu aðflutningsgjalda til tollyfirvalda við innflutning til landsins.

Eins og flestum er kunnugt byggja virðisaukaskattsskil innanlands á því að fyrirtækin leggja skatt á skattskylda sölu sína á vörum og þjónustu. Sá skattur er kallaður útskattur. Fyrirtækin greiða virðisaukaskatt af ýmsum aðföngum sem þau þurfa að kaupa vegna skattskyldrar sölu sinnar. Sá skattur er kallaður innskattur og er fyrirtækjunum heimilt að draga hann frá útskatti á virðisaukaskattsskýrslu. Virðisaukaskattur sem greiddur er af ýmsum fjárfestingavörum svo sem vélum og tækjum telst til innskatts á því tímabili sem afhending þeirra fer fram.

Virðisaukaskattur sem greiddur er við innflutning er að stærstum hluta vegna aðfanga fyrirtækjanna t.d. vörur til endursölu, hráefni til stóriðju og annars iðnaðar og fjárfestingavörur. Þessi skattur er færður sem innskattur á virðisaukaskattsskýrslum vegna viðskipta innanlands og kemur til frádráttar útskatti.

Enginn virðisaukaskattur er lagður á vörur sem seldar eru til útlanda. Samkvæmt virðisaukaskattslögum telst slík sala vera undanþegin skattskyldri veltu. Það þýðir að þrátt fyrir að ekki sé lagður skattur á söluna er heimilt að færa virðisaukaskatt af aðföngum sem innskatt á virðisaukaskattsskýrslu. Útflutningsfyrirtæki eins og til dæmis álfyrirtæki og fiskvinnslufyrirtæki eru því oftast með hærri innskatt en útskatt og fá umtalsverðar upphæðir endurgreiddar á hverju uppgjörstímabili.

Töluverðar breytingar hafa orðið á því mynstri sem venjulega sést þegar skil

á virðisaukaskatti eru skoðuð. Sá hluti virðisaukaskatts sem skilað er samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum innanlands, þ.e. útskattur að frádregnum innskatti, fer minnkandi en virðisaukaskattur sem greiddur er við innflutning fer vaxandi. Kreppan á Íslandi er einnig farin að hafa áhrif á skilin innanlands.


Hér á eftir eru tvær myndir sem sýna álagningu virðisaukaskatts eftir tímabilum undanfarnin þrjú ár. Um er að ræða álagningu á aðila sem eru í reglulegum skilum þ.e. eins eða tveggja mánaðaskilum og miðast við þann tíma þegar álagningin fór fram. Áætlanir á þá aðila sem ekki höfðu talið fram á þessum tíma eru með í tölunum.

Fyrri myndin sýnir álagningu virðisaukaskatts hjá skattstjórum. Sjá má að


útskattur að frádregnum innskatti hefur verið að dragast saman allt árið 2008 og heldur sú þróun áfram á fyrstu tímabilum ársins 2009. Að hluta til skýrist það af auknum vöruútflutningi sem ekki er lagður útskattur á og að hluta af samdrætti vegna ástandsins í Þjóðfélaginu.

Á seinni myndinni hefur virðisaukaskatti sem greiddur er við innflutning verið bætt við álagðan skatt öll tímabilin. Þá breytist myndin töluvert og er nú nær því að sýna þróunina í skattheimtunni. Hér sést betur hvernig kreppan er farin að hafa áhrif á skilin. Rétt er að hafa í huga að álagning hvers tímabils er sífellt að breytast vegna leiðréttinga á virðisaukaskattsskýrslum þegar áætlanir eru felldar niður og lagt er á að nýju samkvæmt innsendum skýrslum.

Álagning öll umdæmi



Álagður vsk og vsk í tolli



Upplýsingastefna ríkisskattstjóra

*Í nýrri upplýsingastefnu
ríkisskattstjóra er mörkuð
sýn embættisins á þróun
næstu ára og með hvaða
hætti unnt verður að auka
rafræna stjórnsýslu
skattfyrvalda.*

*Lögð er áhersla á að til
framtíðar litið séu sam-
skipti við ríkisskattstjóra
að mestu leyti rafræn.*

Hjá ríkisskattstjóra hefur verið unnið að endurskoðun á stefnu embættisins í upplýsinga- og upplýsingatæknimálum. Starfshópur skipaður Jens Þór Svanssoni, Brigitte M. Jónsson og Ævari Ísberg hefur unnið að mótun nýrra viðmiðana í upplýsingamálum og notið í því starfi liðsinnis Dr. Jóns Þórs Þórhallssonar, ráðgjafa. Jón er starfsmönnum skattfyrvalda vel kunnur frá þeim tíma er hann var forstjóri Skýrr um 20 ára skeið á árunum 1977 - 1997. Yfirstjórn embættisins hefur nú samþykkt endurskoðaða upplýsinga- og upplýsingatæknistefnu. Í nýrri upplýsingastefnu ríkisskattstjóra er mörkuð sýn embættisins á þróun næstu ára og með hvaða hætti unnt verður að auka rafræna stjórnsýslu skattfyrvalda. Lögð er áhersla á að til framtíðar litið séu samskipti við ríkisskattstjóra að mestu leyti rafræn. Jafnframt að vefurinn verði meginsamskiptamiðillinn við einstaklinga, fyrirtæki og fagaðila. Þá er í nýrri upplýsingastefnu fjallað um upplýsingamiðlun embættisins og mörkuð sú stefna að tryggt sé að upplýsingar séu réttar og áreiðanlegar og að auðvelt sé að nálgast þær á vef embættisins.

Upplýsingatæknistefnan tekur mið af upplýsingastefnu ríkisskattstjóra og er henni til stuðnings. Stefnan í upplýsingatæknimálum varðar ýmsa þætti, svo sem öryggismál, samræmingu, rekstrarhagkvæmni og þjónustu við notendur. Þar er megináhersla lögð á öryggi og áreiðanleika upplýsinga. Þá er tekin sú afstaða að greining, hönnun og framleiðsla upplýsingakerfa sé jafnan í höndum verktaka en ekki unnin innandyra hjá ríkisskattstjóra.


Upplýsingastefna ríkisskattjóra

- 1) Samskipti við ríkisskattstjóra séu rafræn að sem mestu leyti og vefur embættisins sé megin samskiptamiðillinn við einstaklinga, fyrirtæki og fagaðila.**

Ríkisskattstjóri leggur áherslu á að samskipti við einstaklinga, fyrirtæki

og fagaðila fari fram með rafrænum hætti. Slíkt eykur öryggi í samskiptum þessara aðila, einfaldar þau og bætir þjónustu embættisins. Þrátt fyrir aukna þjónustu er hún hagkvæmari og ódýrari en að mæta á skrifstofu ríkisskattstjóra með gögn eða erindi. Þess skal þó ávallt gætt að þeir sem ekki hafa möguleika á að nýta sér rafræna þjónustu fái engu að síður fullnægjandi þjónustu með öðrum hætti. Sem flest erindi sé unnt að afgreiða rafrænt. Rafræn samfella í afgreiðslu erinda tryggir samræmda afgreiðslu og hagkvæmt og lipurt vinnuumhverfi. Það tryggir aftur hraðvirkari afgreiðslu mála, starfsmönnum og viðskiptamönnum skattfyrvalda til hagsbóta.

www.rsk.is
www.skattur.is
www.skattalagasafn.is
www.tiund.is



2) Upplýsingar á vefnum séu áreiðanlegar og vefurinn lipur og þægilegur í notkun, einnig fyrir þá sem hafa takmarkaða kunnáttu og leikni.

Þeir sem leita upplýsinga eiga ekki að þurfa að leita lengra en á vef ríkisskattstjóra. Mikil áhersla er lögð á að upplýsingar og leiðin að þeim séu þannig skipulagðar að ávallt sé ljóst hvar þær er að finna. Það er einnig brýnt að upplýsingum á vef ríkisskattstjóra sé haldið við og þær uppfærðar um leið og breytingar eiga sér stað.

3) Ríkisskattstjóri haldi skrá yfir öll erindi sem berast embættinu. Hver og einn hafi á vefnum aðgang að erindum sínum og upplýsingum um stöðu þeirra.

Til þess að stefnumið um rafræn samskipti megi ná fram að ganga, þurfa samskiptin að vera skráð. Samskiptaskráin skal ná yfir erindi sem send eru ríkisskattstjóra sem og viðbrögð við þeim.

4) Einungis sé óskað skila á þeim upplýsingum sem ekki hafa þegar verið skráðar annars staðar í stjórnskerfinu.

Forðast skal að leggja óþarfa byrðar á herðar almennings og atvinnulífs. Sé mögulegt að nálgast upplýsingar hjá öðrum opinberum aðilum til nota við starfsemi embættisins skal það gert. Við ákveðnar aðstæður er þó eðlilegt að kalla eftir gögnum til afstemmingar á fyrirliggjandi upplýsingum.

Jón Þór Þórhallsson, Jens Þór Svansson og Brigitte M. Jónsson í tækjasal embættisins.

5) Ríkisskattstjóri og skattstjórar noti sama málakerfi.

Mikilvægt er að til staðar sé yfirsýn yfir hvern og einn viðskiptavin skatt-yfirvalda til að tryggja samræmi í afgreiðslu mála og samskiptum við þá.

„Gjörðir skattsins tíundaðar“

Morgunblaðið birti hinn 15. júní 2009 leiðara er bar fyrir sögnina „Gjörðir skattsins tíundaðar“. Þar rekur leiðarahöfundur stuttlega efni leiðara sem birtist í júníhefti Tíundar en segir síðan: „Fréttabréfinu Tíunder ekki dreift í miklu eða dýru upplagi en komið á framfæri við almenning í gegnum fjölmiðla. Þetta er merkilegt og gott framtak og til þess fallið að opna stjórnarsýsluna þrátt fyrir að eðli málsins samkvæmt séu einstök mál sem embættið fæst við trúnaðarmál. Aðrar opinberar stofnanir mættu gjarnan taka þetta til fyrirmyndar og raunar fleira í stjórnarsýslu ríkisskattstjóra.....“

Starfsmönnum ríkisskattstjóra er heiður að því að fréttablað ríkisskattstjóra, Tíund, vekir jafn jákvæð viðbrögð og raun ber vitni. Eru þökkun vinsamleg orð í garð starfsmanna og blaðsins.

Saga fréttablaðsins Tíundar spannar rúma tvo áratugi. Tilefni útgáfunnar var upptaka á staðgreiðslu opinberra gjalda, en það var ein mesta skattkerfisbreyting sem ráðist hafði verið í um áratugaskeið. Þáverandi ríkisskattstjóri, Garðar Valdimarsson, greinarhöfundur og fleiri starfsmenn ríkisskattstjóra töldu að útgáfa blaðs af þessu tagi myndi hjálpa til við að auðvelda skattkerfisbreytingar og styrkja skattframkvæmdina en að auki koma á framfæri við fjölmiðla ýmsum upplýsingum sem erindi ættu við almenning.

Það hefur orðið reyndin. Reglulega hefur blaðið vakið athygli og iðulega hefur eitthvað það efni verið í blaðinu sem fjölmiðlar hafa gert skil. Eðli máls samkvæmt hafa áherslur verið mismunandi og um skeið var lögð meiri áhersla á að blaðið væri tímarit um skattamál, þar sem efnistökin höfðu frekar til starfsmanna skattfirvalda en almennings.

Hin síðari misseri hefur blaðinu verið breytt nokkuð, fyrst og fremst með því að auka við efni sem á erindi til almennings alls en ekki eingöngu starfsmanna skatt-



yfirvalda en jafnframt hefur blaðið verið myndskreytt meira og stækkað. Ein nýjunganna er að kynna ýmsar tölulegar upplýsingar úr skráum skattfyrvalda, annað en álagninguna. Þannig er leitast við að varpa ljósi á ýmsar staðreyndir samfélagsins sem þó birtast aðeins í skattframtölum. Þáttur í efnistöðum blaðsins hin síðustu misseri er einnig að fjalla um stjórnsýsluna og kynna helstu stofnanir og þá sem fjalla um stjórnsýslumál.

Stjórnvaldsákvæðanir þurfa að vera gagnsæjar og skattfyrvöld hafa í árunna rás krafist þess að upplýsingar sem styrkja skattframkvæmd séu ríkisskattstjóra og skattstjórum aðgengilegar. Margoft hefur á það skort og löggjafinn jafnvel hafnað sjálfsögðum tillögum. Eðli máls samkvæmt er sjálfsagt að almenningur hafi

um slíkt fulla vitneskju, ásamt því að upplýst sé um hver séu helstu viðfangsefni skattfyrvalda á hverjum tíma, að teknu tilliti til heimildar í lögum. Tíund hefur m.a. gegnt því hlutverki að koma þeim viðhorfum á framfæri við almenn- ing í landinu.

Þegar þrengir að í samfélaginu og fjárveitingar eru skornar niður er horft til ýmiss kostnaðar sem unnt væri að spara. Ætíð hefur Tíund lifað af slíkan sparnað af þeirri einföldu ástæðu að Tíund er ódýrt blað í framleiðslu. Kostnaður við ritun þess er lítill, það er skrifað af fjölmörgum starfsmönnum ríkisskattstjóra sem taka saman greinargerðir vegna starfa sinna og Tíund fær að njóta. Upplag þess er lítið og því er dreifing og framleiðsla ódýr. Blaðið er gert almenn-

ingi aðgengilegt í gegnum vefsíðu RSK og www.tiund.is. Mesta upplýsingamið- unin fer þó fram í gegnum fjölmiðla, svo sem leiðarahöfundur Morgunblaðsins bendir réttilega á.

Það hefur ekki verið skortur á efni til umfjöllunar. Meðan svo er mun ríkisskattstjóri sinna þeirri sjálfsögðu kröfu samfélagsins að efni um skattamál sé kynnt almenningi svo sem kostur er. Það hefur löngum verið vitað að ákvarðanir um skattamál eru ekki öllum að skapi, því er mikilvægast að forsendur ákvarð- ana séu ljósar, hlutlægar og málefnalegar. Tíund þjónar því hlutverki að koma slíku á framfæri.

SEP

Stefán Skjaldarson settur skattrannsóknarstjóri

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að Stefán Skjaldarson skattstjóri Vesturlandsumdæmis verði settur skattrannsóknarstjóri ríkisins frá 15. nóvember 2009 og fram til júní 2010 í fæðingarorlofi Bryndísar Kristjánsdóttur.

Stefán er lögfræðingur frá Háskóla Íslands 1981, starfaði hjá skattstjóranum í Reykjavík frá námslokum og fram til ársins 1985, starfaði sem lögmaður í 1 ár en hefur verið skattstjóri í Vesturlandsumdæmi frá 1986. Stefán hefur verið settur ríkisskattstjóri ad hoc í nokkrum málum.



Sigríður Jónsdóttir settur skattstjóri Vesturlandsumdæmis

Sigríður Jónsdóttir hefur verið sett til að gegna stöðu skattstjóra Vesturlandsumdæmis frá 15. nóvember 2009 fram til júní 2010 á meðan Stefán Skjaldarson skattstjóri gegnir stöðu skattrannsóknarstjóra.

Sigríður lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands á árinu 1979 og hóf þá störf á skattstofu Vesturlandsumdæmis. Hún hefur starfað þar með hléum síðan og hefur verið staðgengill skattstjóra síðustu ár.

Hagræðing eða skattasniðganga

Hvernig á að finna út úr því?

Dagana 14. og 15. september var sjötta samnorræna seminarið um Transfer Pricing haldið í Osló undir forystu norskra skattyfirvalda. Síðasta seminar þar á undan um Transfer Pricing var haldið hér á landi í september 2007 og má segja að efnið núna hafi verið í nokkuð beinu framhaldi af því sem þá fór fram. Fjallað var um flutning á afmarkaðri starfsemi fyrirtækja yfir landamæri en slík mál eru býsna fyrirferðarmikil í umræðunni um þessar mundir.



Til upprifjunar á því sem fram fór á seminariinu sem haldið var hér á landi má nefna að áherslur í Transfer Pricing hafa verið að færa frá innlendum viðskiptum tengdra aðila yfir í viðskipti fjölþjóðlegra fyrirtækjasamstæðna yfir landamæri. Slíkar fyrirtækjasamstæður hafa oft tilhneigingu til að verðleggja og færa vörur, þjónustu, yfirstjórnarkostnað, vexti, efnislegar og óefnislegar eignir á milli fyrirtækja í samstæðunni með það fyrir augum að skattar séu greiddir í þeim ríkjum þar sem þeir eru hvað lægstir. Algengt er t.d. að tilteknir þættir úr starfsemi fyrirtækis, s.s. framleiðsla eða sala, séu fluttir til annars ríkis í þeim tilgangi að lækka framleiðslu- eða rekstrarkostnað en jafnframt skatta. Við því er lítið hægt að segja en það er hlutverk skattyfirvalda að tryggja að salan eða yfirfærslan á starfseminni sé verðlögð með eðlilegum hætti. Þannig getur það t.d. gerst ef starfsemi sem byggist á mikilli þekkingu er flutt til annars ríkis að verðleggja þurfi óefnislegar eignir eins og vörumerki, framleiðsluformúlur, viðskiptavild o.fl. Þótt þess verði ekki áþreifanlega vart að slíkar

óefnislegar eignir hafi verið fluttar með vélbúnaði og öðrum eignum þegar kemur að tollafgreiðslu þeirra í viðtökuríkinu. Ef slíkar eignir eru ekki seldar með ætti í staðinn að gera samning um þóknun fyrirtækisins í viðtökuríkinu til fyrirtækisins sem á réttindin fyrir afnot af þeim.

Málum af þessum toga hefur fjölgað á undanförunum árum og á seminariinu nú

”

Þannig getur það t.d. gerst ef starfsemi sem byggist á mikilli þekkingu er flutt til annars ríkis að verðleggja þurfi óefnislegar eignir eins og vörumerki, framleiðsluformúlur, viðskiptavild o.fl.

röktu stóru Norðurlöndin fjögur dæmi um ágreiningsmál sem þar höfðu verið til meðferðar hjá skattyfirvöldum eða dómstólum án þess að þátttakendur vissu þó hvaða fyrirtækjasamstæður hefðu átt í hlut. Það sem vakti sérstaklega athygli þess sem þetta skrifar var að í þessum málum höfðu skattyfirvöld byggt kröfugerð sína og málsmeðferð á hefðbundnum aðferðum úr atvinnulífinu við að verðmeta fyrirtæki og óefnislegar eignir.

Sérfræðingar þeirra í Transfer Pricing líta svo á að þær aðferðir samrýmist leiðbeiningum OECD um hvernig eigi að meta óefnislegar eignir í viðskiptum tengdra aðila. Litum á dæmi frá Svíþjóð sem nú er fyrir dómstólum þar á landi.

Framleiðslufyrirtækið F hafði þróast á löngum tíma og taldist að öllu leyti fullbúið fyrir starfsemina þar sem það hafði yfir að ráða öllum nauðsynlegum framleiðsluþáttum og starfsþáttum eins og leyfum, formúlum, rannsóknnum og sölustarfsemi. Á árinu 2003 gekk það í gegnum endurskipulagningu (restructuring) sem m.a. fól í sér að fyrirtækið varð eins konar samningsbundinn verktaki um að framleiða og selja til annarra fyrirtækja í samstæðunni (contract manufacturer). Óefnislegar eignir F voru fluttar til í samstæðunni til annars ríkis. Meðal eignanna voru einkaleyfi, vörumerki, framleiðsluleyfi, know-how og viðskiptamannaskrár. Verðmætasta eign F var safn leyfa sem tengdist framleiðslu og sölu á ákveðinni vöru sem fyrir lá að myndaði 80% af heildarveltu þess og 90% af hagnaði þess. Söluverð eignanna nam 275 millj. SEK. Ráðgjafafyrirtæki hafði verið fengið til að meta verðmæti fyrirtækisins fyrir og eftir sölu eignanna og verðið miðaðist við þá verðmætisýrningun. Annað ráðgjafafyrirtæki var fengið til að gefa álit á matinu og staðfesti það.

Sænsk skattyfirvöld (SS) gerðu samþæringu verðmat á fyrirtækinu fyrir og eftir sölu eignanna og komust að þeirri niðurstöðu að verðmæti þeirra hefði numið 960 millj. SEK og hækkuðu tekjur þess um 685 millj. SEK. Inn í fjárhæðina spiluðu einnig ólíkt viðhorf aðila til meðhöndlunar rannsóknar- og þróunarkostnaðar í framtíðinni þar sem F stóð ekki fyrir neinum rannsóknum þegar salan átti sér stað og var ekki lengur ráðandi um kostnaðinn eftir breytinguna heldur var gert

að greiða gjald til annars fyrirtækis innan samstæðunnar. Ákvörðun SS byggðist á að núvirða framtíðarhagnað F (discounted earnings approach – DE valuation). Til greina hafði einnig komið að mati SS að leggja mat á sjóðstreymi óefnislegu eignanna á líftíma þeirra sem talinn var 10 ár (cash flow for the expected useful life of IP) en fyrirtækið hafði ekki lagt fram nægjanlegar upplýsingar til þess.

Eftir að SS höfðu komið fram með sitt verðmat birti F nýtt verðmat frá ráðgjafafyrirtækinu. Í því mati var byggt á núvirtu sjóðstreymi (discounted cash flow method – DCF valuation) við að meta verðmæti hlutfjárins fyrir og eftir breytinguna. Niðurstaða ráðgjafafyrirtækisins var svipuð og samkvæmt fyrra mati. Þetta leiddi til þess að SS fengu í hendurnar gögn til að meta F eftir þessari sömu aðferð, þ.e. DCF. Samkvæmt nýju mati SS hækkaði matið á óefnislegu eignunum um 50% frá fyrra mati. SS héldu sig samt við fyrra matið í málflutningi sínum, þ.e. byggðu kröfu sína áfram á 685 millj. SEK.

F áfrýjaði málinu til héraðsdóms (county court). SS taldi sig hafa sýnt fram á í málflutningi sínum að fyrirtækið sem tók við eignunum hefði hagnast á þeim á fyrsta árinu um hærri fjárhæð en nam söluverðinu sem staðfesti að eignirnar hefðu verið seldar á of lágu verði. Þrátt fyrir það leit dómurinn fram hjá DE og DCF verðmati SS og taldi að verðmat ráðgjafafyrirtækisins væri raunsætt mat. Í niðurstöðum dómsins kom fram að SS hefðu ekki sýnt fram á með nægjanlega traustum hætti að hafna bæri mati ráðgjafafyrirtækisins og að verðlagningin hafi átt sér stað innan armslengdarviðmiða. Dómurinn gerði aftur á móti hvorki athugasemdir við mat SS né aðferðina sem notuð var til að verðmeta óefnislegar eignir F. SS áfrýjuðu málinu til æðra dómstóls (administrative court) á þessu ári. Fram kom á seminarinu að það er mat þeirra sem að málinu hafa unnið að niðurstaðan á síðara dómstiginu muni ráðast af verðmatsaðferðinni. Annars vegar hvort notast beri við Top Down aðferðina eða Bottom Up aðferðina. Sú fyrri byggir á því að reikna verðmæti óefnislegu eignanna sem mismun á verðmæti hlutabréfa F fyrir og eftir breytingu. Hin aðferðin byggir í meginatriðum á því að reikna verðmæti eignanna út frá sjóðstreyminu sem þær skapa þegar flutningur þeirra á sér stað. Lítum nánar á hvernig fyrra verðmatið leit út hjá ráðgjafafyrirtækinu (sjá samanburðartöflu hér að ofan).

Það sem SS gerðu í meginatriðum var að

Top Down Approach

Share Value Before Transfer:

1. EBIT, hagnaður fyrir vexti og skatta.....	XXX
2. Reiknaður tekjuskattur af EBIT.....	(XX)
3. Afskriftum bætt við	XX
4. Breyting á hreinu veltufé +/-	XX
5. Frá dregst fjárfesting	(XX)
6. Sjóðstreymisniðurstaða	XX
7. Núvirðisfaktor WACC (14,6%/19,6%)	
8. Núvirt sjóðstreymi NPV	XX
9. Nettóskuldir +/-	(XX)
10. Verðmæti hlutfjárins millj. SEK.....	758
11. Frá dregst verðmæti eftir flutning	(556)
12. Mismunur verðmats fyrir og eftir	202
13. Skattaleg áhrif sem leggjast við	73
14. Heildarverðmæti óefnislegra eigna	275

Share Value After Transfer:

1. EBIT, hagnaður fyrir vexti og skatta.....	XXX
2. Reiknaður tekjuskattur af EBIT.....	(XX)
3. Afskriftum bætt við	XX
4. Breyting á hreinu veltufé +/-	XX
5. Frá dregst fjárfesting	(XX)
6. Sjóðstreymisniðurstaða	XX
7. Núvirðisfaktor WACC (5,7%)	
8. Núvirt sjóðstreymi NPV	XX
9. Nettóskuldir +/-	(XX)
10. Verðmæti hlutfjárins millj. SEK	556

(fjárhæðin flutt úr hinni töflunni)

breyta núvirðisfaktornum í lið 7 eða WACC sem stendur fyrir Weighted Average Capital Cost. Töldu SS að mat á fjármagnskostnaði væri of hátt en í mati ráðgjafafyrirtækisins var gert ráð fyrir að kostnaður af lánsfé í fyrra matinu væri 14,6% og kostnaður af eigin fé, eins konar ávöxtunarkrafa hluthafa, væri 19,6%. Í mati sínu reyndu SS að sýna fram á að núvirðisfaktorinn ætti að vera lægri. Tiltölulega auðvelt er að meta lánsfjárvexti út frá gjaldfærðum vöxtum í samanburði við stærðir í efnahagsreikn-

venjulega skipt í tvennt eða annars vegar Market Risk Premium og hins vegar Beta Factor. Fyrri liðnum er ætlað að mæla frávik í hlutabréfavisitölum á fullkomnum hlutabréfamarkaði og hinum síðari frávik í verði einstakara hlutabréfa yfir lengra tímabil. Útkoman úr þessu dæmi Svíanna var um 15% ávöxtunarkrafa á eigið fé og eins lækkaði kostnaður við lánsfé lítilliga. Eins og áður segir var það niðurstaða SS að eftir þessari sömu aðferð væri fyrirtækið 685 millj. SEK meira virði en ráðgjafafyrirtækið hafði haldið fram. Sú leið sem hér var farin við mat á óefnislegum eignum F er ekki sú eina sem kemur til greina. Algengast er að nefndar séu þrjár leiðir í þessu sambandi og þeim getur einnig verið blandað saman eða þeim beitt á einstakar eignir. Sú fyrsta er kennd við Net Asset Approach, önnur við Income Approach og sú þriðja við Market Approach en þá er horft til sambærilegra fyrirtækja á markaði.

Þótt ekki liggi fyrir endanleg niðurstaða úr máli F þá er athyglisvert að sjá hvernig skattyfirvöld á Norðurlöndunum hafa brugðist við og tekið á sívaxandi viðskiptum og margvíslegum skipulagstillfæringum innan fjölþjóðlegra fyrirtækjasmstæðna. Vandamálin eru flókin og erfið og afla þarf viðurkenningar á þeim aðferðum sem viðhafðar eru. Skattyfirvöld hér á landi hafa fylgst með þessari þróun og búið sig undir að taka á svipuðum málum ef þörf krefur. Gera má ráð fyrir að áður en langt um líður muni fjölþjóðleg fyrirtæki sem starfa hér á landi þurfa að sæta Transfer Pricing Audit í einhverjum mæli af hálfu skattyfirvalda.

”

Gera má ráð fyrir að áður en langt um líði muni fjölþjóðleg fyrirtæki sem starfa hér á landi þurfa að sæta Transfer Pricing Audit í einhverjum mæli af hálfu skattyfirvalda

ingi. Erfiðara er aftur á móti að meta Capital Cost af eigin fé. Án þess að leiða það út í smáatriðum byggðist aðferðarfræðin á því að leggja saman það sem kallað var Risk Free Rate of Interest og Risk Premium.

Fyrri liðurinn er þá venjulega miðaður við vexti á ríkisskuldabréfum á undirliggjandi tímabili og prémían sú áhættuþöknum sem hluthafanum er ætluð fyrir að fjárfesta í hlutabréfum frekar en ríkisskuldabréfum. Premíumliðnum er

IOTA

Alþjóðleg samtök
skattyfirvalda



*Jean Marc Delporte frá Belgíu sem
tók við stjórn IOTA og Mats Sjöstrand
fráfarandi forseti samtakanna.*

Skattýfirvöld út um allan heim hafa sams konar verkefni að tryggja rétta skattlagningu á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga. Sömuleiðis glíma þau við sams konar vandamál, öflun upplýsinga til að sannreyna áreiðanleika skattskila en hvert með sínum hætti.

Intra-European Organisation of Tax Administrations eru samtök skattýfirvalda í 44 ríkjum Evrópu. Þau samtök reka skrifstofu í Ungverjalandi þar sem haldið er úti margs konar starfsemi til að styrkja og bæta skattframkvæmd um alla Evrópu. Þá gefa samtökin út efnismikið tímarit um skattamál, Tax Tribune, sem dreift er um allan heim. Sömuleiðis halda samtökin úti aðgangsstýrðri vefsíðu, www.iota-tax.org.

Til samtaka skattýfirvalda var stofnað fljótlega eftir að Austur-Evrópa breyttist á síðasta áratug 20. aldar. Verkefnin voru ærin þar sem byggja þurfti upp ný skattkerfi að vestrænni fyrirmynd í fjölmörgum ríkjum eftir stjórnkerfisbreytingar þar. Vestur-Evrópu ríkin komu síðar til liðs við IOTA eitt af öðru. Norðurlandþjóðirnar gengu flestar til liðs við samtökin á árunum 2004 – 2005.

Á síðustu árum hefur IOTA orðið að mikilvægu tengslaneti á milli skattýfirvalda hinna ýmsu ríkja. Sífelld skiptir meira máli við almenna skattframkvæmd að upplýsingar berist sem greiðast á milli landa. IOTA hefur einnig haldið úti mikilvirku fræðslustarfi til að þjálfa starfsmenn skattýfirvalda og liðsinna stofnunarinnar.

Árlega er kosinn forseti samtakanna úr



hópi forystumanna aðildarríkja. Aðalfundur IOTA var haldinn í Stokkhólmi í júlí sl. sumar, þar sem kynntar voru fjölmargar nýjungar, ný stjórn var kosin og ný markmið og leiðir ákvarðaðar. Þeim fundi stýrði fráfarandi forseti samtakanna Mats Sjöstrand ríkisskattstjóri Svíþjóðar.

Íslensk skattýfirvöld munu á komandi árum taka aukinn þátt í samstarfi við IOTA enda er margs konar ávinning að hafa af því samstarfi bæði við önnur skattýfirvöld og samtökin sjálf.

Marek Wetenczyk framkvæmdastjóri
IOTA og Mats Sjöstrand fráfarandi
forseti samtakanna.

Hverju skilar skatteftirlit ?



Guðni
Björnsson



Aðalsteinn
Hákonarson

Svo virðist sem á uppgangstímabilinu hafi dregið úr skatteftirliti. Það voru miklir peningar í umferð og fjárstraumurinn rann með vaxandi þunga í ríkissjóð. Við þær aðstæður fengu önnur verkefni aukinn forgang. Ekki þótti einu sinni við hæfi að koma með tillögur til úrbóta á augljósum ágöllum í skattalögum, slíkt truflaði gangverkið sem malaði svo ljúflega eins og vel smurð vél.

Inngangur

Þegar horft er yfir úfið öldurót efnahags-hrunsins, meðbyrinn sem á undan gaf og laskað hagkerfið sem við nú búum við, er fróðlegt að skoða hvernig áherslur í skatteftirliti hafa þróast síðustu árin. Svo virðist sem á uppgangstímabilinu hafi dregið úr skatteftirliti. Það voru miklir peningar í umferð og fjárstraumurinn rann með vaxandi þunga í ríkissjóð. Við þær aðstæður fengu önnur verkefni aukinn forgang. Ekki þótti einu sinni við hæfi að koma með tillögur til úrbóta á augljósum ágöllum í skattalögum, slíkt truflaði gangverkið sem malaði svo ljúflega eins og vel smurð vél. Formaður efnahags- og skattanefndar meira að segja skammaðist út í skatteftirlit á uppgangstímanum fyrir að vera að angra fyrirtækin í landinu með óþarfa bréfum.

Það næstum lá í loftinu að búið væri að koma á endanlegu skatteftirliti og uppræta öll skattsvik í eitt skipti fyrir öll. Eina eftirlitið sem virtist skipta máli í augum stjórnámálanna og var í tísku á þessum tíma var fjármála- og samkeppniseftirlit. En nú kveður við annan tón. Nú vilja stjórnvöld helst ná því til baka sem áður lak út. Því miður eru líkur til þess takmarkaðar því að mikið af því fé sem spratt á trjánnum í aldingörðum útrásarvíkinga og annarra fjárfesta, hvort sem það gerðist hér á landi eða úti í heimi, er nú tapað og verður ekki sótt aftur s.s. eins og allir þeir viðskiptapappírar sem urðu verðlausir í hruninu.

Hvað er skatteftirlit?

Skatteftirlit nær til eftirlits með tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og öðrum lögum sem skattstjórum er falin framkvæmd á. Í reglugerð nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknna, er efni og inntak skatteftirlits skilgreint og það afmarkað með tilliti til þess hlutverks sem embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins er ætlað að lögum. Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar segir orðrétt:

„Skatteftirlit í skilningi reglugerðar þessarar tekur til hvers konar könnunar skattstjóra og ríkisskattstjóra á réttmætti skattskila fyrir og eftir álagningu eða ákvörðun opinberra gjalda eða skatta, samtímaeftirlits með rekstraradilum, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi

skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um skattstofn eða skattskyldu.“

Í eftirliti fyrir álagningu felst ákveðin grunnskoðun á framtalsgögnum sem berast skattstofnunum, oftast með svokölluðum regluprófunum. Eftirlit eftir álagningu beinist að skoðun á framtölum og virðisaukaskattsskýrslum fyrri ára og eftirlit innan ársins (samtímaeftirlit) beinist einkum að þeim gjöldum sem falla til innan ársins, s.s. virðisaukaskatti, staðgreiðslu, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Eftirlitseiningar skattstjóra og ríkisskattstjóra sinna fyrst og fremst eftirliti eftir álagningu og eftirliti innan ársins, og það eru upplýsingar um þá starfsemi sem koma fram í umfjölluninni hér á eftir.

Fjöldi eftirlitsmála

Um 2.100 mál voru til skoðunar hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra á ári á umræddu tímabili. Stór hluti málanna átti uppruna sinn í samræmdri eftirlitsáætlun ríkisskattstjóra, en einnig var nokkuð um ábendingar frá skattaðilum, öðrum skattembættum, ríkisstofnunum og hagsmunasamtökum. Þar sem mál eru mjög misjöfn að vexti og umfangi segir fjöldinn einn og sér lítið til um afköst eftirlitseininganna.

Fjöldi mála hjá eftirlitseiningum	2006	2007	2008
Fjöldi nýrra mála á árinu	1.359	1.370	1.463
Fjöldi mála í vinnslu á árinu alls	2.186	2.047	2.012
Fjöldi eftirlitsmála lokið	1.351	1.466	1.272
- þar af með gjaldabreytingu	634	833	543


Á árinu 2008 hófu eftirlitseiningarnar til að mynda vinnu í 1.463 nýjum málum auk þeirra 549 mála sem voru í vinnslu frá fyrra ári. Af þeim 2.012 málum sem voru í vinnslu á árinu lauk vinnu við 1.272 mál. Þar af leiddu 543 mál til gjaldabreytinga eða um 43%. Þá voru 37 mál send skattrannsóknarstjóra ríkisins til frekari meðferðar.

Árangur af skatteftirliti

Skoðun eftirlitseininga skattstjóra og ríkisskattstjóra á skattskilum einstaklinga og lögaðila leiddi til hækkunar skatta og gjalda þessara aðila um 2.980 milljónir króna á árinu 2006, um 1.636 milljónir króna á

Lækkun eftirlitseininga á yfirfæranlegu tapi

2006-2008



árinu 2007 og um 2.734 milljónir króna á árinu 2008. Hækkun opinberra gjalda á tímabilinu nam samtals 7.350 milljónum króna.

Þessu til viðbótar var yfirfæranlegt tap félaga lækkað um 628 milljónir króna á árinu 2006, 1.046 milljónir króna á árinu 2007 og 8.813 milljónir króna á árinu 2008. Lækkun á yfirfæranlegu tapi á tímabilinu nam samtals 10.477 milljónum króna.

Meðaltal gjaldabreytinga á hvert lok-ið mál nam tæpum 2 milljónum króna á árinu 2007 á móti tæpum 5 milljónum króna á árinu 2006 og rúmum 5 milljónum króna á árinu 2008. Þetta snýst hins vegar við ef hlutfall mála sem lauk með gjaldabreytingu af heildarfjölda lokinna mála er skoðað. Á árinu 2007 lauk um 57% mála með gjaldabreytingu á móti tæpum 46% mála á árinu 2006 og tæpum 43% mála á árinu 2008. Þessi munur skýrist m.a. af miklum fjölda samskonar mála sem voru til skoðunar á árinu 2007, en slík mál eru mun auðveldari viðureignar og vinnast hraðar.

Hvað sem þessu líður er ljóst að árangur af skatteftirliti verður ekki eingöngu mældur með gjaldabreytingum heldur einnig í aukinni þekkingu skatt-

Gjaldabreytingar eftirlitseininga **	2006	2007	2008
Gjaldabreytingar eftirlitseininga samtals	2.980.316.314 kr.	1.635.902.563 kr.	2.734.027.541 kr.
Opinber gjöld	2.864.831.186 kr.	1.613.546.270 kr.	2.673.200.249 kr.
Virðisaukaskattur og álag	30.714.711 kr.	8.042.517 kr.	36.588.605 kr.
Tryggingagjald og álag á staðgreiðslu	84.770.417 kr.	14.313.776 kr.	24.238.687 kr.

** Fjárhæðir gjaldabreytinga eru á verðlagi viðkomandi árs. Um hreinar (nettó) breytingar er að ræða þar sem lækkun gengur á móti hækkun.

aðila á reglakerfinu og bættum skattskilum almennt. Skatteftirlit sem felur í sér heimsókn á starfsstöð skattaðila, at-hugasemdir og leiðbeiningar er ekki síður mikilvægt en skatteftirlit sem leiðir af sér hreinar gjaldabreytingar. Við hefðbundið þjónustueftirlit koma til dæmis oft í ljós annmarkar á skattskilum aðila sem rekja má til vanþekkingar á gildandi lögum og reglum. Slíka annmarka má auðveldlega bæta með leiðbeiningum um rétt skattskil.

Lokaorð

Skattar eru nauðsynlegur þáttur í tekjuöflun ríkissjóðs og sveitarfélaga, svo að þau geti sinnt því hlutverki sínu að tryggja ör-yggi þegnanna og stuðla að hagvexti og

efnahagslegri velferð í landinu. Viðhorf almenningu til skattlagningar eru almennt jákvæð og flestir telja sjálfsagt og eðlilegt að greiða skatta svo lengi sem jafnræðis gætir í skattframkvæmdinni og skattbyrðinni er dreift af sanngirni. Af þeim sökum er mikilvægt að tryggja að einstaklingar og lögaðilar greiði þá skatta sem þeim ber lögum samkvæmt.

Það er hlutverk skattyfirvalda að tryggja rétta skattlagningu og gæta jafnræðis á milli þegnanna með öflugu og markvissu eftirliti. Nauðsynlegt er að þeir sem uppvísir eru að undanskotum verði látnir sæta ábyrgð. Það eykur réttlætiskennnd þjóðarinnar og styrkir innviði samfélagsins.

Álagning einstaklinga 2009

Niðurstöður álagningar einstaklinga 2009 liggja nú fyrir. Þótt mikið hafi dregið úr vexti undanfarinna ára bera skattframtöl einstaklinga í ár ekki vitni um verulegan samdrátt. Laun, hlunnindi, vextir og arður hækkuðu nokkuð sem og skattar sem lagðir eru á þessa skattstofna. Skuldir hækkuðu hins vegar enn mjög mikið, eign landsmanna í verðbréfum rýrnaði og söluhagnaður dróst verulega saman á sama tíma og atvinnuleysisbætur ríflega tvöfölduðust. Þá dró mjög úr fjölgun framteljenda sem hefur verið með eindæmum mikil undanfarin ár. Ýmis teikn eru því á lofti um að vaxtarskeiði undanfarinna ára sé lokið og að nú hafi slegið í bakseglin. Hér að neðan verður tæpt á því sem helst má telja markvert við niðurstöður álagningar 2009.



Páll
Kolbeins

Hægir á vexti tekna

Á undanförunum árum hafa Íslendingar gengið í gegnum einstakt vaxtarskeið. Tekjur hækkuðu mikið og landsmönnum fjölgaði langt umfram náttúrulegan vöxt þjóðarinnar. Framteljendum á skrá fjölgaði t.d. um 4,3% á milli framtalsáranna 2007 og 2008 og 5,2% á milli áráanna þar áður en eðlileg fjölgun er um eitt prósent á ári. Árið 1999 voru skattskyldar tekjur einstaklinga 380 milljarðar kr. Nú, tíu árum síðar, voru skattskyldar tekjur rétt tæpir þúsund milljarðar kr. eða nær þrefalt hærra að nafnvirði. Tekjur jukust þannig um 7% á milli áráanna 2002 og 2003, 8% milli áráanna 2003 og 2004, 10% á milli áráanna 2004 og 2005, 17% á milli áráanna 2005 og 2006, 16% á milli áráanna 2006 og 2007 og 21% á milli áráanna 2007 og 2008. Nú bregður hins vegar svo við að skattskyldar tekjur jukust aðeins um 0,7% á milli ára. Skattskyldar tekjur einstaklinga voru nú 998,9

milljarðar kr., 6,6 milljörðum hærra en í fyrra. Lítil vöxtur skattskyldra tekna skýrist fyrst og fremst af því að söluhagnaður, sem hefur undanfarið verið mjög mikill, dróst nú saman um 82% á milli ára.

Laun hækka

Þrátt fyrir þau áföll sem riðu yfir íslenskt efnahagslíf síðla árs 2008 hækkuðu laun, hlunnindi, lífeyrir og aðrar greiðslur sem mynda tekjuskatts- og útsvarstofn á milli áráanna 2007 og 2008. Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl. hækkuðu nú um tæpa 69,3 milljarða kr. á milli ára, eða 9,4%. Þar af hækkuðu laun, starfstengdar greiðslur o.fl. um tæpa 53 milljarða kr., eða 8,7%. Hækkun launa kemur ekki á óvart en staðgreiðsluskyldar greiðslur hækkuðu úr tæpum 788,5 milljörðum kr. í rúma 848,2 milljarða kr., eða um 7,5% á milli áráanna 2007 og 2008.

Það er athyglisvert að önnur hlunnindi skuli lækka um 5,7 milljarða kr. á milli ára, eða 83,9%. Önnur hlunnindi voru 6,7 milljarðar kr. í fyrra en voru nú rúmur milljarður. Önnur hlunnindi hækkuðu mjög mikið milli áráanna 2007 og 2008, um 4,7 milljarða kr. vegna þess að margir færðu kaupréttarsamninga í þennan framtalsreit. Sama gildir um aðrar tekjur en ýmiss konar kaupaukar voru oft færðir í þennan reit á uppgangs-

tímanum en aðrar tekjur lækkuðu nú um 580 milljónir kr. á milli ára.

Atvinnuleysisbætur tvöfaldast

Áhrifa þeirra erfiðleika sem dundu á þjóðfélaginu síðla árs 2008 gætir helst í því að atvinnuleysisbætur hækkuðu nú mikið á milli ára, eða um 112%. Undanfarin ár hefur Vinnuálastofnun greitt um tvo milljarða kr. í atvinnuleysisbætur en nú hækkuðu bætur úr tæpum 1,8 milljarði kr. í tæpa 3,7 milljarða kr. Árið 2008 voru 10.370 manns greiddar atvinnuleysisbætur, 5.810 fleiri en árið áður. Þetta er gríðarlega mikil breyting, sérstaklega þegar haft er í huga að það fór ekki að kreppa að í efnahagslífinu fyrr en síðla árs 2008 og því er um að ræða atvinnuleysi sem tekur aðeins til hluta ársins 2008.

Fleiri taka lífeyri

Lífeyrisgreiðslur landsmanna hækkuðu nú um 7,3 milljarða kr. eða 15,9%. Landsmenn fengu 56,3 milljarða kr. greidda úr lífeyrissjóðum árið 2008 en þar af voru greiðslur úr séreignarsjóðum, sem nú eru sérstaklega tilgreindar á framtali, rúmur 2,1 milljarður kr. Landsmenn sem orðnir voru 60 ára máttu taka 900 þúsund krónur út úr séreignarlífeyrissjóði á árinu 2008 og nýtti 2.061 einstaklingur sér þennan rétt. Lífeyrissjóðir greiddu 54.497 einstaklingum út lífeyri á árinu 2008, 5.217 fleiri en árið áður.

Áætlunum fækkar

Það veur nokkra athygli að skattstjórar áætla nú mun færri einstaklingum tekjur en í fyrra. Skattstjórar áætluðu nú 12.615 manns tekjur sem er 3.616, eða 22,3%, færri en í fyrra. Skattstjórar áætluðu þessum einstaklingum 49,3 milljarða kr. í tekjur, sem er tæpum sex milljörðum eða 10,7% minna en við álagningu 2008. Um ástæðu þessa er helst tvennt að segja. Annars vegar hafa skil almennt batnað. Framtalsgerð hefur verið einfölduð til hægðarauka fyrir framteljendur, upplýsingar eru nú áritaðar

á framtalið sem auðveldar framteljendum að telja fram. Þá eru skattstjórar nú farnir að telja fram fyrir framteljendur, sem vegna sérstakra aðstæðna, eru ófærir um að telja fram sjálfir. Skattstjórar gera þetta ef þeir telja sig hafa allar nauðsynlegar upplýsingar til að afgreiða framtalið. Þessi framtöl, svokölluð skattstjóraframtöl, teljast nú ekki til áætlana og því er hér um breytingu á skilgreiningu að ræða.


Dagpeningar og ökutækjastyrkur

Frádráttur frá skattstofni jókst nú um 5,7 milljarða kr. en framteljendur lækkuðu tekjuskatts- og útsvarstofn nú um 55,3 milljarða kr. vegna frádráttarbærs kostnaðar. Frádráttur vegna dagpeninga hækkaði nú um 22,3% á milli ára, eða um 1,4 milljarða kr., hækkaði úr 6,4 milljörðum kr. í 7,8 milljarða kr.

Á sama tíma hækkuðu dagpeningar um 15,7%, úr rúmum sjö milljörðum í 8,1. Það veur nokkra athygli að færri telja nú fram dagpeninga á meðan fleiri telja fram frádráttarbæran kostnað vegna dagpeninga. Nú drógu 26.577 manns frá kostnað vegna dagpeninga, 1.837 fleiri en í fyrra, en 26.835 manns fengu greidda dagpeninga, 1.868 færri en í fyrra. Þetta misræmi í fjölda þeirra sem fá dagpeninga og reikna sér frádrátt skýrist fyrst og fremst af því að framteljendur voru nú minntir á að draga frá kostnað vegna dagpeninga áður en framtali var skilað á vefsíðu embættisins og þá var kostnaður dreginn af dagpeningum þeirra sem fengu minna en 250 þús. kr. greitt í dagpeninga.

Kostnaður sem er dreginn frá ökutækjastyrk hækkaði einnig mikið eða um 18%, úr 4,7 milljörðum kr. í 5,5 milljarða kr. Á sama tíma hækkaði ökutækjastyrkur um 16,4%, úr tæpum 7,5 milljörðum kr. í 8,7 milljarða kr. Framteljendum er gert að gera sérstaka grein fyrir kostnaði ef akstur fyrir launagreiðanda er meiri en 2.500 km. Þessi viðmiðunarmörk voru nú 500 km. hærri en í fyrra en það auðveldar framteljendum nokkuð að telja fram ef þeir þurfa ekki að gera sérstaka grein fyrir kostnaði. Þá var skattmat á hvern kílómetra einnig hækkað nokkuð.

Skattstjórar lækkuðu skattstofn nú um 1,4 milljarða kr. á grundvelli 65. gr. skattalaga vegna skertrar greiðslugetu af völdum t.d. veikinda eða slysa. Lækkun vegna 65. gr. var 308 milljónum kr. meiri en í fyrra, en þetta er breyting um 27,4% á milli ára.



Fjármagnstekjur dragast saman

Síðastliðinn áratug hafa fjármagnstekjur vaxið með undraverðum hætti oft um tugi prósentu frá ári til árs. Fjármagnstekjur hækkuðu um 40,2% á milli árunna 2003 og 2004, 16,9% á milli árunna 2004 og 2005, 60,8% á milli árunna 2005 og 2006, 33,1% á milli árunna 2006 og 2007 og 53% á milli árunna 2007 og 2008. Frá framtali árið 2000 til framtals árið 2008 hækkuðu fjármagnstekjur úr 24,7 milljörðum kr. í tæpa 244,5 milljarða kr. Þetta er tæplega tíföldun á sjö árum sem jafngildir 33,2% hækkun á ári að jafnaði. Nú bregður hins vegar svo við að fjármagnstekjur dragast saman á milli ára.


Það segir þó ekki alla söguna að fjármagnstekjur skuli nú lækka því aðrar fjármagnstekjur en söluhagnaður hækkuðu verulega á milli ára. Framteljendur töldu

nú fram 124,1 milljarði kr. minni söluhagnað en í fyrra eða 27,2 milljarða kr., sem telst lítið miðað við 151,3 milljarða kr. skv. framtölum 2008.

Söluhagnaður hefur ekki verið svona lítill síðan framtalsárið 2003. Á undanförunum árum hefur söluhagnaður verið nær helmingur fjármagnstekna og því munar um svo mikla lækkun. Fjármagnstekjur voru nú 194,4 milljarðar kr., saman borið við 244,2 milljarða kr. í fyrra. Þær lækkuðu þannig um 49,8 milljarða kr. á milli ára, eða um 20,4%.

Vextir af innstæðum tvöfaldast

Sem fyrr segir veur það nokkra athygli að aðrar fjármagnstekjur en söluhagnaður hækka mjög mikið á milli ára. Helst ber þar að nefna að vextir af innstæðum í bönkum hækkuðu um 49,2 milljarða kr., eða 197%.



Skattskyldar tekjur einstaklinga

Framtöl einstaklinga 2006 til 2009

Álagningarár	Tekjur einstaklinga				Breytingar '08-'09		Fjöldi framteljenda				Breytingar '08-'09	
	2006	2007	2008	2009	Milljónir kr.	%	2006	2007	2008	2009	Fjöldi	%
Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.:												
Laun, starfst.gr. o.fl.	471.962	535.397	609.338	662.289	52.952	8,7	167.240	171.247	176.414	181.682	5.268	3,0%
Bífreiddahlunnindi	2.836	3.219	3.875	4.340	465	12,0	5.043	5.528	6.095	6.035	-60	-1,0%
Önnur hlunnindi	2.683	2.066	6.749	1.087	-5.662	-83,9	14.917	15.262	14.443	13.487	-956	-6,6%
Ökutækjastyrkur	6.323	7.033	7.459	8.681	1.223	16,4	34.776	36.507	37.700	38.293	593	1,6%
Dagpeningar	6.184	7.110	7.034	8.136	1.102	15,7	25.376	27.003	28.703	26.835	-1.868	-6,5%
Reiknað endurgjald	15.127	15.777	16.551	16.225	-327	-2,0	17.188	16.751	16.527	16.579	52	0,3%
Greiðslur frá Tryggingastofnun	31.948	34.145	38.695	43.824	5.129	13,3	46.866	47.324	47.580	48.149	569	1,2%
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	34.150	39.688	46.280	53.627	7.347	15,9	40.596	41.500	42.728	43.195	467	1,1%
Séreignarlífeyrissjóðum				2.130						2.061		
Aðrar tekjur	3.481	4.565	6.068	5.488	-580	-9,6	34.745	36.664	37.083	42.109	5.026	13,6%
Húsaleigubætur, aðstoð og styrkir	971	1.024	980	1.205	226	23,0	3.413	3.478	3.090	3.639	549	17,8%
Atvinnuleysisbætur	2.417	1.825	1.745	3.699	1.954	112,0	8.363	5.809	4.560	10.370	5.810	127,4%
Styrkir vegna náms og vísindstarfa o.fl.	946	1.090	1.264	1.345	80	6,4	16.630	18.179	18.694	18.375	-319	-1,7%
Tekjur erlendis frá	141	224	228	338	110	48,2	150	177	204	218	14	6,9%
Bakfærður frádráttur v/hlutabréfakaupa	17	2	2		-2	-100,0	55	18	1	0	-1	-100,0%
Samtals:	573.668	647.879	735.645	804.900	69.255	9,4	208.805	213.685	218.666	225.123	6.457	3,0%
Hreinar tekjur af atvinnurekstri	6.335	7.064	7.648	6.990	-659	-8,6	13.415	13.243	12.927	12.893	-34	-0,3%
Áætlun												
Áætlaður tekjuskattstofn /viðbót	39.061	44.630	51.625	45.984	-5.641	-10,9	13.626	14.490	16.231	12.615	-3.616	-22,3%
Áætlað álag á tekjuskattstofn	2.924	3.253	3.526	3.269	-257	-7,3	12.634	14.443	16.206	12.553	-3.653	-22,5%
Samtals:	41.986	47.883	55.151	49.253	-5.898	-10,7	13.637	14.499	16.233	12.619	-3.614	-22,3%
Frádráttur frá launum o.fl.												
Kostnaður á móti ökutækjastyrk	3.953	4.239	4.669	5.511	842	18,0	29.115	30.641	32.004	32.207	203	0,6%
Frádráttur vegna dagpeninga	5.684	6.390	6.399	7.827	1.428	22,3	22.599	23.459	24.740	26.577	1.837	7,4%
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð	18.562	21.306	24.054	26.379	2.325	9,7	170.010	173.687	178.101	182.862	4.761	2,7%
Frádrægið iðgjald í séreignarlífeyrissjóð 4%	9.521	11.189	12.941	14.230	1.290	10,0	94.752	98.995	102.847	104.915	2.068	2,0%
Frádráttur vegna náms og vísindastyrkja	622	700	800	831	31	3,8	10.981	11.552	11.835	11.010	-825	-7,0%
Frádráttur vegna annarra styrkja	301	409	484	524	40	8,3	5.503	4.849	5.355	5.455	100	1,9%
Samtals:	38.643	44.233	49.630	55.301	5.672	11,4	170.915	174.723	179.232	184.103	4.871	2,7%
Lækkun skv. 65. gr.	1.078	1.079	1.122	1.430	308	27,4	10.144	9.346	8.763	9.980	1.217	13,9%
Tekjuskatts- og útsvarstofn	582.278	657.519	747.986	804.419	56.433	7,5	222.486	228.191	234.927	237.686	2.759	1,2%
Neikvæður	10	1	8	8	0	-4,5	25	28	36	50	14	38,9%
Fjármagnstekjur	119.980	159.645	244.246	194.443	-49.803	-20,4	84.680	93.078	98.738	184.626	85.888	87,0%
Skattskyldar tekjur samtals	702.258	817.164	992.232	998.862	6.630	0,7						
Fjöldi framteljenda á grunnskrá							241.344	253.911	264.766	267.494	2.728	1,0%

Í milljónum króna

Fjármagnstekjur einstaklinga

Framtöl einstaklinga 2006 til 2009

Álagningarár	Fjármagnstekjur				Breyting '08-'09		Fjöldi fjölskyldna				Breyting '08-'09	
	2006	2007	2008	2009	Milljónir kr.	%	2006	2007	2008	2009	Fjöldi	%
Arður												
Arður og vextir af stofnsjóðsinneign												
Arður af hlutabréfum	24.652	34.331	41.820	48.856	7.035	16,8%	40.912	43.359	42.631	37.317	-5.314	-12,5%
Arður af erlendum hlutabréfum	1.350	3.112	2.130	3.564	1.434	67,3%	492	531	580	891	311	53,6%
Samtals:	26.003	37.444	43.950	52.420	8.469	19,3%	*	*	*	*	*	*
Vaxtatekjur												
Vextir af innstæðum barna	85	117	157	2.246	2.089	1331,2%	3.821	3.441	3.285	35.879	32.594	992,2%
Vextir af innstæðum í bönkum	11.154	18.283	24.979	74.197	49.218	197,0%	60.663	67.214	72.434	168.989	96.555	133,3%
Vextir af innl. og erl. verðbréfum	12.754	16.760	19.510	32.979	13.469	69,0%	13.207	15.810	19.052	15.985	-3.067	-16,1%
Samtals:	23.993	35.160	44.646	109.422	64.776	145,1%	*	*	*	*	*	*
Leigutekjur	3.070	3.520	4.338	5.358	1.021	23,5%	5.643	5.944	6.464	7.061	597	9,2%
Söluhagnaður												
Hagnaður af sölu hlutabréfa	62.764	76.642	142.465	23.148	-119.318	-83,8%	9.079	9.717	11.512	4.985	-6.527	-56,7%
Annar söluhagnaður	4.151	6.880	8.846	4.095	-4.751	-53,7%	1.122	1.286	1.375	913	-462	-33,6%
Samtals:	66.914	83.522	151.312	27.243	-124.069	-82,0%	*	*	*	*	*	*
Fjármagnstekjur samtals	119.980	159.645	244.246	194.443	-49.803	-20,4%	84.680	93.078	98.738	184.626	85.888	87,0%

*Fjármagnstekjur eru taldar fram af því hjóna sem hefur hærrí tekjur og því vísa tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga.

Upphæðir í milljónum króna

Arður af hlutabréfum hækkaði einnig mikið, um 8,4 milljarða kr. eða 19,3%. Þá hlýtur einnig að teljast merkilegt hve mikið vextir af innstæðum barna hækkuðu.

Vextir af innstæðum barna hækkuðu gríðarlega mikið, um 1.331,2% eða tæpan 2,1 milljarð kr., voru 157 milljónir kr. í fyrra samanborið við 2,2 milljarða kr. nú. Það er ekki aðeins að vaxtatekjur hafi hækkað mikið heldur töldu nú mun fleiri fram vexti en í fyrra. Vextir af innstæðum 35.879 barna voru nú taldir fram saman borið við 3.285 barna í fyrra.

Þá töldu 96.555 fleiri einstaklingar fram vexti af innstæðum í bönkum nú en í fyrra, 168.989 samanborið við 72.434 á framtali 2008. Ýmsar skýringar kunna að vera á því að framtaldar vaxtatekjur eru nú tæpum 64,8 milljörðum kr. hærri en í fyrra. Ekki er ólíklegt að einstaklingar hafi lagt söluverðmæti verðbréfa inn á bankareikninga en Íslendingar eru nú með minna fé bundið í verðbréfum en fyrir ári. Vextir og verðbætur af innlánsreikningum hafa verið mjög háir. Þá

skiptir auðvitað höfuðmáli að bankainnstæður og vextir voru nú árituð á skattframtalið til hægðarauka fyrir framteljendur. Betri þjónusta við framteljendur hefur þannig leitt til betri framtalsskila.

Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur er 10% skattur sem lagður er á allar fjármagnstekjur og breyttist hann því í samræmi við þróun skattstofnsins. Nú voru lagðir 19,7 milljarðar kr. á einstaklinga í skatt af fjármagnstekjum, eða 5,5 milljörðum minna en í fyrra. Þetta er 21,8% lækkun sem skýrist sem fyrr segir fyrst og fremst af því að söluhagnaður var gríðarlega mikill í fyrra en aftur á móti minni í ár.


Fjármagnstekjur eru þó enn mjög háar, 21,8% hærri en þær voru skv. framtali árið 2007. Aðrar fjármagnstekjur en söluhagnaður, þ.e. arður, vextir og leigutekjur, voru 74,3 milljörðum kr. hærri skv. framtölum í ár en í fyrra, hækkuðu um 79,9% á milli ára.

Tekjuskattur og útsvar hækka

Tekjuskattar hækkuðu nú alls um tæpa 7,7 milljarða kr. eða um 3,6%, úr tæpum 213,6 milljörðum kr. í tæpa 221,3 milljarða kr. Nú vekur athygli að hlutur ríkisins í tekjusköttum hækkaði lítið, um 890 milljónir kr., eða 0,8%. Þetta er mjög lítil hækkan samanborið við fyrri ár. Hér skiptir mestu að fjármagnstekjuskattur af söluhagnaði var mun minni en í fyrra.

Almennur tekjuskattur hækkaði nú um 7,4% og var nú tæpir 92,8 milljarðar kr., 6,4 milljörðum kr. hærri en í fyrra. Ríkið lagði nú 22,75% skatt á laun, hlunnindi, lífeyri og aðrar greiðslur til einstaklinga.

Skattthlutfallið var óbreytt frá álagningu í fyrra. Skattgreiðendum var nú veittur 408.409 kr. persónuafsláttur af skatti en persónuafsláttur var 385.800 kr. í fyrra. Samspil tekjuskatts og persónuafsláttar leiðir til þess að meðalskattur af launum er breytilegur eftir tekjum. Skattleysismörk í staðgreiðslu hækkuðu úr 1.080.067 kr. í 1.143.362 kr. eða um tæp 6%.



Sá hluti persónuafsláttar sem ekki nýttist á móti tekjuskatti gengur til greiðslu útsvars, sem rennur til sveitarfélaga. Ríkið greiðir þannig útsvar þeirra sem eru með tekjur undir skattleysismörkum og hefur þess vegna ekki tekjur af almennum tekjuskatti fyrr en skattgreiðandinn hefur fullnýtt persónuafsláttinn til að greiða tekjuskatt. Nú nýttu skattgreiðendur 5,9 milljarða kr. af persónuafslætti sínum til þess að greiða útsvar en við álagningu nú greiddu þeir almennan tekjuskatt sem voru með meira en 1.795.204 kr. í tekjuskattsstofn. Tekjuskattur var nú lagður á 179.521 einstakling, 1.251 fleiri en í fyrra.

Útsvar sem lagt er á sama skattstofn og tekjuskattur hækkaði aðeins minna en tekjuskattur, eða um 6,7%. Meðalútsvar í staðgreiðslu var óbreytt á milli ára, 12,97%, og fylgir það því hækkingu stofnsins. Skýringin á því að útsvar hækkaði minna en skattstofninn er sú að í fyrra voru margir handreiknaðir og skattstofnar þeirra því ekki meðtaldir í heildartölum. Hér er aðallega um að ræða útlendinga sem komu til landsins árið 2007, öfluðu hluta tekna sinna hér á landi og báru af þeim sökum takmarkaða skattskyldu. Nú eru skattar þessara einstaklinga reiknaðir í álagningarkerfi skattstjóra á sama hátt og skattar annarra framteljenda og þeir því að fullu skattskyldir.

Hækkingu útsvars segir okkur þannig hver raunveruleg hækkingu skattstofnsins var þegar tekið hefur verið tillit til handreiknaðra. Nú voru 108,7 milljarðar kr. lagðar á útsvar, 6,8 milljörðum kr. meira en í fyrra. Útsvar er lagt á nær alla sem afla einhverra tekna. Nú var lagt útsvar

á 257.020 einstaklinga, 1.243 fleiri en í fyrra. Þetta er breyting um hálf prósent á milli ára.


Innstæður í bönkum áritaðar í fyrsta sinn

Þegar einstakir eignaliðir eru skoðaðir vekur helst athygli gríðarleg aukning innstæðna í bönkum. Innstæður í bönkum hækkuðu um 369,7 milljarða kr., eða um 139,3% á milli ára, úr 265,3 milljörðum kr. í 635 milljarða kr. Ýmsar skýringar eru á miklum vexti innstæðna og hafa sumar þegar verið nefndar. Innstæður voru nú áritaðar í fyrsta skipti en 168.693 fjölskyldur töldu fram innstæður á reikningum, 96.297 fleiri en í fyrra.

Í fyrra töldu aðeins 72.396 fjölskyldur fram innstæður þannig að hér er um verulega breytingu að ræða, fjölgun um 133% frá fyrra ári. Í landinu voru 181.755 fjölskyldur og því lítur út fyrir að mjög hafi skort á að menn hafi talið fram innstæður í bönkum til þessa, enda hafa innlánsstofnanir séð um að draga skatt af reiknuðum vöxtum og skila honum í ríkissjóð.

Önnur skýring á hærri innstæðum eru mjög háir vextir og verðbætur sem hafa hækkað innstæður á reikningum. Þannig hækka innlánsreikningar lánardrottna sem eiga peninga á bankareikningum af sömu ástæðu, og á sama tíma, og skuldir skuldunauta sem tekið hafa peninga að láni hjá bönkum. Þá er ekki ólíklegt að forsjálar fjárfestar hafi selt eignir, verðbréf, skuldabréf og hlutabréf, þegar fregnir af alþjóðlegum fjármálaþrengingum fóru að berast og komið lausafé sem þannig fékkst í var á bankareikningum en stjórnvöld hafa ítrekað fullyrt að innstæður á bankareikningum séu tryggar og þar með þá væntanlega á ábyrgð ríkissjóðs eða, með öðrum orðum, á ábyrgð skattgreiðenda í landinu, eins og síðar hefur komið á daginn.

Mun færri fjölskyldur áttu verðbréf í lok árs 2008 en fyrir ári. Nú töldu 23.992 fjölskyldur fram verðbréf saman borið við 36.000 fjölskyldur í fyrra. Þriðjungi færri fjölskyldur töldu því fram verðbréfaeign. Í fyrra áttu landsmenn 372,6 milljarða kr. í innlendum og erlendum verðbréfum. Þar með er talinn hlutur í verðbréfa- og peningamarkaðssjóðum. Í árslok 2008 hafði þessi eign lækkað um 162 milljarða kr., eða 43,5% og stóð þá í 210,7 milljörðum kr. Þó svo að margir



hafi selt verðbréf á árinu 2008 þá var stór hluti þessarar lækkunar vegna lækkunar á markaðsverði eins og alunnna er.


Minni hlutabréfaeign

Landsmenn átta minna hlutafé 2008 en ári fyrr. Eignarhlutur landsmanna í fyrirtækjum hefur þannig rýrnað líkt og önnur verðbréfaeign. Landsmenn átta 82,3 milljarða kr. að nafnvirði í innlendum hlutabréfum í árslok 2007. Ári síðar var hlutafé einstaklinga 78 milljarðar kr. að nafnvirði. Annars vegar hefur fall bankanna haft nokkur áhrif en hlutur einstaklinga sem skattskyldir voru hér á landi í bönkunum þremur Kaupþingi, Glitni og Landsbanka var um 2,7 milljarðar að nafnvirði við fall bankanna. Þetta hlutafé var einskis virði í árslok 2008.

Þá vekur einnig athygli að eign í erlendum félögum lækkar mikið á milli ára, eða um 6,9 milljarða kr., sem er 29,6%. Íslendingar átta nú tæpa 16,5 milljarða kr. í erlendum félögum saman borið við 23,4 milljarða kr. í fyrra. Það má ætla að það hafi nokkur áhrif á nafnvirði í hlutabréfum þegar einstaklingar stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut sinn í hinum ýmsu fyrirtækjum. Hlutafé eignarhaldsfélags, sem er að lágmarki 500 þús. kr. að nafnvirði, er þá skráð á framtal einstaklingsins en ekki hlutafé í einstökum fyrirtækjum. Þannig getur eignarhaldsfélag sem er með 500 þús. kr. í skráð hlutafé að nafnvirði eignfært margra milljóna króna hlut í öðrum félögum.

Á undanförunum árum hafa stöðugt fleiri félög verið skráð, rúmlega 11 þúsund frá árinu 2003, og hefur hlutafjáreign einstaklinga aukist að sama skapi samfara auknum umsvifum í atvinnulífínu. Nú töldu 51.722 fjölskyldur fram innlend hlutabréf saman borið við 56.288 í fyrra og hefur þeim því fækkað um 4.566 á milli ára. Í þessu sambandi er merkilegt að arður sem greiddur er af hlutabréfum hækkaði mjög mikið á milli ára, eða um 19,3% á sama tíma og blikur voru á lofti í þjóðfélaginu. Fyrirtæki greiddu út 52,4 milljarða kr. í arð árið 2008, tæpum 8,5 milljörðum kr. meira en árið á undan.

Þá vekur það nokkra athygli að aðrar eignir landsmanna hækkuðu um 8,5 milljarða kr. á milli framtalsáranna 2008 og 2009 eða um 43%. Landsmenn átta 28,4 milljarða kr. í hjólhýsum, tjaldvögnum, bátum, vélsleðum og ýmsum öðrum eignum í árslok 2008 samanbórið við 19,9 milljarða kr. ári áður. Það virðist þannig ekkert lát hafa verið á fjárfestingargleði landsmanna árið 2008.



Skuldásúpan

Skuldir einstaklinga hækkuðu nú sem aldrei fyrr. Íslendingar skulduðu 1.348,1 milljarð kr. í árslok 2007. Ári síðar skulduðu einstaklingar 1.683,2 milljarða kr. Skuldir hækkuðu þannig um 335,1 milljarð kr., eða 24,9%. Eignir einstaklinga hækkuðu hins vegar um 276,8 milljarða kr., eða 8,2%, úr 3.380 milljörðum kr. í 3.657 milljarða kr. Skuldir jukust þannig um 58,3 milljarða kr. umfram eignir og lækkaði reiknaður eignarstofn því um 68,8 milljarða kr. á milli ára. Það sætir tíðindum að skuldir jukust nú meira en eignir en slíkt hefur ekki gerst síðan 1996 en þá hækkuðu eignir landsmanna um 14,7 milljarða kr. á

Það kemur ekki á óvart að sífellt fleiri einstaklingar skulda meira en þeir eiga. Nú voru 37.320 fjölskyldur með neikvæðan eignarstofn eða 9.260 fleiri en í fyrra. Þetta er þriðjungs aukning á milli ára. Þessar fjölskyldur skulduðu nú 262,7 milljarða kr. umfram eignir. Í fyrra skulduðu 28.060 fjölskyldur 125,4 milljarða kr. umfram eignir. Um 22,1% fjölskyldna sem töldu fram eignir voru því með neikvæðan eignarstofn.

Bætur hækka mikið

Vaxtabætur og barnabætur hækka nú mikið á milli ára, barnabætur um 1,2 milljarða kr., eða 14,7%, og vaxtabætur um 3,4 milljarða kr., eða 50,6%. Nú voru

Vextir af innstæðum 35.879 barna voru nú taldir fram saman borið við 3.285 barna í fyrra.

sama tíma og skuldir hækkuðu um tæpa 17 milljarða kr.

Skuldir hafa aukist gríðarlega mikið á undanförunum árum, um 15% á milli árána 2004 og 2005, og rúmlega 20% árlega á tímabilinu frá 2005 til 2008. Allt frá árinu 1991 hafa skuldir þó aldrei aukist jafn hratt né mikið, eða um nær fjórðung á milli ára. Árið 2000 skulduðu einstaklingar rúma 415 milljarða kr. Frá þeim tíma hafa skuldir því meira en fjórfaldast. Skuldir einstaklinga hafa hækkað mikið vegna hárra vaxta og verðbóta sem hækka fasteignalán landsmanna frá mánuði til mánaðar.

69.129 foreldrum reiknaðir 9,6 milljarðar kr. í barnabætur og 64.900 einstaklingum voru reiknaðir rétt rúmir 10 milljarðar kr. í vaxtabætur vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Bætur hafa hækkað mikið á undanförunum árum eftir að hafa staðið í stað framman af tíunda áratugnum. Við álagningu 2006 voru landsmönnum reiknaðir 10,5 milljarðar kr. í vaxta- og barnabætur. Nú voru þessar bætur 19,6 milljarðar kr. Bætur sem greiddar eru í gegnum skattkerfið hafa þannig hækkað um 87,3% á þremur árum. Reiknaðar vaxtabætur hafa hækkað mikið vegna þess að bæturnar sjálfar hafa verið hækkaðar nokkuð. Nú fengust

vaxtabætur fyrir vaxtagjöld sem voru allt að 7% af skuldum vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota í stað 5% áður. Þá var hámark vaxtagjalda sem bæturnar eru reiknaðar út frá hækkað um 5,7%. Loks voru hámarks vaxtabætur hækkaðar mjög ríflega, eða um 37,4%. Einhleypingur sem fær fullar bætur fær nú 246.944 kr. greiddar í vaxtabætur saman borið við 179.713 kr. í fyrra. Hámarks vaxtabætur hjóna hækkuðu úr 297.194 kr. í 408.374 kr. Þetta er sennilega sú breyting sem hefur haft mest áhrif.

Samkvæmt framtölum greiddu einstaklingar tæpa 82,7 milljarða kr. í vexti á árinu 2008 en þar af voru vaxtagjöld af fasteignaveðlánum 52,6 milljarðar kr.

Þetta er talsverð hækkun frá árinu 2007 en þá greiddu einstaklingar rétt tæpan 66,1 milljarð kr. í vexti, þar af 41,8 milljarða kr. af fasteignaveðlánnum. Vaxtagreiðslur einstaklinga hækkuðu því í samræmi við skuldirnar, eða um 25,4% á milli ára. Uppbót á eftirlaun ellilífeyrisþega sem ekki fengu greiðslur úr lífeyrissjóðum fengu greidda í fyrra féll hins vegar niður nú í ár. Ellilífeyrisþegum var reiknuð 421 milljón kr. í ellilífeyrisuppbót í fyrra. Þá lækkaði sjómannaafsláttur lítillega, eða um 65 milljónir kr. Sjómannaafsláttur hefur lækkað við álagningu síðastliðin ár en nú fengu 5.736 sjómenn rétt rúman 1,1 milljarð kr. í sérstakan skattaafslátt vegna vinnu til sjós.

...munið afnotagjöldin!

Afnotadeild Ríkisútvarpsins getur nú tekid því rólega því skattstjórar leggja nú útvarpsgjald á landsmenn sem er ætlað að standa undir rekstri íslensks ríkisútvarps. Nú voru rúmir 3,2 milljarðar kr. lagðir á landsmenn í útvarpsgjald og var gjaldið lagt á 187.340 einstaklinga. Útvarpsgjald er 17.200 kr. nefskattur sem lagður er á alla einstaklinga með tekjur yfir skattleysismörkum á aldursbilinu frá 16 til 70 ára. Þetta er því sem næst sami hópurinn og greiðir gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, en það var nú 7.534 kr. á mann, 431 kr. hærra en í fyrra. Nú voru 1,4 milljarðar kr. lagðir á landsmenn í þetta gjald, sem er 111 milljónum kr. meira en í fyrra.

Opinber gjöld einstaklinga 2006 til 2009

Álagningarár	Álögð gjöld				Breyting '08-'09		Fjöldi gjaldenda				Breytingar '08-'09	
	2006	2007	2008	2009	Milljónir	%	2006	2007	2008	2009	Fjöldi	%
Almennur tekjuskattur	72.608	81.889	86.372	92.776	6.403	7,4%	163.450	175.399	178.270	179.521	1.251	0,7%
Sérstakur tekjuskattur	1.023	-	-	-	-	*	23.931	-	-	-	-	*
Fjármagnstekjuskattur	12.198	16.334	25.255	19.741	-5.514	-21,8%	84.680	93.078	98.738	184.626	85.888	87,0%
Tejkuskattar til ríkissjóðs alls	85.830	98.222	111.627	112.516	890	0,8%	*	*	*	*	*	*
Útsvar	77.707	87.308	101.944	108.745	6.801	6,7%	234.171	244.883	255.777	257.020	1.243	0,5%
Tejkuskattar alls	163.536	185.530	213.571	221.262	7.691	3,6%	*	*	*	*	*	*
Gjald í framkvj. aldr.	1.037	1.144	1.318	1.429	111.181	8,4%	170.642	181.259	185.532	189.698	4.166	2,2%
Útvarpsgjald	-	-	-	3.222	-	-	-	-	-	187.340	187.340	*
Önnur gjöld**	378	264	270	330	60	22,4%	*	*	*	*	*	*
Tryggingagjald	1.627	1.557	1.501	1.453	-47.707	-3,2%	22.109	19.945	19.418	19.266	-152	-0,8%
Samtals gjöld á einstaklinga	166.578	188.496	216.659	227.696	7.814	5,1%	*	*	*	*	*	*
-bætur sbr. neðangreint	10.483	12.728	15.457	19.632	4.175	27,0%	*	*	*	*	*	*
Samtals gjöld - bætur	156.095	175.767	201.202	208.064	6.861	3,4%	*	*	*	*	*	*
Bætur:**												
Barnabætur	5.993	7.438	8.383	9.616	1.233	14,7%	55.481	63.691	66.542	69.129	2.587	3,9%
Vaxtabætur	4.490	5.290	6.653	10.016	3.364	50,6%	43.902	49.687	58.259	64.900	6.641	11,4%
Uppbót á eftirlaun	-	-	421	-	-421	-	-	-	-	-	-	-
Samtals bætur	10.483	12.728	15.457	19.632	4.175	27,0%	*	*	*	*	*	*
Skattaívilnanir:												
Sjómannaafsláttur, dagar, þús	1.555	1.412	1.343	1.278	-65	-4,8%	*	*	*	*	*	*
Sjómannaafsláttur	1.185	1.102	1.109	1.105	-5	-0,4%	6.743	6.255	5.997	5.736	-261	-4,4%
Fjöldi á grunnskrá							241.344	253.911	264.766	267.494	2.728	1,0%

*Önnur gjöld eru slystryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

**Við álagningu opinberra gjalda 2002 voru framteljendum sem ekki skiluðu fram tali ekki áætlaðar barnabætur og hefur sá háttur verið hafður á síðan

Upphæðir í milljónum króna

Eignir og skuldir einstaklinga

Framtöl einstaklinga 2006 til 2009

Álagningarár	Eignir og skuldir				Breytingar '08-'09		Fjöldi fjölskyldna				Breytingar '08-'09	
	2006	2007	2008	2009	Breyting	%	2006	2007	2008	2009	Fjöldi	%
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	37.864	38.166	41.399	37.281	-4.118	-9,9%	8.049	7.746	7.599	7.181	-418	-5,5%
Innlend og erlend verðbréf	197.802	250.339	372.602	210.656	-161.945	-43,5%	26.657	30.238	36.000	23.992	-12.008	-33,4%
Ökutæki	139.844	158.088	184.812	196.045	11.233	6,1%	98.266	98.387	102.831	106.097	3.266	3,2%
Hlutabréf	50.211	70.211	82.269	77.953	-4.315	-5,2%	51.439	54.498	56.288	51.722	-4.566	-8,1%
Hlutabréf í erlendum félögum	4.800	15.435	23.424	16.495	-6.929	-29,6%	5.397	3.949	5.403	4.891	-512	-9,5%
Innlendar innstæður	184.152	216.889	265.341	635.019	369.678	139,3%	61.617	67.374	72.396	168.693	96.297	133,0%
Innstæður í erlendum bönkum	3.968	3.271	8.054	10.018	1.964	24,4%	579	568	653	744	91	13,9%
Aðrar eignir	11.252	15.967	19.882	28.431	8.548	43,0%	15.825	17.817	20.038	22.442	2.404	12,0%
Áætluð nettó eign viðbót	1.128	-	-	-	*	*	15	-	-	-	-	-
Áætluð viðbót við stofn	156	-	-	-	*	*	6	-	-	-	-	-
Samtals	631.178	768.367	1.000.783	1.211.898	211.115	21,1%	*	*	*	*	*	*
Fasteignir	1.824.205	2.052.476	2.377.197	2.436.145	58.948	2,5%	93.443	94.537	96.774	97.188	414	0,4%
Eignir alls	2.454.651	2.820.189	3.379.997	3.656.776	276.779	8,2%	129.439	132.022	136.797	169.086	32.289	23,6%
Skuldir vegna íbúðarkaupna	598.735	705.387	840.494	1.058.104	217.609	25,9%	69.586	70.733	72.697	71.257	-1.440	-2,0%
Skuldir	918.271	1.113.308	1.348.079	1.683.153	335.073	24,9%	98.329	101.589	105.446	102.606	-2.840	-2,7%
Eignarskattstofn, jákvæður	1.311.171	1.444.320	1.652.360	1.583.538	-68.822	-4,2%	104.830	102.891	105.160	96.496	-8.664	-8,2%
Eignarskattstofn, neikvæður	75.966	105.504	125.358	262.670	137.312	109,5%	22.651	26.745	28.060	37.320	9.260	33,0%

*Eignir hjóna og sambúðarfólks eru taldar fram sameiginlega og því vísa fjöldatölur til fjölda fjölskyldna sem telur fram eignir en ekki einstaklinga

Upphæðir í milljónum króna



A N D L Á T

Hörður Halldórsson

Hörður Halldórsson viðskiptafræðingur var einn af tryggustu starfsmönnum ríkisskattstjóra í samfleytt 36 ár frá því hann lauk viðskiptafræðiprófi og þar til hann lét af störfum vegna aldurs. Hann var á sínum tíma afburða námsmaður og tók öll próf með ágætiseinkunn.

Hörður var um áratuga skeið lykilmaður hjá embættinu í söluskatti og var deildarstjóri söluskattsdeildar en starfaði síðar við framkvæmd virðisaukaskatts. Hann var afar nákvæmur í embættisfærslu sinni og þekkti til hlítar alla þætti söluskattsframkvæmdarinnar. Við sem störfuðum með honum áttum einstaklega skemmtilegan, hjálpsaman og góðan félagan sem setti svip á vinnustaðinn. Hörður andaðist 25. ágúst og var kvaddur að viðstöddu miklu fjölmenni frá Digraneskirkju 4. september sl.

SEP

Fólkið á vaktinni

Þjónustuver

Þjónustuverið er ein af sex deildum sem heyra undir tæknisvið ríkisskattstjóra. Það var sett á laggirnar í apríl 2008 og hefur aðsetur í björtu og hlýlegu umhverfi á götuhæð. Það gegnir veigamiklu hlutverki í viðleitni embættisins við að bæta þjónustu og upplýsingagjöf til viðskiptavina á skilvirknan hátt. Þjónustuverið hefur mörg og fjölbreytt verkefni, en meðal þess helsta er afgreiðsla í móttöku embættisins, ráðgjöf og upplýsingar í síma og svörun tölvupósts.

Í móttöku er tekið á móti viðskiptavinum sem erindi eiga við einstaka starfsmenn ríkisskattstjóra eða við þjónustuver. Þar er einnig afgreiðsla skattkorta auk afgreiðslu gagna eins og afrita af skattframtölum, upplýsingum úr staðgreiðslukrá eða annarra gagna sem viðskiptavinir óska eftir. Móttakan sér einnig um móttöku og útsendingu á pósti fyrir embættið.

Með tilkomu þjónustuversins var skiptiborðið lagt af. Viðskiptavinur hringir nú beint inn til þjónustufulltrúa sem reynir að leysa úr fyrirspurn hans eins fljótt og vel og unnt er. Þjónustuverið hefur á bak við sig símavakt sérfræðinga í öllum deildum, þannig að sé um flókna fyrirspurn að ræða er alltaf hægt að leita til þeirra. Meginmarkmiðið er að viðskiptavinurinn fái úrlausn sinna mála á fljótvirkan og auðveldan hátt með einu símtali.

Mest allur tölvupóstur sem sendur er til embættisins og ekki er stílaður á einstaka starfsmenn berst í þjónustuverið. Það á við um póst sem sendur er á rsk@rsk.is, netframtal@rsk.is og „SOS, spurt og svarað“ gagnabankann. Leitast er við að svara öllum fyrirspurnum fljótt og vel, helst innan tveggja daga. Auk þessa kemur þjónustuverið að svörun á fyrirspurnum á norræna skattavefnum Nordisk eTax. Þjónustufulltrúarnir aðstoða einnig aðrar deildir við úrlausn og afgreiðslu ýmissa erinda þegar tími gefst til. Góð aðstoða er í þjónustuverinu til móttöku viðskiptavina. Þjónustufulltrúarnir ná að leysa flest mál en einnig er nokkuð um að sá starfsmaður sem spurt er eftir komi niður í þjónustuverið og ljúki afgreiðslu þar. Þetta skapar aukið öryggi og starfsfrið fyrir starfsmenn annarsstaðar í húsinu.

Segja má að þjónustuverið sé nokkurs konar hjarta embættisins, það er andlit þess út á við og tengiliður inn í allar deildir hússins. Þjónustuverið nýtur vinsælda og velvildar starfsfólks þar sem tilkoma þess hefur létt miklu álagi af öllum deildum embættisins.

Þjónustuverið er opinn og skemmtilegur vinnustaður með jákvæðu andrúmslofti og því eftirsóttur vinnustaður. Þjónustuverið og móttakan eru opin frá kl. 08.00 til 16.00 alla virka daga.

ES

Starfsmenn í þjónustuveri frá vinstri: Ólafur Svavarsson, Arnhildur Rannveig Árnadóttir, Jónas Magnússon, Esther Sigurðardóttir og Dragana Zastavnikovic.





Einar Valur Kristinsson, Friðjón Bjarnason, Magnús Örn Gylfason, Ævar Ísberg, Steinunn Jónasdóttir og Jens Þór Svansson.

Hugbúnaðardeild

Hugbúnaðardeild tæknisviðs fer með hugbúnaðarmál vegna skattfrankvæmdar, rekstur hugbúnaðarkerfa skattkerfisins, viðhald þeirra, endurnýjun og nýsköpun, þróun rafrænnar þjónustu og umsjón rafrænnar upplýsingamiðlunar og vefþjónustu, þ.m.t. upplýsingavefja skattkerfisins. Deildin sér um þarfagreiningu, gerð kostnaðar-áætlana og úttekt og prófanir tölvukerfa. Hún annast samninga vegna þessara verk-efna, hýsingar á tölvukerfum o.fl. og gerir starfsáætlanir vegna þeirra innan þess fjárhagsramma sem settur er. Deildin sér um gerð og rekstur kerfa fyrir rafræn skattskil og aðra rafræna þjónustu. Hún sér um samskipti við erlenda samstarfsaðila í upplýsingatækni og kemur að tæknilegri uppbyggingu og rekstri Nordisk eTax. Starfsmenn hugbúnaðardeildar eru fimm og deildarstjóri er Ævar Ísberg.

Hugbúnaðardeild á í töluverðum samskiptum við hugbúnaðarhús, banka og aðrar stofnanir, en þeim bjóðast fjölbreyttir möguleikar til þess að flétta samskipti við tölvukerfi skattfirvalda inn í kerfi sín. Mikil samskipti eru einnig við þá sem atvinnu hafa af framtalsgerð, en áhersla er lögð á að þjóna þeim hópi vel, enda sameiginlegir hagsmunir miklir. Síðast en ekki síst eru mikil samskipti við almenning, en tækniástoð vegna vefframtals er aðallega sinnt af starfsmönnum hugbúnaðardeildar. Í framtalsfresti ár hvert eru einmitt miklar annir við að aðstoða framteljendur þegar upp koma vandamál tæknilegs eðlis við útfyllingu netframtals.

Starfsmenn hugbúnaðardeildar sýsla við mörg tölvukerfi skattsins og er Harpa framtalavinnslukerfi eitt mikilvægasta tölvukerfið. Harpan heldur utan um framtöl einstaklinga og lögaðila og má segja að Harpan sé helsta vinnutæki skattstofa

við yfirferð framtala. Yfirferð framtala er tölvustudd og notað er regluprófunarkerfi með fjölda reglna til þess að styðja við góða og samræmda yfirferð framtala. Árlega þarf að uppfæra Hörpu með tilliti til breytinga á framtalsformum og fleiru. Einnig er sífellt verið að taka fleiri og fleiri verkþætti og verkferla inn í Hörpu og þeir eftir atvikum aflagðir í öðrum kerfum. Lögð hefur verið mikil vinna í að betrubæta verkferla með það að markmiði að auka hagkvæmni og afköst og bæta vinnuástöðu starfsmanna.

Annað mikilvægt tölvukerfi er Gagna-skilakerfið, sem sér um að taka á móti gögnum frá upplýsingaveitum, s.s. launagreiðendum, sem ríkisskattstjóri á í samskiptum við. Tekið er á móti launamiðum, hlutafjármiðum og verktakamiðum frá ríflega 20.000 aðilum. Lögð er áhersla á sjálfsafgreiðslu þeirra sem láta ríkisskattstjóra í té upplýsingar og að villuprófanir

og ábendingar séu sem bestar. Því fyrr í ferlinu sem villur uppgötvast, þeim mun ódýrara er það fyrir alla hlutaðeigandi, hvort sem það eru framteljendur, skatt-yfirvöld eða upplýsingaveiturnar.

Í upphafi þessa árs var að vanda unnið ótulluga að undirbúningi áritunar upplýsinga á skattframtöl. Einkum var mikið starf unnið við undirbúning áritunar bankaupplýsinga en í kjölfar lagabreytinga í lok síðasta árs var öllum fjármálastofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum, sem atvinnu hafa af vörslu fjármuna, gert skylt að senda skatt-yfirvöldum árlega upplýsingar um bankainnstæður, vexti og af-dregna staðgreiðslu. Haldnir voru fundir með starfsmönnum viðskiptabankanna og ákveðið með hvaða hætti upplýsingarnar yrðu sendar til skattfirvalda.

JÞS

Úrskurðir



Úrskurður yfirséðanefndar nr. 117/2009

Kaup- og söluréttir hlutabréfa



Guðrún Jenny
Jónsdóttir



Bragi Freyr
Kristbjörnsson

Málavextir eru þeir í stuttu máli að K sem var forstjóri X banka gerði kaup- og söluréttarsamninga um hlutabréf í X banka. Á skattframtali 2005 vegna tekjuársins 2004 gerði K grein fyrir sölu hlutabréfa í X að nafnverði kr. 14.000.000 og nam söluverðið kr. 91.700.000. Þá var tilgreint að hlutabréfin hafi verið keypt á árinu 2003 og að kaupverð hafi numið kr. 44.100.000. Söluhagnaður nam skv. þessu kr. 47.600.000 og var sú fjárhæð færð K til tekna sem söluhagnaður hlutabréfa og sætti skattlagningu í 10% skattþrepi í álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2005.

Til grundvallar framangreindum hlutabréfaviðskiptum lágu kaupsamningar og söluréttarsamningar í nafni K og einkahlutafélags í hans eigu. K fjármagnaði hlutabréfakaupin með láni frá N banka og við starfslok K hjá X banka voru bréfin seld.

Með úrskurði endurákvæðaði ríkisskattstjóri opinber gjöld K gjaldárið 2005 og skattlagði söluhagnaðinn af hlutabréfunum í X banka að viðbættu 25% álagi í almennu tekjuskattshlutfalli. Endurákvörðun sína byggði ríkisskattstjóri á því

að þeir samningar sem gerðir hefðu verið um hlutabréfin, þ.e. kaupsamningur, lánsamningur og samningur um sölurétt, hefðu haft þann tilgang að gefa K kost á að eignast hlutabréf í X banka á undirverði yrði þróun á verði hlutabréfanna honum hagstæð á því tímabili sem um var að ræða. Ef þróun á verði hlutabréfanna yrdi hins vegar K óhagstæð hefði honum verið unnt að ganga frá samningunum með sömu áhrifum og þeir hefðu aldrei verið gerðir. Enginn grundvallarmunur væri þannig á þeim samningum sem um ræðir í þessu máli og hefðbundnum kaupréttarsamningum sem hefðu þann tilgang að gefa starfsmanni kost á að kaupa hlutabréf á undirverði en ávinning af slíkum samningum skal skattleggja sem laun sbr. 1.



Í máli þessu er deilt um hvort skattleggja beri söluhagnað af hlutabréfum sem voru keypt og seld á grundvelli kaup- og söluréttarsamninga sem fjármagnstekjur eða sem laun

tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga. Fram kom hjá ríkisskattstjóra að litið væri svo á að tekjur K vegna samninganna bæri að reikna sem hækkun á verði hlutabréfanna frá því að stofnað var til kaupanna og þar til að áhætta af þeim hefði flust yfir til K þegar söluréttartryggingin rann út. K hefði á árinu 2004 verið heimilað að selja X banka bréfin til baka og þrátt fyrir að X banki hefði selt bréfin áfram til einkahlutafélags í eigu K yrdi að gera kaupin upp á þeim tímupunkti þegar söluréttur K

hefði með sérstöku samkomulagi milli aðila verið felldur úr gildi og nýr söluréttur stofnast gagnvart einkahlutafélagi K. Um væri að ræða samninga milli tengdra aðila enda hefði K verið forstjóri X banka á greindum tíma. K hefði ekki haft umráð yfir hlutabréfunum sem hann keypti, ekki hefði verið greitt fyrir bréfin í upphafi, hann hefði gengið út úr samkomulaginu á miðju samningstímabilinu og að hann hefði ekki fengið arð af bréfunum til ráðstöfunar. Ekki væri annað að sjá en að í samningunum hefðu falist tvær leiðir fyrir K sem báðar væru grundvallaðar á starfssambandi hans og X banka. Önnur leiðin væri sú að K hefði getað gengið út úr samningunum sér að skaðlausu ef gengi hlutabréfanna þróaðist á óhagstæðan hátt fyrir hann. Hin leiðin væri sú að K hefði getað keypt hlutabréf í X banka á undirverði á tilteknum tíma ef gengisþróun á bréfunum yrdi hagstæð, sem raunin varð.

Ríkisskattstjóri taldi að viðskiptin hefðu verið færð í annan búning en raunverulegt innihald þeirra segði til um og vísaði til 57. gr. tekjuskattslaga enda hefðu engin raunveruleg kaup átt sér stað fyrir en sölurétturinn var felldur úr gildi og áhættan af eignarhaldi hlutabréfanna hefði flust yfir til K. Samningur K og X banka væri þannig sambærilegur við hefðbundinn kaupréttarsamning enda hefði K verið veittur kostur á að hagnast á hækkun á gengi hlutabréfa, en yrdi gengisþróun óhagstæð væri K verndaður fyrir tapi svo lengi sem sölurétturinn væri í gildi. Áhættan af hlutabréfakaupum K hefði flust yfir til hans þegar hann og X banki hefðu samið um riftun á söluréttarsamningnum á árinu 2004 og K seldi bréfin til X banka. Samkomulag K og X banka væri útfærsla á kauprétti og ávinning K af samkomulaginu ætti því að skattleggja í samræmi við þær reglur sem gilda um skattlagningu kaupréttanna.

Úrskurður ríkisskattstjóra var kærður til

yfirs kattane fndar. Í kæru til yfirs kattane fndar kemur fram að lagaheimildir skorti til að fara með umrædd viðskipti K með þeim hætti sem gert sé í úrskurði. Viðskiptin hafi farið eðlilega fram og í samræmi við þá samninga sem liggja að baki þeim. Í kæru kemur einnig fram að ekki sé hægt að beita 9. gr. tekjuskattslaga með lögjöfnun yfir á viðskipti K og X banka. Ákvæði 57. gr. tekjuskattslaga felir eingöngu í sér milliverðsreglur en hafi ekki að geyma heimild fyrir skattfyrirvöld til að víkja til hliðar þegar gerðum samningum. Þá hafi engar sértækar skattlagningareglur

verið settar um sölurétt og því verði að líta til almennra ákvæða tekjuskattslaga. Af ákvæðum 7. og 9. gr. laganna verði að draga þá ályktun að ávinning af sölurétti beri að skattleggja við nýtingu hans. K hafi hins vegar ekki nýtt söluréttinn og því geti ekki komið til launaskattlagningar.

Yfirs kattane fnd felld á það með ríkisskattstjóra að þrátt fyrir að K hafi að nafninu til verið kaupandi hlutabréfanna í X banka á árinu 2003 og skuldari láns frá N banka hafi fjárhagsleg ábyrgð og áhætta K af viðskiptunum

verið hverfandi. Þá kom fram í úrskurði nefndarinnar að samkomulag K og X banka hafi í skattalegu tilliti í raun falið í sér nýtingu á kauprétti og að K hafi því borið að telja fram til skattskyldra launatekna í skattframtali sínu 2005 mismun á kaupverði hlutabréfanna og söliverði þeirra eða kr. 47.600.000.

Í lokin er rétt að geta þess að K hefur stefnt íslenska ríkinu til ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra og yfirs kattane fndar.

61/2009

Kaup eignar á undirverði af ehf. í eigu kæranda – 2. mgr. 57. gr. – Tímamark sölu

Kærandur keyptu eign af félagi í eigu þeirra á meintu undirverði. Kærandur vildu byggja á fasteignamarkaðsverði árið 2004, en skattstjóri lagði til grundvallar að salan hafi farið fram árið 2005. Skattstjóri taldi mun á kaupverði og fasteignamatsverði þeim til tekna sem laun, sbr. 1. tölul A-liðar 7. gr., sbr. 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. tskl.

YSKN taldi ekki ástæðu til þess að efast um ráðagerðir kæranda um kaup fasteignarinnar, en slíkum ráðagerðum verður ekki líkt við kaup. Var því fallist á með skattstjóra að kaup hafi farið fram árið 2005.

Þar sem umræddur mismunur kaupverðs og matsverðs fasteignarinnar féll ekki undri neina lögleyfða úthlutun fjármuna úr félaginu var tekið undir með skattstjóra að virða eigi mismun kæranda um til tekna.

Í þessum úrskurði staðfesti yfirs kattane fnd að tekjuviðbót kæranda vegna viðskiptanna fæli í sér ólögmetta úthlutun verðmæta af fjármunum félagsins (dulinn arður) sem virða bæri sem skattskyldar launatekjur kæranda.

77/2009

Sala íbúðarhúsnæðis – Fjármögnunarkostnaður endurbóta

Í máli þessu var deilt um ákvörðun fjárhæðar söluhagnaðar vegna sölu íbúðarhúsnæðis í eigu kæranda, nánar tiltekið ákvörðun stofnverðs hins selda húsnæðis.

Kærandi krafðist þess að telja bæri kostnað vegna lána til að fjármagna endurbætur á húsnæðinu til stofnverðs þess. YSKN þótti leiða af skilgreiningu 2. mgr. 12. gr. tskl. að slíkur fjármagnskostnaður vegna endurbóta geti ekki talist til stofnverðs.

Yfirs kattane fnd nefndi einnig að hliðstæður kostnaður sem fellur á við kaup fasteignar telst ekki til stofnverðs þess í framangreindum skilningi.

Niðurstaða yfirs kattane fndar er í samræmi við úrskurðaf framkvæmd.

78/2009

Yfirfæranlegt tap – Samruni – 1. mgr. 54. gr. – Sambærilegur rekstur

RSK felldi niður frádrátt yfirfærðs rekstrar taps frá He ehf. og K ehf sem færður var í skattskilum kæranda vegna samruna nokkurra einkahlutafélaga við kæranda. RSK byggði endurákvörðun sína á að skilyrði 1. mgr. 54. gr. hafi ekki verið uppfyllt og að samruni hafi ekki verið framkvæmdur í eðlilegum rekstrarlegum tilgangi.

Í kæru til yfirs kattane fndar var því teflt fram að afkoma He ehf. og K ehf. hafi nánast eingöngu ráðist af afkomu kæranda og því megi líta svo á að rekstrar tap félaganna hafi myndast í sams konar rekstri og kærandi hafði með höndum.

Yfirs kattane fnd felld ekki á þessi rök og sagði að líta yrði á starfsemi hvers félags um sig þegar tekin er afstaða til þess hvort ákvæði 1. mgr. 54. gr. tskl. séu uppfyllt. Fyrir lá að starfsemi félaganna He ehf. og K ehf. fólst eingöngu í kaupum og eignarhaldi á hlutbréfum en aðalstarf-

semi kæranda fólst óumdeilanlega í verslunarvinnu og viðgerðum á bílum. Yfirs kattane fnd þótti heldur ekki nægja að kærandi hefði með höndum eignarhald á öðrum félögum þannig að hann hefði með höndum sams konar rekstur og He ehf. og K ehf., en á því var byggt af hálfu kæranda. Líta yrði á aðalstarfsemi félaga þegar skýra bæri hvort skilyrði 1. mgr. 54. gr. ætti við.

Var því ekki fallist á að um sams konar starfsemi hafi verið að ræða, þrátt fyrir að kærandi hafi farið með eignarhald í dótturfélögum. Féllst YSKN á með RSK að vandséð yrði að ráðstafanir kæranda hafi verið í rekstrarlegum tilgangi, sérstaklega þar sem eignir kæranda höfðu aukist óverulega en skuldir hækkar verulega.

Niðurstaða yfirs kattane fndar er í samræmi við úrskurðaf framkvæmd.

79/2009

Reiknað endurgjald – Dulinn arður – Valdþurrð skattstjóra

Skattstjóri hafði hækkað reiknað endurgjald kæranda og tekjur vegna dulins arðs. YSKN taldi að þar sem RSK hafði veitt skattstjóra heimild til að annast athugun á réttmæti skattframtals kæranda, sbr. 1. mgr. 89. gr. tskl., hafi skattstjóri verið innan valdheimilda sinna við endurákvörðun sína.

Breyting sú sem tók gildi með lögum nr. 133/2001, þar sem heimild til að telja óheimila úthlutun verðmæta til tekna tók gildi 1. janúar 2002 og því stöðst ekki hjá skattstjóra að skattleggja meinta lánveitingu sem launatekjur. Féllst YSKN að öðru leyti á skattlagningu dulins arðs (lánveitinga) frá S ehf.

YSKN taldi að umfang starfs, þ.e. vinnu-
magn, hafi grundvallarþýðingu við ákvörðun reiknaðs endurgjalds. Kærandi gerði ekki glögga grein fyrir vinnuframlagi sínu þrátt fyrir að skattstjóri hafi véfengt að hann hafi dregið úr vinnuframlagi sínu vegna aldurs, heldur lét sitja við almennar staðhæfingar um skerta starfsorku. YSKN féllst á ákvörðun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi og leit til þess að skattstjóri hafi ekki ákvarðað kæranda fulla fjárhæð reiknaðs endurgjalds samkvæmt þeim viðmiðunarflokki sem hann taldi eiga við í tilviki kæranda.

Niðurstaða yfirsattanefndar er í samræmi við úrskurðaf framkvæmd.

81/2009

Rekstrarkostnaður – Stofn- kostnaður – Skattranssókn vs. skatteftirlit – Vettvangsferð – Rökstuðningur – Ómerking að hluta vegna formgalla

Skattstjóri endurákvarðaði kæranda opinber gjöld vegna skoðunar á réttmæti frádráttar. Kærandi krafðist ógildingar úrskurðar þar sem hann hafi sætt skattranssókn í skilningi 102. og 103. gr. tsl. og regl. 373/2001. YSKN taldi að þar sem endurákvörðun skattstjóra varðaði eingöngu réttmæti frádráttarliða hafi skattstjóri ekki farið út fyrir verkahring skatteftirlits, sbr. 2. og 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. regl. 373/2001.

YSKN taldi að í forsendum skattstjóra hafi falist mat skattstjóra að kærandi hafi greitt of hátt verð fyrir hina keyptu muni, en fór ekki með tilviki eftir 57. gr. tskl. um óvenjuleg skipti í fjármálum. Þar skattstjóra því að sýna fram á, svo að óyggjandi væri, að samningsverð í viðskiptum aðila hafi verið óeðlilegt, þar sem skattstjóri hafði ekki lagt sérstakt mat á þetta var úrskurður skattstjóra varðandi þetta atriði ómerktur.

Yfirsattanefnd þótti skattstjóri ekki hafa sýnt fram á það með óyggjandi hætti að samningsverð í umræddum viðskiptum hafi verið óeðlilegt. Skattstjóri hafi ekki tekið afstöðu til þeirra gagna sem þó lágu fyrir í málinu, sem yfirsattanefnd taldi að skattstjóri hefði vel getað gert án vandkvæða. Skattstjóri skaut þ.a.l. ekki nægum stöðum undir ákvörðun sína sem var ómerkt af þeim sökum. Yfirsattanefnd tekur fram að ákvæði 2. mgr. 57. gr. tsl. sé sérákvæði sem túlka beri þröngt gagnvart 1. mgr. 57. gr. tsl.

125/2009

Óheimilt lán – Dulinn arður – Lagatilvísun

Skattstjóri færði kæranda til tekna tilfærð lán frá K ehf. á árunum 2002, 2003 og 2004. Skattstjóri leit svo á að um væri að ræða óheimila úthlutun af fjármunum ehf. sem skattleggja bæri hjá kæranda, sbr. 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tsl.

Kærandi taldi skattstjóra ekki hafa tekið rökstudda afstöðu til þeirra sjónarmiða að virða bæri umræddar úttektir sem arð. YSKN taldi skattstjóra hafa tekið afstöðu til þeirrar málsástæðu og hafnað m.a. með vísan til tilgreiningar og færslna í skattskilum kæranda og K ehf. Skattstjóri hafði einblínt á ákvæði 7. gr. tsl. sem sköttunarheimild í máli kæranda og tók fram að 1. mgr. 11. gr. tsl. hafi ekki átt við. YSKN taldi lagatilvísun skattstjóra ekki nægjanlega markvissa þar sem umrædd ákvæði 7. gr. eigi að skýra til samræmis við 2. mgr. 11. gr. tsl. Ekki þótti efni til að ómerkja úrskurð skattstjóra af þessum sökum.

YSKN taldi óumdeilt í málinu að kærandi hafi fengið lán hjá K ehf. á umræddum tekjuárum og óumdeilt að farið hafi verið með umþrættar greiðslur sem lán til hluthafa félagsins. Þar sem ekki var farið með hinar umdeildu greiðslur sem lögmæta úthlutun á fjármunum félagsins, sbr. 73. gr. laga nr. 138/1994, var ekki fallist á það með kæranda að líta beri á umþrættar úttektir hans sem venjulega arðsúthlutun, enda var ekki fullnægt lagaskilyrðum um úthlutun arðs, sbr. XII. kafla laga nr. 138/1994. YSKN taldi að ekki væri um venjuleg viðskiptalán að ræða, sérstaklega í ljósi þess að kærandi var eigandi, stjórnarmaður og framkvæmdarstjóri K ehf.

Þar sem kærandi var hluthafi og framkvæmdastjóri K ehf. var fallist á að fara ætti með umrædda úthlutun sem launatekjur kæranda burtséð frá því hvort kærandi reiknað sér endurgjald.

Niðurstaða yfirsattanefndar er í samræmi við úrskurðaf framkvæmd.

156/2009 –

Vaxtabætur – Lán tekið á síðasta ársfjórðungi

Kærandi krafðist þess að fá greiddar vaxtabætur miðað við allt árið 2007 í stað eins ársfjórðungs. Kærandi keypti íbúðarhúsnæði sitt 7. nóvember 2007 og tók fasteignaveðlán vegna þess á sama tíma.

Samkvæmt 8. og 9. málsl. 4. mgr. B-liðar

68. gr. tsl. ber við ákvörðun vaxtabóta á því ári þegar maður, sem hefur ekki fengið vaxtabætur árið áður, aflar sér íbúðarhúsnæðis að reikna vaxtabætur frá og með þeim ársfjórðungi þegar fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið á þann hátt sem greinir í framangreindum málsliðum. Leiddi sá útreikningur óhjákvæmilega til skerðingar á vaxtabótum kæranda vegna hlutföllunar á lögbundnu hámarki vaxtagjalda og vaxtabóta, skv. 3. mgr. og 10. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. tsl.

Þar sem skattstjóri hafði ákvarðað vaxtabætur kæranda gjaldárið 2008 í samræmi við lög var öllum kröfum kæranda hafnað.


Niðurstaða yfirsattanefndar er í samræmi við úrskurðaf framkvæmd.

170/2009

Oftalin rekstrargjöld – launþegi/ verktaki – reiknað endurgjald – oftalinn innskattur- álag

Deilt var um hvort starfssamband kæranda og framkvæmdastjóra þess væri í raun launþegasamband, en framkvæmdastjóri félagsins hafði gefið út sölureikninga til kæranda vegna starfa sem hann vann í þágu kæranda. Yfirsattanefnd þótti sann að starfssamband kæranda og framkvæmdastjóra þess væri með þeim hætti að líta bæri á það sem launþegasamband og að hann ætti að reikna sér endurgjald í samræmi við viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald. Ríkisskattstjóri lækkaði einnig innskatt kæranda vegna umræddra reikninga, útgefnum af framkvæmdastjóra félagsins. Skilyrði fyrir álagsbeitingu voru fyrir hendi.

Niðurstaða yfirsattanefndar er í samræmi við úrskurðaf framkvæmd.



Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar

Dómur Hæstaréttar Íslands 23. júlí 2009 í máli nr. 382/2009



Guðrún Jenný
Jónsdóttir

Með lögum nr. 24 sem samþykkt voru á Alþingi 31. mars síðastliðinn var nýjum kafla bætt við lög um gjaldþrotaskipti o.fl. Í þessum nýja kafla kemur fram að einstaklingur, sem sýnir fram á að hann sé og verði um ófyrirséða framtíð ófær um að standa við skuldbindingar sínar, geti leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Í því felst að unnt er að semja við kröfuhafa um t.d. algera eftirgjöf skulda, lækkun þeirra, gjaldfrest eða greiðslu með hlutdeild í afborgunarfjárhæð. Þessu nýja úrræði er ætlað að ná til almennra launþega en ekki til einstaklinga sem hafa verið í sjálfstæðum rekstri nema þeim atvinnurekstri hafi

verið hætt og að tiltölulega lítill hluti af heildarskulduinum tilheyri atvinnurekstrinum. Samhliða þessari lagasetningu voru samþykkt lög sem breyttu lögum um tekjuskatt í þá veru að niðurfelling eða lækkun skulda sem verður vegna nauðasamnings til greiðsluaðlögunar teljist ekki til skattskyldra tekna. Í dómi Hæstaréttar frá 23. júlí síðastliðnum reyndi á þetta nýja úrræði.

A sótti um heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar til héraðsdóms Reykjavíkur. Í beiðninni kom fram að A væri lærður mállari og að hann hefði starfað við fag sitt undanfarin ár. Þá kom einnig fram að hann væri óvinnufær vegna veikinda og hefði verið það frá árinu 2007. Með beiðninni fylgdi ítarleg greiðsluáætlun þar sem fram kom að áætluð framfærsla væri rétt rúmlega kr. 180.000 á mánuði. Greiðslugeta væri rétt um kr. 4.700 á mánuði að teknu tilliti til framfærslu en heildarskuldir næmu um kr. 2.500.000.

Í úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að A hafi talið fram reiknað

endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi á skattframtali 2007 vegna tekjuársins 2006. A hafi engar aðrar tekjur talið fram vegna þessa tekjuárs. Ekki lá fyrir framtal vegna tekjuársins 2007 en samkvæmt upplýsingum frá skattstjóra hafði hvorki verið greidd staðgreiðsla vegna A né skilað inn launamiða. Á skattframtali vegna tekjuársins 2008 hafði A tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, Íslenska lífeyrissjóðnum og félagsmálayfirvöldum. Á þeim árum sem A stofnaði til þeirra skulda sem nauðasamningur um greiðsluaðlögun átti að ná til hafði hann með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur. Þar sem A hafði ekki gert grein fyrir því hvort að skuldirnar væru tilkomnar vegna atvinnurekstrarins synjaði héraðsdómur beiðni hans um nauðasamning til greiðsluaðlögunar.

A kærði úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar sem staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísan til forsendna.

Tvísköttunarmál

Dómur Hæstaréttar Íslands 16. júní 2009 í máli nr. 270/2009

Ísland hefur gert fjölmarga tvísköttunarsamninga við erlend ríki. Í þessum samningum er kveðið á um hvernig ríkin skipta skattlagningarrétti á tekjum á milli sín og hvaða aðferðum beri að beita til að koma í veg fyrir tvísköttun.

Í máli því sem hér um ræðir hafði stefnandi, sem bar fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, haft tekjur frá íslenskum aðilum og frá sænskum og

færeyskum. Stefnandi hélt því fram að sú aðferð sem skattstjóri beitti til að koma í veg fyrir tvísköttun fæli í sér skerðingu á persónuafslætti sem næmi hlutfalli hinna erlendu tekna af heildartekjum. Af þessum sökum hafi stefnandi ofgreitt tekjuskatt frá árinu 1999 og krafðist stefnandi ógildingar á álagningu opinberra gjalda árin 1999, 2001, 2002, 2003, 2005, 2006, 2007 og 2008.

Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á frávísunarkröfu íslenska ríkisins á þeim forsendum að krafa stefnanda gengi of langt. Hefði verið fallist á stefnukröfur þá hefði álagning á íslenskar tekjur sem skattleggjast eiga hér á landi fallið niður.

Stefnandi kærði frávísun héraðsdóms til Hæstaréttar sem staðfesti frávísunina með tilvísan til forsendna.

...sem þjófur að nóttu ?



Atvinnuleysisbætur eru sérstakar framfærslubætur sem þeim einum eru ætlaðar sem misst hafa atvinnu sína.

Þess eru nú dæmi að fólk skrái sig atvinnulaust og stundi síðan launuð störf án þess að yfirvöld hafi vitneskju um slíkt.

Með slíkum svikum er vegið að velferðarkerfi því sem komið hefur verið á og greitt er af skattgreiðendum. Skal ósagt látið hvort slíkt háttalag sé hóti betra en þjófnaður að nóttu.

Ríkisskattstjóri og Vinnumálastofnun hvetja almenning til að veita þeim aðhald sem vanvirða það velferðarkerfi sem haldið er uppi með sköttum og greiðslu bóta til þeirra sem réttilega þurfa á þeim að halda. Misnotkun á bótarétti og undandráttur tekna kann að varða refsingu og sviptingu réttinda.

Svik á atvinnuleysisbótum og svört vinna verða ekki liðin.

Með samstilltu átaki þjóðarinnar er unnt að útrýma svartri vinnu og svikum á atvinnuleysisbótum.

Tekið er við nafnlausum ábendingum um svik á atvinnuleysisbótum á www.vmst.is/abending og um svarta vinnu á www.rsk.is/abending.



VINNUMÁLA
STOFNUN



RÍKISSKATTSTJÓRI